

Efnisyfirlit

Inngangur og samantekt	4
1. Að Innleiða menntastefnu á tímum COVID-19.....	6
Fagleg stjórnun og samstarf á tímum faraldurs	7
Leiðtogi framtíðarinnar er teymið	8
Kennarar og starfsfólk í framlínu í heimsfaraldri.....	9
Gagnasöfnun og upplýsingagjöf	10
Áhrif á samstarf og verkefni á fagskrifstofu SFS.....	11
2. Teymisvinna á skrifstofu SFS	13
Teymi fagskrifstofu	13
Starfsþróunarhópur.....	14
3. Starfsþróun, námskeið og fræðsla	15
Námskeið – ráðstefnur – lærdómssamfélög – fræðslufundir	16
Samstarf SFS og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.....	21
4. Miðlun upplýsinga, kynningar og kynningarefni um menntastefnuna	24
Menntastefnuvefurinn	26
5. Starfsáætlanir	27
Leikskólar	27
Frístundastarf	28
Grunnskólar	28
6. Mælikvarðar	29
7. Almennar aðgerðir	31
Nýsköpunarmiðja menntamála NýMið	32
Upplýsingatækni.....	33
Barnasáttmálinn – Opinskátt um ofbeldi og önnur verkefni tengd velferð og réttindum barna..	35
Jafnréttisskóli Reykjavíkur	36
Barnamenning	37
Alþjóðasamstarf og styrkir	37
Þróunar- og nýsköpunarsjóðurinn „Látum draumana rætast“	38
Læsi.....	39
Sérstakur stuðningur	41
Sérstök áhersla á stuðning við börn af erlendum uppruna.....	44
Aukið vægi náttúrugreina, stærðfræði, list- og verkgreinar.....	46
Aðbúnaður.....	50
Fjölgun fagmenntaðs starfsfólks	50
Næstu skref	51

Fylgiskjöl	52
1. Útbreiðsla Covid-19 innan SFS - stöðutaka 2. desember 2020	52
2. E R I N D I S B R É F Starfshópur um innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030	60
3. ERINDISBRÉF FAGSKRIFSTOFU SFS	62
4. Samantekt á áherslum SFS varðandi grundvallarpáttinn Félagsfærni í tengslum við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur.	63
5. Samantekt á starfsþróun i upplýsingatækni árið 2020.....	78
6. Tími til að tengja	81
7. mælikvarðar.....	82
8. Yfirlit yfir alþjóðaverkefna í umsjón verkefnastjóra alþjóðasamstarfs og styrkja frá árinu 2019 .	94
9. Ítarlegar upplýsingar um verkefni í A-hluta þróunar- og nýsköpuarsjóðs.....	95
10. Yfirlit yfir B- hluta styrki skólaárið 2020-2021	97
11. Yfirlit yfir lærdómssamfélög, ráðgjöf, fræðslufundi og fjölbreytt samstarf MML árið 2020.....	98
12. Tillögur Evrópunefndar um skólastarf án aðgreiningar.....	101
13. Yfirlit yfir þjónustu Velferðarsviðs sem tengist börnum, unglingum og fjölskyldum í borginni	102
14. Samstarfs- og styrktarsamningur SFS og RÚV	104
15. Yfirlit á búnaðarkaupum 2019 og 2020	108
16. Breytingar á húsnæði SFS árin 2019 og 2020	110
17. Fjölgun í grunnnám á Menntavísindasviði	118

Inngangur og samantekt

Hér lítur dagsins ljós þriðja¹ stöðuskýrslan vegna innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Í skýrslunni er farið yfir helstu skrefin í innleiðingu stefnunnar árið 2020 en flóknar áskoranir einkenndu skóla- og frístundastarf borgarinnar allt árið. Vonskuveður og verkföll settu mark sitt á fyrstu vikurnar og fast á eftir fylgdi heimsfaraldur. Segja má að hver dagur hafi falið í sér lærdóm og spurninguna „hvernig getum við leyst málin“. Ljóst er að starfsfólk hefur teygst sig langt út fyrir hefðbundinn ramma í starfi sínu og unnið þétt saman. Þá hefur mikið reynt á börnin, unglingana og foreldrana sem hafa þurft að takast á við nám og leik í gjörbreyttum aðstæðum. Hugtök menntastefnunnar um faglegt samstarf, seiglu, vaxtarhugarfar og nýsköpun endurspeglast í þeim lausnum sem þróaðar hafa verið í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum, skólahljómsveitum og á skrifstofu sviðsins.

Markmiðið með innleiðingu [menntastefnu Reykjavíkur til ársins 2030](#) er fjölbætt og snertir alla fleti daglegs starfs í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar. Innleiðingarferlið er lærdómsferli eða leiðangur sem felur í sér samvirkni fjölmargra þátta þar sem starf með börnum og unglingum annars vegar og stuðningur í formi starfsþróunar og almennra aðgerða hinsvegar, fléttast saman í eina heild. 2021 lýkur fyrstu þremur árum innleiðingarinnar og þrátt fyrir ágjöf allt síðastliðið ár er magnað að sjá þann kraft og seiglu sem einkennir skóla- og frístundastarfið í borginni.

Fjöreggið í innleiðingu menntastefnunnar er án efa þróunar- og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs sem gerir öllum starfsstöðum kleift að velja sínar áherslur í innleiðingu stefnunnar. Í starfsáætlunum starfsstaða er gerð grein fyrir því með hvaða hætti er byggt á stefnunni. Því til viðbótar eru einstök stærri verkefni sem leggja menntastefnuna til grundvallar í uppbyggingu og breytingarferli. Dæmi um það eru *Draumaskólinn Fellaskóli* þar sem unnið er að innleiðingu nýrra starfs- og kennsluhátta með áherslu á leiðsagnarnám, eflingu máls og læsis, tónlistar og sköpunar. Einnig *Víkurskóli*,

Lykiltölur

- ❖ +6.500 þátttakendur í starfsþróun
- ❖ 130 börn á sumar námskeiði í íslensku
- ❖ 25 börn í Birtu stoðdeild fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd
- ❖ 31.072 heimsóknir á menntastefna.is árið 2020
- ❖ +400 verkfæri í verkfærakistu
- ❖ 360 ný myndbönd á Vimeo
- ❖ 46.000 áhorf á Vimeo myndbönd
- ❖ 170 verkefni í A-hluta fengu styrk
- ❖ 25 umsóknir og 10 styrkt verkefni í B-hluta
- ❖ 8 verkefni í B-hluta unnin í samvinnu við fræðasamfélagið
- ❖ 125,5 m.kr í styrki fyrir 33 alþjóða verkefni
- ❖ 32% fjölgun í grunnnám á MVS HÍ alls 980 umsóknir
- ❖ 72% fjölgun í leikskólakennaranámi
- ❖ 76% fjölgun í kennslufræði yngri barna
- ❖ 49% fjölgun í tómstunda- og félagsmálafræði
- ❖ 118 námsleyfi veitt til leikskólastarfsfólks
- ❖ 34 námsleyfi veitt til starfsfólks í frístundastarfi

nýr unglingaskóli í norðanverðum Grafarvogi sem leggur sérstaka áherslu á nýsköpun. Þá er stefnan lögð til grundvallar í þróun nýrra skóla eða menntastofnana s.s. eins og í Vogabyggð og Skerjafirði. Verið er að undirbúa rafrænt [Mennta-Stefnumót](#) sem haldið verður 10. maí en það er hugsað sem uppskeruhátíð þess þróunar- og nýsköpunarstarfs sem unnið hefur verið að fyrstu ár innleiðingar auk þess sem boðið verður upp á fræðslu sem tengist áherslum stefnunnar. Búið er að stofna [framτίðarhóp](#) sem hefur það hlutverk að leggja mat á hvernig til hefur tekist við innleiðingu stefnunnar síðastliðin ár og leggja fram aðgerðaráætlun fyrir næstu þrjú ár.

¹ [Mótun menntastefnu og fyrstu skref innleiðingar júní 2019](#)
[Menntastefna – staða innleiðingar desember 2019](#)

Í innleiðingarferlinu er lögð áhersla á samráð og samvinnu við starfsfólk og börn í skóla- og frístundastarfi borgarinnar auk þess sem leitast er við að miðla á fjölbreyttan hátt því starfi sem unnið er á starfsstöðum og skapa með því lærdómssamfélag sem nær þvert á starfsstaði. Skýrslan sem hér fer á eftir er liður í að safna saman þeim upplýsingum sem liggja fyrir og miðla þeim áfram.

Uppbygging skýrslu

Skýrslan skiptist í sjö meginkafla. Ekki er um tæmandi lýsingu eða upptalningu að ræða á öllum þeim fjölmörgu verkefnum sem unnin hafa verið heldur er fyrst og fremst leitast við að gefa mynd af því helsta sem tengist innleiðingu menntastefnunnar.

Í fyrsta kafla er fjallað um áhrif heimsfaraldurs á innleiðingu stefnunnar en þrátt fyrir áskoranir er kannski mikilvægast í þessu sambandi að draga lærdóm af verkefnum ársins og tengja við innleiðinguna. Markmiðið með kaflanum er að varpa ljósi á þennan lærdóm og taka saman á einn stað það helsta sem tengdist breyttum starfsháttum og verkefnum vegna COVID-19.

Í öðrum hluta er sagt frá teymisvinnu á skrifstofu SFS en þar er markmiðið að sýna fram á það hvernig sköpuð er yfirsýn og samvirkni á milli deilda skrifstofunnar þannig að miðlun upplýsinga á milli málaflokka (leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs) og grundvallarþátta menntastefnunnar sé höfð að leiðarljósi.

Þriðji kafli fjallar um starfsþróun sem myndar rauðan þráð í öllum aðgerðum sem tengjast innleiðingu stefnunnar. Þar er annarsvegar sagt frá starfsþróun á vegum skrifstofu SFS og hinsvegar þeirri starfsþróun sem verið er að byggja upp í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ.

Í fjórða kafla er sagt frá kynningum á stefnunni, farið yfir vef menntastefnunnar og það kynningarefni sem hefur orðið til en mikil áhersla er lögð á samræmt útlit þess efnis sem útbúið er og tengist stefnunni.

Fimmti kafli lýsir því með hvaða hætti starfsáætlanir starfsstaða byggja á menntastefnunni og gefin eru dæmi um starfsáætlanir skóla og frístundamiðstöðva.

Sjötti kafli fjallar um vinnu við þróun mælikvarða menntastefnunnar. Þar er farið yfir það hversu vandlega þarf að velja og þróa mælikvarða sem raunverulega mæla það sem þeim er ætlað auk þess sem gott samráð þarf að ríkja um val á mælikvörðum.

Sjöundi kafli er umfangsmikill enda er þar leitast við að gefa mynd af þeim verkefnum sem unnið hefur verið að í tengslum við almennar aðgerðir sem samþykktar voru samhliða menntastefnunni. Eins og þar kemur fram er rík áhersla lögð á að fagfólk á vettvangi skóla- og frístundastarfsins útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað og með virkri þátttöku barna og unglinga en njóti til þess stuðnings í formi almennra aðgerða. Almennu aðgerðirnar eru hryggjarstykkið í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs og fela í sér þær áherslur sem Reykjavíkurborg hefur skuldbundið sig til að vinna að fyrstu þrjú árin með nauðsynlegum stuðningi.

Fylgiskjöl. Um helmingur skýrslunnar er í formi fylgiskjala sem útskýra betur ákveðin atriði. Hægt er að smella beint á viðeigandi fylgiskjal í textanum og neðst í hverju fylgiskjali er hægt að smella á tengil sem flytur lesanda aftur á upphafsstað í textanum.

Reykjavík, janúar 2020

Fyrir hönd innleiðingarhóps

Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju
Hjörtur Ágústsson, verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja



Innleiðingarhópur menntastefnu:

Dröfn Rafnsdóttir, Miðju máls og læsis
Fríða Bjarney Jónsdóttir, NýMið
Guðmundur Guðbjörnsson, fjármála- og rekstrarþjónustu
Guðný Reynisdóttir, mannauðsþjónustu
Guðrún Hjartardóttir, skrifstofa sviðsstjóra
Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, skrifstofu sviðsstjóra
Jóhanna H. Marteinsdóttir, mannauðsþjónustu
Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólahluta fagskrifstofu
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, frístundahluta fagskrifstofu
Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, grunnskólahluta fagskrifstofu
Hjörtur Ágústsson sem starfsmaður Framtíðarhóps

1. Að Innleiða menntastefnu á tímum COVID-19

Það er nokkuð ljóst að áhrif COVID-19 á innleiðingu menntastefnunnar eru margvísleg og varla til það verkefni sem ekki þurfti að breyta eða sveigja til vegna sóttvarnaaðgerða. Strax í upphafi faraldursins voru skilaboðin skýr, markmiðið væri að tryggja eftir fremsta megni að menntun barna yrði órofin og að skóla- og frístundastarfi skyldi haldið gangandi. Þá voru líka mjög ákveðin skilaboð um að ráðgjöf, stuðningi og starfspróun á vegum miðlægrar skrifstofu yrði órofin. Því var leitast við að finna lausnir og breyta öllum samskiptum yfir í streymi, upptökur og fjarfundi í stað þess að fella niður og afboða fundi, fræðslu og ráðstefnur.

Menntastefnan felur í sér ákveðna sýn og hugtök sem styðja við þau viðbrögð sem hafa verið ríkjandi allt frá upphafi faraldursins, viðbrögð sem einkennast af fagmennsku, yfirvegun og lausnarleit. Í menntastefnunni er lögð áhersla á að byggt sé upp lærdómssamfélag og faglegt samstarf í menntakerfinu öllu. Teymisvinna, tengsl, traust, samvinna og skilningur eru þar grundvallarhugtök og rauður þráður í gegnum vinnuna síðustu mánuði. Þá er í stefnunni lögð áhersla á að byggja upp leiðtoga en góður leiðtogi þarf að sýna þrautseigju og trú á eigin getu ásamt því að tileinka sér vaxtarhugarfar.

Samstarfið undanfarna mánuði hefur einkennst af því að stjórnendur og starfsfólk í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi hefur unnið þétt saman að því að finna lausnir, prófa nýjar leiðir, gera mistök, prófa aftur og bregðast við í aðstæðum sem fyrir nokkrum mánuðum hefðu þótt óhugsandi. Tæknilegar áskoranir hafa bæst við samfélagslegar áskoranir ársins 2020 og líklega hefur framþróun aldrei verið meiri í notkun tækni á starfsstöðum borgarinnar. Síðustu mánuðir hafa því kallað á nýsköpun sem hefur líklega haft meiri áhrif á innleiðingu menntastefnunnar og framtíðaráherslur í skóla- og frístundastarfi en nokkurn óraði fyrir í upphafi árs. Sýn og áherslur menntastefnunnar hafa verið mikilvæg leiðarljós á þeirri vegferð.

Fagleg stjórnun og samstarf á tímum faraldurs

Föstudagurinn 13. mars markaði þátttaskil í skóla- og frístundastarfi borgarinnar en þann dag kom ríkisstjórn Íslands saman og boðað samkomutakmarkanir frá mánudeginum 16. mars. Dagana á undan var ljóst í hvað stefndi. Þannig var undirbúningur þegar hafinn fyrir fund með grunnskólastjórum sama dag til að kynna stuðning við skólana þar sem ljóst var að aukin þörf var fyrir fjarkennslu eða nám stutt af neti.

Á fimmtudagskvöldi kom hins vegar í ljós að breyta þyrfti dagskrá fundarins og nýta hann sem undirbúning fyrir endurskipulag skólastarfs á komandi vikum á grunni gildandi reglugerðar. Síðar sama dag voru einnig skipulagðir fjarfundir fyrir leikskólastjóra og stjórnendur í frístundastarfi sem fóru fram þessa helgi og þar með hófst vinnulag í samskiptum stjórnenda á vettvangi og skrifstofu SFS sem hefur haldist.

Á föstudagsmorgninum sátu starfsmenn grunnskólaskrifstofu og fulltrúar Nýsköpunarmiðju á undirbúningsfundi en þá var búið að flytja fyrirhugaðan fund með grunnskólastjórum á Menntavísindasvið HÍ til að hægt væri að streyma honum þannig að sem fæstir grunnskólastjórar þyrftu að koma í hús og plássið væri nægt. Fulltrúar frá MVS, sambandi sveitarfélaga, menntamálastofnun og RÚV, sem í samvinnu við MMR hafði ákveðið að setja á laggirnar menntasjónvarp, höfðu samþykkt að koma á fundinn og voru skilaboðin þau að við værum í þessu saman. Sá samstarfsvilji hefur einkennt allt árið og mögulega gert það auðveldara að vinna saman í gegnum fjarfundarbúnað heldur en með tímafrekum ferðum á milli staða. Soffía Vagnsdóttir var fulltrúi skólasamfélagsins á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar og fór beint þangað af undirbúningsfundi og síðan á fundinn á MVS.

Áhrif faraldursins á samstarf og framkvæmd í skóla og frístundastarfi hafa frá fyrsta degi verið gríðarleg og hafa stjórnendur sýnt fádæma fagmennsku og leiðtogaþæfni. Starfið á vettvangi hefur tekið stöðugum breytingum og mikið hefur mætt á stórnendum og starfsfólki við að undirbúa, skipuleggja og framkvæma skóla- og frístundastarf miðað við gildandi reglugerðir á hverjum tíma, oft yfir helgi og með stuttum fyrirvara.



Mynd frá blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar 13. mars.

Fyrsta auglýsingin um takmarkanir á skóla- og frístundastarfi til að hægja á útbreiðslu COVID-19 var gefin út 13. mars 2020 og tók gildi mánudaginn 16. mars 2020. Takmarkanir fólu m.a. í sér:

- Grunnskólar mega hafa kennslu í skólabyggingum ef þeir tryggja að ekki séu fleiri en 20 nemendur í sömu kennslustofu og að nemendur blandist ekki milli hópa, til dæmis í mötuneyti eða frímínútum. Eins þarf að þrifa eða sótthreinsa skólabyggingarnar eftir hvern dag. Leikskólar mega hafa opið og halda uppi leikskólastarfi ef þeir tryggja að börn séu í sem minnstum hópum og aðskilin eins og kostur er. Eins þarf að þrifa eða sótthreinsa leikskólabyggingar eftir hvern dag.

Leiðtogi framtíðarinnar er teymið

Frá upphafi faraldursins hefur verið áhugavert fyrir íslenskt samfélag að fylgjast með framgöngu þríeykisins svokallaða sem hefur af yfirvegun, fagmennsku og auðmýkt leitt samfélagið í gegnum hverja bylgju faraldursins á fætur annarri. Pétur Arason frumkvöðull fjallar um [þríeykið í viðtali á Vísi síðastliðið sumar](#) og telur vinnu þess gott dæmi um að teymi virki betur en einstakir stjórnendur.

Það er áhugavert að skoða samstarf stjórnenda á SFS í ljósi reynslunnar af teymisvinnu þríeykisins. Þar hefur framganga stjórnenda sviðsins, með sviðsstjóra og fagstýrur í forystu og í náinni samvinnu við stjórnendur í skóla- og frístundastarfi, vakið athygli. Sviðsstjóri var skilgreindur sem aðalfulltrúi í neyðarstjórn borgarinnar og átti hann því kost á að taka



þátt í þeim ákvörðunum sem teknar voru og hafa aðgang að upplýsingum um stöðu og aðgerðir hjá öllum sviðum borgarinnar. Skóla- og frístundasvið skipaði eigin neyðarstjórn en í henni áttu sæti öll framkvæmastjórnin auk Eyglóar Traustadóttur, verkefnisstjóra á skrifstofu sviðsstjóra, en hennar hlutverk var að stýra upplýsingstreymi frá skrifstofunni til allra stjórnenda og taka við fyrirspurnum. Þá voru skipuð hjálpar- og samhæfingarteymi í öllum borgarhlutum en þeirra hlutverk var að samhæfa verklag þvert á borgina til að mæta þeim hópi barna sem ekki mættu í skólann og voru í leyfi að ósk foreldra. Tilgangurinn var að finna út með reglubundnum skráningum hversu mörg börn þetta væru, hver staða þeirra væri og hvernig hægt væri að mæta þörfum þeirra. Í teyminu sátu fulltrúar frá þjónustumiðstöð, frístundamiðstöð og skrifstofu SFS.

Vikulega eða oftara hafa stjórnendur á skrifstofu sviðsins fundað með sínum stjórnendahópum og veitt þeim upplýsingar sem byggja á gögnum, sjá umfjöllun hér neðar um gagnasöfnun. Spurningar sem upp koma hafa verið teknar saman og þeim sem ekki hefur verið unnt að svara á fundunum er vísað til neyðarstjórnar Reykjavíkur eða almannavarna og leitast við að senda sem fyrst svör til stjórnenda. Á fundum stjórnenda hafa þau öll stutt hvert annað með ráðum og dád og ætíð hefur verið leitast við að styðja sérstaklega við þá starfsstaði sem hafa búið við flóknari áskoranir en aðrir. Þessi leið, að funda reglulega með þessum hætti, hefur tryggt ákveðið frumkvæði og viðbragð við flóknum aðstæðum sem með teymisvinnu, samstarfi og skilningi hefur haft áhrif á stjórnendamenningu á sviðinu. Segja má að nálgunin sé sambærileg og hjá þríeykinu sem upplýsir, menntar og þykir vænt um samfélagið eins og [Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sagði um leið og hún þakkaði þeim fyrir vel unnin störf í fyrstu bylgju faraldursins](#).

Þessi framganga stjórnenda hefur án efa skilað miklu inn í starfsemi allra starfsstöðva og haft áhrif á kennara, starfsfólk, nemendur og foreldra eins og hefur mátt lesa um í fjölmiðlum. Í þriðju bylgju faraldursins komu upp mörg smit í Ölduselsskóla og var þetta haft eftir [Guðmundi Magnúsi Daðasyni formanni foreldrafélags skólans í viðtali á RÚV](#) þar sem hann segir að upplýsingagjöf skólans og samvinna hafi verið til fyrirmyndar:

„Fólki er fyrst og fremst brugðið yfir þessum tölum en það eru samt allir rólegir. Maður skynjar ekki annað og fyrst og fremst hugsar fólk kannski bara hlýtt til allra þeirra sem hafa smitast. Það er allra barnanna og ekki síður til starfsfólksins sem hefur náttúrulega staðið í framlínunni alveg síðan í vor.“

Alma Harris, bresk fræðikona á sviði skólastjórnunar, skrifaði áhugaverða grein á [árinu þar sem hún veltir fyrir sér þeirri stöðu sem skólastjórnendur hafa verið í á tímum faraldursins](#). Alma heldur því fram að faraldurinn leiði af sér miklar breytingar í stjórnun menntastofnana. Hver og einn er að glíma við afleiðingar faraldursins í smáu sem stóru og því þarf „gjaldmiðillinn“ í samskiptum fólks og samvinnu að breytast. Væntumþykja, þakklæti og samkennd eru þau skilaboð sem stjórnendur þurfa að senda um leið og þeir gera sanngjarnar kröfur til sjálfra sín og annarra. Með faraldrinum er skrifaður nýr kafli í stjórnun menntastofnana sem krefst nýrrar leiðtogafærni, segir Alma Harris. Hinn nýi leiðtogi þarf að vinna þétt með öðrum, deila ábyrgð og verkefnum og vera vel tengdur inn í menntakerfið allt. Þetta er einfaldlega límið sem heldur öllu og öllum gangandi segir Alma. Aftur er hér vísað í teymið sem hinn nýja leiðtoga og er áhugavert að skoða í tengslum við áherslur menntastefnunnar um fagmennsku og samstarf.

Kennarar og starfsfólk í framlínu í heimsfaraldri

Fljótlega í faraldrinum kom í ljós að kennarar og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi voru komnir í framvarðasveit á Íslandi. Eins og vikið var að hér að framan var lögð megináhersla á að halda starfinu gangandi eins vel og frekast væri unnt börnum og fjölskyldum þeirra til heilla þetta reyndi á mikla útsjónarsemi í starfsemi starfsstaða eins og kemur fram hér síðar, t.d. í tengslum við fjölda þeirra kennara sem færðu nám yfir á net. Sem dæmi fjölgaði virkum skólastofum á netinu í Google-classroom úr 600 í 1200 á fyrstu viku faraldursins. Þá voru dæmi um að leikskólar streymdu söng- og vínafundum til þess að þau börn sem væru heima gætu fylgst með skólastarfinu. Í fyrstu og þriðju bylgju faraldursins fluttu félagsmiðstöðvar nánast allt sitt starf yfir á netið og héldu úti stafrænu starfi af ótrúlegri elju og hugmyndaauðgi. Þá fluttist tónlistarkennsla að stórum hluta yfir á netið. Í þessum aðstæðum sýndi starfsfólk mikinn sveigjanleika og hugmyndaflug við að leysa málin. Góður samstarfsandi var ríkjandi þvert á sviðið og nokkur dæmi voru um að frístundaheimili byðu yngstu börnum grunnskólans þjónustu þegar skólastarf raskaðist vegna smits. Þá hlupu frístundaheimili í skarðið með þjónustu þegar íþróttastarf lagðist af vegna sóttvarnaraðgerða.



Starfsfólk deildi hugmyndum og verkefnum, m.a. í gegnum samfélagsmiðla og í rafrænum menntabúðum en margar af þessum hugmyndum hafa nú ratað inn í verkfærakistuna á [vef menntastefnunnar](#). Hér fyrir neðan eru dæmi um nokkur slík verkefni og hugmyndir:

- [Bók fyrir börn um COVID19 á nokkrum tungumálum](#)
- [Vínafundir og hreyfistundir í leikskólanum Rauðhól](#)
- [Frístundalæsi – skemmtileg foreldrahandbók](#)
- [Dagbók á tímum kórónaveiru fyrir grunnskólanemendur sem læra íslensku sem annað mál](#)
- [Handþvottalagið](#)
- [Líðan á tímum Covid](#)
- [Sönglög tónlistarkennara og barna á tímum Covid](#)

Starfsfólk í skóla- og frístundastarfinu sendi þannig sterk skilaboð út í samfélagið með samstöðu og samheldni. Dæmi um það var leikskólinn Rauðhóll sem hvatti til samstöðu meðal foreldra og starfsfólks með því að setja jákvæð skilaboð út í glugga þar sem stóð m.a. „Þetta lagast“.

Réttarholtsskóli sló í gegn í [fjölmíðlum og víðar](#) með dansgjörningi sem sýndi vel ástandið sem nemendur og starfsfólk bjó við í daglegum samkomutakmörkunum.

Þó að hér hafi verið leitast við að draga fram jákvæðar hliðar þess lærdóms sem faraldurinn færði okkur er ljóst að enn eru fjölmargar áskoranirnar. Fyrir utan þrotlausa vinnu við að endurskipuleggja daglegt starf og takast á við tæknilegar áskoranir í fjarfundarveruleika, hafa komið upp erfiðleikar með

Magnað drónamyndband af dansgjörningi Réttarholtsskóla



nettengingar og skort á tækjabúnaði fyrir nemendur og starfsfólk sem þurfti að vinna heima. Nemendur í viðkvæmri stöðu hafa þurft aukinn stuðning við heimanám, hluti nemenda hefur ekki mætt í skóla og erfitt hefur reynst að ná til ákveðinna hópa foreldra, s.s. eins og innflytjenda sem skorti réttar upplýsingar ekki síst í fyrstu bylgju faraldursins. Þegar um hægist verður vafalítið skoðað hvaða áhrif faraldurinn hefur haft í stærra samhengi en sú vinna er þegar hafin, s.s. með samantekt

viðamikillar skýrslu á SFS um faraldurinn og áhrif hans á skóla- og frístundastarf. Á Menntakviku 2. október 2020 voru kynntar fyrstu niðurstöður nokkurra rannsókna á áhrifum faraldursins, sjá m.a. [málstofu um leikskólastarf](#) og [málstofu um grunnskóla og tómstundastarf](#). Þá hefur Umboðsmaður barna safnað markvisst [upplýsingum frá börnum um þeirra reynslu](#) auk þess sem strax síðastliðið vor var hafist handa við að safna upplifunum barna í Reykjavík og verður þeim niðurstöðum miðlað á Barnamenningarhátíð í apríl 2021.

Gagnasöfnun og upplýsingagjöf

Grannt hefur verið fylgst með þróun faraldursins á öllum starfsstöðum SFS frá því í mars 2020. Á tölfraeðideild skrifstofu sviðsstjóra eru teknar saman upplýsingar um Covid-19 smit og sóttkví frá öllum starfsstöðvum einu sinni til tvisvar í viku. Tölurnar sýna virk smit á þeim tímapunkti hjá börnum og starfsfólki, bæði á starfsstöðum og miðlægri skrifstofu. Í [fylgiskjali 1](#) má sjá dæmi um umfangið á vinnslu upplýsinga frá einum tíma til annars en þar er miðað við stöðuna 2. desember 2020. Á milli stöðutöku er iðulega einhverjum sem batnar meðan önnur smit koma upp. Í gagnaöflun er einnig fylgst grannt með þjónustu á hverjum starfsstað, hverjir hafa lokað að hluta til eða að öllu leyti og eru starfsstaðir flokkaðir eftir því, sbr. töfluna hér fyrir neðan sem sýnir stöðuna 2. desember þegar allir starfsstaðir eru opnir.

Staða opnunar			
	Leikskóli	Grunnskóli	Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar
Opið - þjónusta skv. takmörkun á skólastarfi v. farsóttar	81	44	41
Úrvinnslusóttkví - Lokað að hluta á meðan smitrakning er í gangi	0	0	0
Úrvinnslusóttkví - Alveg lokað á meðan smitrakning er í gangi	0	0	0
Að hluta til lokað vegna staðfests smits	0	0	0
Alveg lokað vegna staðfests smits	0	0	0

Líkt og víðast hvar annars staðar í starfsemi SFS hefur drjúgur tími farið í að afla og vinna úr þessum upplýsingum miðla þeim og tryggja yfirsýn yfir stöðu mála. Öll verkefni sem tengjast faraldrinum hafa haft algjöran forgang fram yfir þau sem tengjast innleiðingu menntastefnunnar, s.s. eins og þróun mælikvarða, könnun á stöðu innleiðingar á starfsstöðum og fleira sem er styttra á veg komið en áætlað var í upphafi árs.

Áhrif á samstarf og verkefni á fagskrifstofu SFS.

Starfsemin á fagskrifstofu SFS hefur ekki farið varhluta af víðtækum sóttvarnaraðgerðum. Frá því í mars hefur nánast öll starfsþróun; námskeið, ráðstefnur, kynningar og fræðslufundir, flust yfir á netið, oft með stuttum fyrirvara, t.d. [Sumarsmiðjur fyrir grunnskólakennara](#) sem fjallað er um í starfsþróunarkaflanum hér fyrir neðan. Mikill tími fór í að endurskipuleggja viðburði en markmiðið var alltaf að fresta frekar eða breyta fyrirkomulagi viðburðar í stað þess að fella hann niður. Þannig var Barnamenningarhátíð sem vera [átti í apríl frestað og viðburðum hennar breytt](#). Margir viðburðir voru um sumarið, opunarhátíð

fjórðu bekkinga sem alltaf er í Hörpu var streymt með þátttöku tónlistarmannsins Daða Freys sem samdi lag hátíðarinnar „[Hvernig væri það?](#)“ og í byrjun maí þegar samkomutakmarkanir voru rýmkaðar flæddu ýmsar listasýningar um menningar- og listastofnanir borgarinnar.






Skrekkur, sem vanalega er í nóvember, var færður til nokkrum sinnum en nú er stefnt að því að halda hann 1. -3. mars 2021. Góð samvinna er við RÚV um hátíðina sem sýna mun beint frá úrslitakvöldinu. Þá verður undanúrslitum streymt en ekki verður hægt að hafa áhorfendur í sal eins og hefðin er.

Undirbúningur fyrir VikuSex, verkefni unnið í sjöttu viku ársins með áhersla á

kynfræðslu, er eitt dæmi um skapandi útfærslu. Eins og kemur fram síðar er hefðin sú að nemendur velja jafnan þema og efni sem þeir vilja fræðast um í VikuSex, en nú var farin sú leið að útbúa póstkort og senda til allra nemenda í 9. bekk. Nemendur skrifuðu hugmyndir sínar og óskir á kortin og birtust þau einnig á síðunni menti.com. Svör bárust frá rúmlega 640 unglingum og varð að niðurstöðu að hafa þemað *kynlíf*. Sett var upp síða til að hægt væri að fylgjast með viðburðum vikunnar https://www.instagram.com/vikasex_island/

Dæmi um ráðstefnur sem voru fluttar á netið er „*Höfuð í bleyti*“, uppskeruhátíð frístundamiðstöðva, sem haldin var í september og ráðstefnan „*Ég var einn*“ sem fjallaði um málefni drengja í skólakerfinu. Aðrir viðburðir sem voru fluttir á net voru menntabúðir fyrir starfsfólk og kennara í samstarfi við MVS, námskeiðsdagar stjórnenda, kynningarfundir um menntastefnu, þróunarsjóð og annað sem henni tengist sem og fræðsla og kynningar fyrir nemendur og kennara á Menntavísindasviði.



Eftir því sem öryggi og þekking starfsfólks á tækni og hugbúnaði jókst var fjölbreyttari fræðsla og málfundum miðlað á netinu. Þá hafa hugbúnaðarfyrirtæki bætt jafnt og þétt þau kerfi sem boðið er upp á, t.d. G-Suite-umhverfið sem SFS hefur tileinkað sér en búið er að innleiða *Enterprise* leyfi fyrir það sem felur í sér hámarksnýtingu á öllum möguleikum kerfisins. Allar leiðbeiningar um notkun kerfisins er að finna á vefnum [nám í Reykjavík stutt af neti](#) sem verkefnastjórar í upplýsingatækni á Nýsköpunarmiðju hafa sett upp til stuðnings starfsfólki. Nýlega voru haldnar hugflæðismiðjur á neti með hjálp [MIRO hugbúnaðarkerfisins](#) og var það samdóma álit þeirra sem tóku þátt í þeim að tæknileg útfærsla hefði tekist mjög vel og ýtt undir skapandi samstarf. Hér fyrir neðan er mynd af einu hugarflæðiborði þar sem verið var að ræða möguleika á því að virkja raddir barna á fyrirhuguðu Menntastefnumóti 10. maí nk.



Segja má að hver dagur hafi falið í sér lærdóm og spurninguna „hvernig getum við leyst málin“. Ljóst er að starfsfólk hefur teygst sig langt út fyrir hefðbundinn ramma í starfi sínu, hópurinn vinnur þétt saman og hugtök menntastefnunnar um faglegt samstarf, vaxtarhugarfar og nýsköpun endurspeglast í þeim lausnum sem þróaðar hafa verið. Þrátt fyrir áskoranir má segja að árið hafi verið góður undirbúningur fyrir þá [stafrænu umbreytingu sem Reykjavíkurborg](#) hefur ákveðið að takast á hendur á næstu misserum. Talað er um [stafrænt heljarstökk](#) í þessu sambandi sem mikilvægt er að draga lærdóm af til framtíðar.

2. Teymisvinna á skrifstofu SFS

Eins og kemur fram í samantektarskýrslu um innleiðingu menntastefnu frá júní – desember 2019 er *markmiðið með innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur til ársins 2030 fjölbætt og snertir alla fleti daglegs starfs í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar*. Sama gildir um alla starfsemi skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Enda þótt innleiðingarhópur hafi það hlutverk að hafa umsjón með innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur til 2030 „Látum draumana rætast“, sjá [fylgiskjal 2](#), þá hafa allar deildir skrifstofunnar skilgreint hlutverk í þeirri vinnu. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á innleiðingu almennra aðgerða og reglulega er farið yfir stöðu þeirra á fundum hennar. Faglegur stuðningur við starfsstaði, ráðgjöf og starfsþróun er fyrirferðamikill þáttur í almennum aðgerðum en fagskrifstofa SFS ber meginábyrgð á að fylgja þeim stuðningi eftir í náinni samvinnu við mannauðsdeild og aðrar deildir sviðsins.

Teymi fagskrifstofu

Undir fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs tilheyra málefni leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs auk Miðju máls og læsis, Miðstöð útivistar og útínáms og Nýsköpunarmiðju menntamála. Frá samþykkt menntastefnunnar hefur verið lögð aukin áhersla á samvinnu fagskrifstofunnar með það að markmiði að bæta yfirsýn, samvirkni og samstillingu í starfsþróun og stuðningi við starfsstaði. Til þess að gera þá vinnu markvissari hafa samstarfsteymi fagskrifstofu, sem upphaflega voru sett á laggirnar við stofnun sviðsins, verið endurskoðuð og skert á hlutverkum þeirra, sjá dæmi um erindisbréf í [fylgiskjali 3](#). Hlutverk hvers teymis er tengt beint við grundvallarþætti menntastefnunnar. Markmiðið er að efla

þverfaglegt starf og auka samræmi á milli deilda. Leitast er við að blanda saman sérfræðingum viðkomandi málaflokka frá sem flestum deildum. Teymin eru:

1. **Sköpun:**
 - a. *Listteymið*
 - b. *Upplýsingatækniteymi*
2. **Félagsfærni:**
 - a. *Teymi um Vinsamlegt samfélag*
 - b. *Jafnréttis-, lýðræðis- og mannréttindateymi*
3. **Heilbrigði:**
 - a. *Lýðheilsu- og forvarnarteymi*
4. **Læsi:**
 - a. *Teymi um málþroska og læsi.*
 - b. *Teymi um læsi í víðu samhengi.*
5. **Sjálfsfelling:**
 - a. *Fjölmenningateymi*
 - b. *Teymi um skóla- og frístundastarf fyrir alla.*

Hlutverk teymanna er að fylgja eftir grundvallarþáttum menntastefnunnar og eru verkefni sambærileg á milli teyma. Hér fyrir neðan er dæmi um verkefni teymis um sjálfsfellingu.

- Fylgja eftir almennum aðgerðum í innleiðingu menntastefnunnar er varða sjálfsfellingu/skóla- og frístundastarf fyrir alla.
- Taka við verkefnum frá skóla- og frístundaráði, framkvæmdastjórn eða fagstýrum sem snúa að viðfangsefnum hópsins um sjálfsfellingu/skóla- og frístundastarf fyrir alla.
- Kalla til undirhópa vegna einstakra verkefna eftir því sem við á.
- Fylgjast með nýjungum og áhugaverðum verkefnum sem erindi eiga í verkfærakistu á heimasíðu menntastefnunnar.
- Styðja við starfsstaði við innleiðingu þessa þáttar í menntastefnunni.
- Vinni starfsáætlun fyrir starf teymisins

Í skýrslu UNICEF sem kom út árið 2020 voru birtar niðurstöður um að [félagsfærni íslenskra barna væri ábótavant](#). Í kjölfarið á þeirri umfjöllun voru teknar saman upplýsingar af fulltrúum teyma um félagsfærni um þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í frá samþykkt menntastefnunnar, sjá nánar í [fylgiskjali 4](#). Samantektin sýnir hversu öflug teymin geta verið í að styðja við fjölbreyttar leiðir að settum markmiðum.

Starfsþróunarhópur

Starfsþróunarhópur var settur á laggirnar í byrjun árs 2020. Hlutverk hans er að samræma og tryggja yfirsýn yfir starfsþróun á vegum skrifstofu skóla- og frístundasviðs til allra starfsstaða í anda menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Fulltrúar eru úr öllum deildum fagskrifstofu og Mannauðsdeild.

Helstu verkefni hópsins eru að:

- Fylgjast með og miðla í gegnum starfsþróun rannsóknum, nýjungum, árangursríkum og framsæknum starfsháttum sem styðja við framþróun og nýsköpun í skóla- og frístundastarfi
- Skapa tækifæri til fjölbreyttrar starfsþróunar út frá þörfum starfsstaða hverju sinni
- Veita markvissa ráðgjöf og stuðning til starfsstaða
- Hafa yfirsýn yfir þau starfsþróunartilboð sem SFS býður upp á
- Tryggja yfirsýn yfir og nýta þá sjóði sem veita styrki til starfsþróunar

- Hafa frumkvæði að því að skapa vettvang sem stuðlar að þróun lærdómssamfélags
- Stuðla að faglegu samstarfi og aukinni hæfni til að framfylgja framtíðarsýn og leiðarljósum menntastefnunnar
- Koma á framfæri upplýsingum um starfsþróunartilboð, ráðgjöf og stuðning við einstaklinga og hópa
- Taka við verkefnum frá skóla- og frístundaráði, framkvæmdastjórn eða fagstýrum sem snúa að viðfangsefnum hópsins
- Kalla til undirhópa vegna einstakra verkefna eftir því sem við á
- Vinna starfsáætlun fyrir starf hópsins



Undir liðnum [starfsþróun á menntastefnuvefnum](#) er miðlað upplýsingum um starfsþróunartilboð til starfsstaða. Þar er einnig hægt að nálgast svokallað Menntadagatal með upplýsingum um tímasetningar á helstu námskeiðum og viðburðum.


3. Starfsþróun, námskeið og fræðsla

Eins og kemur fram í kafla um almennar aðgerðir er aukin áhersla á starfsþróun rauður þráður. Því er hér leitast við að taka saman yfirlit yfir starfsþróun á árinu í einum kafla þó að sumt sé mögulega endurtekið. Yfirlitið er ekki tæmandi en gefur góða innsýn inn í þá fjölbreyttu starfsþróun sem er í boði á SFS.

Ýmis námskeið, ráðstefnur og fræðslufundir sem tengdust meginmarkmiðum, leiðarljósum og grundvallarþáttum menntastefnunnar voru í boði á árinu 2020. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á að sú starfsþróun sem skilar einna mestum árangri er sú sem nær yfir lengra tímabil og að þátttakendum gefist tækifæri til að þróa, ígrunda og prófa nýjar leiðir og vinna með öðrum í lærdómssamfélagi.

**+6.500
þátttakendur
í starfsþróun**

Lögð er áhersla á að fjölga tilboðum til starfsfólks sem fela í sér meira heldur en „einskiptis“ námskeið eða fræðslufund, en um leið er mikilvægt að hafa í huga að engin ein leið hentar öllum. Samhliða því er boðið upp á námskeið og fræðslu sem fela í sér allt frá kveikjum og stuttum fyrirlestrum yfir í einingabær námskeið. Þá er mikilvægt að leita leiða til að ná til allra þeirra hópa sem starfa á SFS, skólaliða, stuðningsfulltrúa, stjórnenda, frístundafræðinga, kennara, þroskaþjálfra o.s.frv.



Markmiðið er að fjölga einingabærum námskeiðum og tækifærum til starfsþróunar sem ná yfir lengra tímabil. Á mynd hér fyrir ofan er leitast við að sýna eðli og markmið ólíkra námskeiða og fræðslutilboða.

Námskeið – ráðstefnur – lærdómssamfélög – fræðslufundir

Í ljósi aðstæðna urðu miklar breytingar þar sem flest námskeið og ráðstefnur voru fluttar yfir í fjarfundi eða þeim frestað. Markmiðið var, eins og áður sagði, að láta samkomuhindranir ekki stöðva starfsþróun. Segja má að starfsemi Mixtúru og verkefnastjóra NÝMið í upplýsingatækni hafi skapað nauðsynlegar forsendur fyrir því að hægt var að bregðast við nýjum áskorunum.

Gott er að leika saman, þá fær maður hugmyndir - ráðstefna fyrir leikskólastarfsfólk

Á sjöunda hundrað leikskólastarfmenn sóttu [Leikskólaráðstefnu skóla- og frístundasviðs í febrúar](#).

Aðalfyrirlesarar á leikskólaráðstefnunni voru Guðrún Ragnarsdóttir lektor og Svava Björg Mörk, aðjúnt



og verkefnastjóri á Menntavísindasviði HÍ. Þær fjölluðu í erindi sínu um hlutverk leikskólastarfsfólks við innleiðingu breytinga og mikilvægi forystu, náms og sjálfsrýni í tengslum við innleiðingu Menntastefnunnar. Aðalheiður Stefánsdóttir, leikskólastjóri í Reynisholti, hélt erindi um gildi teymisvinnu undir fyrirsögninni „Röddin mín heyrir“ og Sunneva Svavarsdóttir, leikskólakennari í Hulduheimum, fjallaði um upplýsingatækni í kennslu ungra barna. Emilía

Rafnsdóttir, ráðgjafi hjá Miðju máls og læsis, hélt erindi undir yfirskriftinni *Lærdómssamfélag um mál og læsi í leikskólastarfi*. Á ráðstefnunni voru einnig frumsýnt myndbönd fyrir starfsfólk leikskólanna um leiðir til að vinna með sjálfsefningu, sem er einn grunnþáttur nýrrar menntastefnu borgarinnar, auk þess sem hvatningaverðlaun skóla- og frístundaráðs voru afhent.

Hvað getum við gert? - Öskudagsráðstefna fyrir grunnskólastarfsfólk

Loftslagsváin, sjálfbærni, útinám og leiðir til lausnar við loftslagskvíða voru í brennidepli á Öskudagsráðstefnunni sem haldin var 26. febrúar en þátttakendur voru um sex hundruð. Aðalfyrirlesari var Guðni Elísson, prófessor í bókmenntafræði við HÍ, en hann er jafnframt einn helsti sérfræðingur landsins í loftslagsmálum. Guðni fjallaði um rannsóknir og horfur í loftslagsmálum og dró upp lausnir sem krefðust róttækra hugarfarsbreytinga. Guðrún María Ólafsdóttir, verkefnastjóri, og



Hildur Sif Hreinsdóttir, sjálfbærnifræðingur í Miðstöð úrivistar og útináms í Gufunesbæ, kynntu margvísleg fræðslutilboð og Sesselja Guðmundsdóttir, list- og verkgreinakennari í Ártúnsskóla, sagði frá alþjóðlega sjálfbærniverkefninu *Eco-Road* sem fjórir grunnskólar áttu aðild að. Þá fjallaði Hulda Jónsdóttir Tölgyes, sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni, um aðferðir til að ræða og vinna með loftslagskvíða meðal barna og ungmenna.

Höfuð í bleyti

Uppskeruhátíð og fagraðstefna starfsfólks frístundamiðstöðvanna, *Höfuð í bleyti*, var haldin 22. september og var alfarið rafræn. Um 200 þátttakendur voru á ráðstefnunni. Í aðdragandanum höfðu verkefnastjórar í Mixtúru heimsótt starfsstaði og gert myndbönd um þau verkefni sem hlutu hvatningaverðlaun, tekið upp erindi sem streymt var og sjálfan ráðstefnudaginn breyttist húsnaði Mixtúru í upptökuver. Þemað í ár var *heilbrigði*, einn af grunnþáttum menntastefnunnar. Aðalfyrirlesari var Lára G. Sigurðardóttir, lækni og doktor í lýðheilsuvísindum, sem flutti erindið *Heili í mótun – Um þroska heilans, það sem breytir honum og tengsl við draumaveröldina*. Í málstofum fór fram kynning á

áhugaverðum þróunarverkefnum á vettvangi frístundastarfsins, en flest þeirra byggja á menntastefnu og hafa fengið styrk sem lið í að innleiða stefnuna. Haldin voru 20 erindi í fjórum málstofum, sjá mynd.



Kl. 10:20	Betra líf í Bústöðum - Heilsuefning barna og unglinga 	Sjálfvið 	Heilsa og hugarró á frístundaheimilum 	Dungeons and Dragons klubbastarf í Miðbergi 	Þróun raffípróttastarfs í frístundastarfi barna 
Kl. 10:50	Vaxandi 	Raffípróttaver í Gleðibankanum 	Loppatal - virkni með dýrum 	Bræðralagið - nýjar upplifanir og út fyrir þægindarammann 	Draumasviðið 
Kl. 11:20	Fagdeild frístundafólks innan Sameyðis? 	Jaðarípróttaklúbbur í Fjörgyn og Sigyn 	Útivist og útinám 	Vettvangsvinna (e. field work) í Reykjavík - lærum af reynslu Gautaborgar 	Síðfræðikennsla í frístundastarfi 
Kl. 11:50	Hvað er líkt með frístundastarfi með börnum og starfi stéttarfélaga 	Styrkjum böndin 	Samstarf við leikskóla 	Því miður fellur erindið "Hinsegin fyrirmyndir" niður 	104 - opið hús fyrir 4. bekk 

Sumarsmiðjur

Ráðgert var að halda Sumarsmiðjur fyrir grunnskóla 11. og 12. ágúst. Að venju voru smiðjurnar auglýstar með góðum fyrirvara áður en skóla lauk í júní og var að þessu sinni metþátttaka eða 950 skráningar. Í boði voru [tæplega 40 námskeið](#). Fimm námskeið voru felld niður vegna fárra þátttakenda. Þegar kom fram í ágúst höfðu sóttvarnar- aðgerðir verið hertar og ljóst að ekki var hægt að halda smiðjurnar með óbreyttu sniði. Þá var haft samband við alla leiðbeinendur- og fyrirlesara til að skoða hverjir hefðu tók á að breyta fyrirkomulagi í fjarnámskeið. Í einhverjum tilfellum voru það fáir skráðir að hægt var að útvega nægilega stórt húsnæði til að tryggja sóttvarnir. Niðurstaðan varð sú að 13 námskeið var hægt að halda á staðnum, 13 námskeið voru færð yfir í fjarkennslu (stundum með breyttu sniði) og 10 námskeiðum var frestað fram á haustið.

Sumarsmiðjur 2020!

Dæmi um aðlögun að veruleika
- *Þið eruð frábær!*



Skipulögð námskeið Miðju máls og læsis á árinu 2020

Fjöldmörg námskeið voru haldin á vegum [Miðju máls og læsis](#) á árinu, flest sem fjarnámskeið en tæplega 700 þátttakendur sóttu þau. Hér er yfirlit yfir þau helstu en þá eru ótalin þau námskeið og fræðslufundir sem Miðjan hefur haldið fyrir einstaka starfsstaði. Gerð er nánari grein fyrir starfsemi MML í kafla um almennar aðgerðir undir aðgerð um læsi.

- Nýliðanámskeið fyrir leikskóla, aðferðir sem styðja við málþroska og læsi í daglegu starfi
- Námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga í ung- og smábarnavernd um málþroska og fjöltyngi í samvinnu við Heyrnar- og talmeinaastöð
- Nýir lestrarkennarar
- Læsisfimman, Daily five
- Námskeiðið *Hagnýtar aðferðir til að efla orðaforða þvert á námsgreinar*
- Rætt til ritunar – talk for writing
- Gagnvirkur lestur í Hliðaskóla
- Byrjendalæsismiðjur
- Námskeið um stöðumat á Sumarsmiðjum
- Milli mála námskeið
- Brú milli landa
- Árangursrík kennsla og velfarnaður í margbreytilegum bekk

Hagnýtar aðferðir til að efla orðaforða og lesskilning þvert á námsgreinar á mið- og unglingastigi.

Kennar verða fjölbreyttar og hagnýtar aðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að efla læsi og verður lögð sérstök áhersla á leiðir til að efla orðaforða, skilning og samræður þvert á námsgreinar. Þátttakendur æfa sig í notkun aðferða.

Vinnustofan byggir á innleggi, frá Ráðgjöfum MML og Ragnheiði Lilju Bjarnadóttur, lestrarfræðingi og skólastjóra, ásamt samræðum og hópavinnu þátttakenda. Kennarar munu prófa sig áfram með kennslugögn og vinnubrögð. Á milli fundar er gert ráð fyrir að kennarar prófi aðferðirnar með nemendum og fái síðan tækifæri til að ræða þá reynslu.

4x3 klukkustundir samtals 12 stundir (staðsetning auglýst síðar)

- 19. september, 13:00-16:00
Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, verður með fræðslu
- 31. október, 13:00-16:00
ráðgjafar MML með vinnustofu
- 21. nóvember, 13:00-16:00
Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir verður með fræðslu
- 23. janúar 2020, 13:00-16:00
ráðgjafar MML með vinnustofu

Skráning hér
Þátttökugjald: 5000 kr.

Dæmi um námskeið

Námskeið og fræðsla á vegum Nýsköpunarmiðju á árinu

Verkefnastjórar í Nýsköpunarmiðju hafa á árinu haldið fjöldmörg námskeið, kynningar, viðburði og fræðslufundi sem tengjast þeirra verkefnum, auk þess sem teymið hefur stutt við ráðstefnur og námskeið annarra deilda sviðsins, t.d. í tengslum við upplýsingatækni ofl. Deildarstýra hefur umsjón með fræðslu og kynningum sem tengjast menntastefnunni sjá nánar í kafla um miðlun upplýsinga, kynningar og kynningarefni Menntastefnu.

28 fræðslufundir og námskeið voru haldin í tengslum við verkefni *Opinskátt um ofbeldi* og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, haldin voru tvö námskeið fyrir kennara í hópi Skrekkleiðbeinenda, og í tengslum við LÁN-verkefnið „[Listrænt ákall til náttúrunnar](#)“ hafa verið haldin fjöldmörg námskeið bæði fyrir börn og fullorðna.

Upplýsingatækni - Þegar tækifæri gáfust á árinu 2020 var boðið upp á staðbundna starfsþróun í upplýsingatækni, s.s. menntabúðir og heimsóknir starfsstaða í Mixtúru. Samantekt á þjónustunni sýnir að ráðgjafarnir komu að eða stóðu fyrir tæplega hundrað fræðsluviðburðum um stafræna tækni sem tæplega nítján hundruð starfsmenn nýttu, sjá nánar í [fylgiskjali 5](#).



Jafnréttisskólinn – fjölbreytt fræðsla var veitt á árinu á vegum skólans þó að heimsóknir á vettvang væru færri en oft áður. Nítján námskeið voru haldin fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Boðið var upp á jafnréttisfræðslu í forystunáminu, haldin námskeið um klámvæðingu, hinsegin börn og opinskátt um ofbeldi auk þess sem boðið var upp á

kynfræðslunámskeið fyrir nýja þátttökuskóla í kynfræðsluverkefninu. Alls fengu rúmlega 700 manns fræðslu á árinu um jafnréttis- og kynjamál. Þá stóð Jafnréttisskólinn fyrir ráðstefnunni „En ég var einn“ í samvinnu við menntavísindasvið HÍ og Geðhjálp. Ráðstefnan var upphaflega á dagskrá í mars 2020 og frestaðist til hausts og var þá skipt upp í 5 fjarlotur. Að meðaltali hafa um 180 manns fylgst með í beinni útsendingu í hverri lotu, auk þess sem erindum ráðstefnunnar hefur verið miðlað áfram til á milli 2-700 manns eftir að ráðstefnunni lauk.

Miðstöð útivistar og útináms MÚÚ

Að vanda er boðið upp á fjölbreytt námskeið fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hjá miðstöð útivistar og útináms í Gufunesbæ. Flest þeirra námskeiða krefjast virkni og þátttöku á staðnum og því voru haldin mun færri námskeið þetta árið en í venjulegu árferði. Um 200 þátttakendur sóttu fjórtán námskeið sem haldin voru hjá MÚÚ en hægt er að kynna sér nánar [starfsemi miðstöðvarinnar á heimasíðu hennar](#). Þá er hér stutt yfirlit með dæmum um námskeið í boði fyrir starfsfólk.



Mannauðsdeild

Mannauðsdeild heldur utan um fjölbreytta fræðslu fyrir starfsstaði sem tengjast starfi stjórnenda og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi, auk þess sem mannauðsráðgjafar halda fjölbreytt námskeið og fræðsluerindi fyrir einstaka starfsstaði. Þessi fræðsla er öll liður í að efla fagmennsku og styðja við fjölgun fagfólks í störfum hjá borginni. Helstu verkefni ársins hjá mannauðsdeild:

- *Mentor* fyrir nýja leikskólastjóra, grunnskólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva sem hefur það hlutverk að koma þeim inn í starfið
- Í gegnum Fræðslutorg RVK er boðið upp á fjölbreytt námskeið fyrir öll svið borgarinnar
- Skipulagðir fræðslufundir með nýjum stjórnendum – markmiðið að styðja nýja stjórnendur í nýju starfi
- Forystunámið er ætlað fyrir alla stjórnendur hjá SFS
- Velliðan á vinnustaðnum – verkefni sem miðar að því að efla velliðan, fræðslu ráðgjöf og stuðning fyrir ákveðna vinnustaði
- Handleiðsluhópar – deildarstjórar í leikskólum
- Mastermind-hópar – 1-2 sjálfstýrðir hópar

- Unnið með niðurstöður úr viðhorfskönnun – fræðsla og ráðgjöf
- Eineltisteymið – fræðsla og ráðgjöf

Lærdómssamfélög

Samhliða því að skipuleggja námskeið hefur verið lögð áhersla á að koma á fót fjölbreyttum lærdómssamfélögum faghópa þvert á skóla- og frístundastarfið. Nú þegar hafa verið settir á fót tíu slíkir hópar með meira en 200 þátttakendum Verkefnastjórar á fagskrifstofu leiða hópana og sjá um utanumhald og skipulag. Hóparnir hafa verið misvirkir á árinu, í sumum tilfellum hefur verið auðvelt að færa starfsemi þeirra yfir í fjarfundaform en í öðrum tilfellum ekki. Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ og sérfræðingur um lærdómssamfélög, hefur leiðbeint verkefnastjórum og haldið námskeið fyrir þá með það að markmiði að stilla saman strengi og skapa samræmi. Upplýsingar um hópana eru á vef menntastefnunnar en þeir eru:

- Lærdómssamfélag um mál og læsi leikskólabarna.
- Lærdómssamfélag kennara; íslenska sem annað mál.
- Lærdómssamfélag um sjálfsefningu og félagsfærni.
- Lærdómssamfélag sérkennslustjóra í leikskólum.
- Lærdómssamfélag um mál og læsi í grunnskólum.
- Lærdómssamfélagi um lýðræði, sköpun og margbreytileika í leikskólastarfi.
- Lærdómssamfélag leikskólastjóra.
- UT – tengiliðir grunnskóla.
- Tengiliðir fjölmenningar í leikskólum.

Dæmi um fastmótað fyrirkomulag fyrir lærdómssamfélag sem hefur haldið reglulega fundi allt árið er lærdómssamfélag sérkennslustjóra í leikskólum. [Yfirlit yfir starfsemi hópsins](#) er að finna á vef menntastefnunnar auk þess sem gefin hefur verið út [handbók sérkennslustjóra](#) með öllum helstu upplýsingum. Hér er um mikilvæga fyrirmynd að ræða og sýnir fram á mikilvægi þess að skapa yfirsýn og samræmi á milli deilda fagskrifstofu í útfærslu á verkefnum.

Samstarf SFS og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Með undirritun samstarfssamnings SFS við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur verið unnið markvisst að því að fjölga námskeiðum með aðkomu fræðasamfélagsins. Samningurinn kveður á um gagnvirk samstarf um starfsþróun sem byggir á grunni menntastefnunnar annars vegar og kynningum á starfi borgarinnar á vettvangi háskólans hins vegar. Þá felur samningurinn í sér möguleika á því að starfsstaðir fái ráðgjöf og leiðsögn við þróunar- og nýsköpunarstarf. [Gefin hefur verið út skýsla um samstarf sviðanna tveggja fyrsta starfsárið](#) og hún kynnt fyrir skóla- og frístundaráði og háskólaráði. Mikil ánægja er hjá báðum samstarfsstofnunum um samstarfið en í [bókun Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna](#)

frá kynningu á fundi ráðsins segir m.a.: - Óhætt er að segja að samstarfið hafi borið

ríkulegan ávöxt með áherslu á fjölbreytta starfsþróun fyrir kennara og annað starfsfólk sviðsins, með áherslu á fræðslu, leiðsögn, námskeið og rannsóknir sem komið hafa báðum aðilum til góða.

32% fjölgun í
grunnám á
MVS HÍ alls
980 umsóknir

Yfirlit yfir starfsþróun 2020 í samstarfi SFS og MVS

Hér fylgir yfirlit yfir helstu námskeið og fræðslu sem boðið var upp á árinu. Starfsþróunartilboð eru kynnt í tölvupóstum, á vef [menntastefnunnar](#) og á Facebook, auk þess sem starfsfólki hefur verið boðið upp á fjarkynningarfundum um námskeið sem eru í boði.

Stutt námskeið og fræðslufundir

Mörg þeirra námskeiða sem skipulögð voru á árinu 2020 þurfti að endurskipuleggja og aðlaga, nokkrum var frestað en flest voru færð yfir á netið. Til að mynda hittust þátttakendur á sumum námskeiðum á sumarsmiðjum 2-3 sinnum í stað einu sinni. Með þessu var reynt að styttu samfellda viðveru við skjá og veita þátttakendum tækifæri til að spreyta sig á efni námskeiðanna á milli þess sem hópurinn hittist.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Kennaradeild Háskólans á Akureyri, stóðu að fjarmenntabúðum, [Frjóir fimmtudagar](#), fyrir skólafólk vorið 2020 í samvinnu við Nýsköpunarmiðju menntamála við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Menntamálastofnun, Kennarasamband Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Menntamiðju. Markmiðið var að skapa óformlegan vettvang fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi til þess að miðla tilraunum og lausnum og læra hvert af öðru á netinu Menntabúðirnar voru haldnar þrisvar sinnum og tók starfsfólk Reykjavíkurborgar þátt í þeim, hvort heldur með beinu framlagi og þátttöku.

Stytti námskeið að hausti:

- 12.08.2020 – Sumarsmiðjur: *Heimsmarkmiðin í textíl – Að spara sporin*. Fært yfir á net og skipt í tvennt, framhald 19. ágúst.
- 12.08.2020 – Sumarsmiðjur: *Velliðan og heilsuefning*. Frestað til 17. sept. og endurtekið 8. okt. Framhaldssmiðja var haldin 29. okt.
- 07.09.2020 – Fræðsla um lærdómssamfélag á fagskrifstofufundi.
- 14.10.2020 – Hlutverk stjórnenda í innleiðingu menntastefnu.
- 09.11.2020 – Starfsþróun starfsfólks leikskóla - Teymisvinna og liðsheild með áherslu á deildarstjóra í leikskólum sem ekki eru leikskólakennaramenntaðir.
- 18.11.2020 – Hlutverk stjórnenda í innleiðingu menntastefnu.
- 14.12.2020 – Starfsþróun starfsfólks leikskóla - Teymisvinna og liðsheild með áherslu á deildarstjóra í leikskólum sem ekki eru leikskólakennaramenntaðir.

Lengri námskeið að hausti:

- 12.08.2020 – Eflandi kennslufræði: Nýsköpunarmennt til að efla hugvit og athafnir. Var færð yfir á net og hófst á sumarsmiðjum en síðan áttu þátttakendur að hittast þrisvar til áramóta en þeim tímum var frestað fram á nýtt ár.
- 13.08.2020 – Sjálfsefning og félagsfærni út frá jákvæðri sálfræði. Átti að hefjast á sumarsmiðjum og síðan áttu þátttakendur að hittast þrisvar til áramóta. Frestað um óákveðinn tíma.
- Búið er að skipuleggja námskeið fyrir grunnskólakennara um [Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla og frístundastarfi](#). Námskeiðinu verður skipt upp í fjórar lotur með heimavinnu eða alls 10 klukkustundir. Fimmtíu og fimm þátttakendur eru skráðir á námskeiðið sem hefst í febrúar.

Einingabær námskeið

Á haustmisseri 2020 voru þrjú námskeið í boði:

[Þróun náms og starfs fyrir menntun fyrir alla \(10 ECTS\)](#) námskeiðslýsing var uppfærð frá því árinu áður auk þess sem námskeiðið var nú ætlað leiðbeinendum og kennurum í leik- og grunnskólum en ekki öllu starfsfólki grunnskóla. Ekki náðist tilskilinn fjöldi þátttakenda;

[Frístundalæsi \(5 ECTS\)](#) nýtt námskeið á grunnstigi ætlað starfsfólki frístundaheimila. Námskeiðið náði ekki tilskyldum fjölda þátttakenda og verður breytt í lengra námskeið án eininga á vorönn 2021; [Félagsfærni og sjálfsefning með áherslu á hegðun og bekkjarstjórnun \(5 ECTS\)](#), fyrir starfandi grunnskólakennara og hófst á sumarsmiðjum í ágúst 2020. Mikil ánægja er með það námskeið og má sjá umsagnir kennara hér fyrir neðan:

„Alls ekki íþyngjandi. Námskeiðið kom strax að notum í starfi. Fáum margar góðar hugmyndir.“

„Þetta er stórkostlegt námskeið. Ég hef sjaldan verið eins ánægð með námskeið, en það sameinar á snjallan máta, bæði fræðilega nálgun og hagnýta. Starfið hefur fengið annan tón, og aðferðirnar eru að virka óskaplega vel. Námskeiðið létti undir störfum mínum í bekkjarstjórnun og hegðunarmótun, með frábærum nálgunum, sem eru virkilega að ná fram því besta hjá nemendum.“

„[Námskeiðið] hefur hjálpað mér að vera öruggari sem kennari. Hjálpaði mikið að ígrunda eigin kennslu.“

Einingabært námskeið fyrir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi hefur verið í deigluinni. Margir hafa tekið námskeiðið *Fagleg forysta – að leiða breytingar* en hið nýja námskeið má ekki skarast við það ef það á að vera til eininga. Námskeiðið ber vinnuheitið *Faglegur leiðtogi framtíðarinnar er teymið* og er í okkar huga draumanámskeið fyrir stjórnendur hjá SFS. Undirbúningur er enn í gangi en stefnt er að því að námskeiðið hefjist vorið 2021.

Á vormisseri 2021 verður boðið aftur upp á [Gleðin í málinu: árangursríkt leik- og grunnskólastarf](#), lýsing námskeiðsins var endurskoðuð eftir að ekki náðist nægilegur þátttakendafjöldi 2020 og að þessu sinni eru ríflega 30 þátttakendur skráðir.

Opin námskeið

Opin námskeið eru einingabær námskeið á námsleiðum MVS og eru opin fólki af vettvangi. Skráning fer fram tvisvar á ári og síðustu fjögur skráningartímabil hefur starfsþróunarstjóri MVS tengt þau öll við áherslur menntastefnunnar. Þessum upplýsingum er komið á framfæri á [menntastefnuvefnum undir liðnum starfsþróun](#).

Lærdómssamfélög

Sjálfsfelling og félagsfærni eru þeir þættir sem flestir starfsstaðir hafa unnið að á skólaárinu í tengslum við þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs. Í ljósi þess var ákveðið að setja af stað *Lærdómssamfélag um sjálfsfellingu og félagsfærni* þar sem fulltrúum þessara starfsstaða var boðið að senda 1-2 fulltrúa. Verkefnið var auglýst síðla árs 2019 og settir voru af stað tveir hópar þvert á starfsstöðvar. Markmiðið var að tengja saman starfsstaði sem eru að vinna að sambærilegum verkefnum og skapa vettvang fyrir starfsfólk til að hittast og læra með og af hverju öðru. Hóparnir hittust fyrst 20. og 21. janúar 2020 og voru mjög fámennir. Verkföll Eflingar sem og COVID-19 settu strik í reikninginn þannig að ekki tókst að halda hópunum gangandi. Þráðurinn var tekinn upp að nýju haustið 2020 og fyrirkomulagið endurskoðað. Verkefnið fer af stað í febrúar 2021.

Í vetur hafa nokkir skólar úr Reykjavík tekið þátt í stærðfræðinámskeiðum undir hatti *Menntafléttunnar, námssamfélagi leiðtoga*. Tíu skólar hafa verið með á námskeiði fyrir yngsta stig og níu á námskeiði fyrir miðstig en hver þeirra vinnur með teymi annarra kennara á sínum starfsstöðum. Í janúar 2021 hófst námskeiðið *Stærðfræðinám í leikskóla* og taka tveir leikskólar úr Reykjavík þátt í því. Nánar er fjallað um *Menntafléttu* undir liðnum almennar aðgerðir.

4. Miðlun upplýsinga, kynningar og kynningarefni um menntastefnuna

Ýmis konar upplýsingaefni hefur verið útbúið í tengslum við innleiðingu stefnunnar; bæklingur, veggspjöld og póstkort að ógleymdum vef menntastefnunnar, aðalupplýsingaveitu stefnunnar.

Kynningar- og myndefni sem starfsstaðir geta nýtt er [aðgengilegt í rafrænu formi](#) á vefnum. Þar má nefna tákmyndir sem hægt er að hafa með undirskrift í tölvupósti, smámyndir sem hægt er að myndskreyta með skýrslur, glærur og annað efni. Gaman hefur verið að fylgjast með því hversu margir kjósa að nýta myndefnið og hjálpar það okkur að auka sýnileika stefnunnar og minna á hana í daglegu starfi. Sjá t.d. [Námshring Hólabrekkuskóla](#).



Áfram hefur verið haldið að kynna menntastefnuna og verkefni tengd henni innan sem utan borgarinnar; á starfsstöðum SFS, á ráðstefnum og í skrifum innanlands og utan. Nýsköpunarmiðja ber hita og þunga af kynningum, auk þess sem allt starfsfólk miðlægrar skrifstofu SFS tengir verkefni sín markvisst við menntastefnu og innleiðingu hennar í fræðslu og námskeiðum. Boðið var upp á kynningar fyrir nýtt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, meistaranema á Menntavísindasviði sem eru að undirbúa meistaraþrófsritgerðir en sú kynning var tengd við [viðurkenningar fyrir framúrskarandi meistaraþrófsverkefni](#). Þá var stefnan kynnt á fundi fyrir tónlistarskólustjóra, fyrir nýja nemendur á Menntavísindasviði auk þess sem stefna og verkefni henni tengd voru kynnt fyrir fræðafólki á MVS með möguleika á að tengja við þau í námi og rannsóknum, sjá [fylgiskjal 6](#).

Á vordögum tók Reykjavíkurborg þátt í nýsköpunarkeppninni [Hack the crisis Iceland – lausnir á áskorunum vegna COVID-19](#) en líkt og víða annarsstaðar í heiminum voru samfélög að leita lausna við brýnum áskorunum í tengslum við heimsfaraldurinn. Deildarstýra NýMið tók þátt fyrir hönd SFS, vann að undirbúningi menntaáskorunnar þar sem menntastefnan var lögð til grundvallar og sat í dómnefnd. Þá vann deildarstýra NýMið að undirbúningi umsóknar um þátttöku Reykjavíkurborgar í keppninni Nýsköpunarborgir Evrópu. [Reykjavíkurborg var valin ein af tólf borgum í undanúrslit](#) á grundvelli margvíslegra gagna um nýsköpun í þjónustu borgarinnar og hvernig henni hefur verið beitt í þágu samfélagslegrar umbreytinga, s.s. á sviði velferðarþjónustu, borgarþróunar, skóla- og frístundastarfs en menntastefnan og vinna við mótun hennar og innleiðingu var í forgrunni þess hluta. Til mikils er að vinna fyrir þá borg sem vinnur en auk titilsins Nýsköpunarborg Evrópu er veittur fjárstyrkur að upphæð einni milljón evra til að styðja við nýskapandi lausnir og samfélagsverkefni. [Belgíska borgin Lauven sigraði keppnina 2020](#).

Fulltrúar NýMið tóku þátt í alþjóðlegri netráðstefnu Google sem haldin var í október og bar heitið [Forward Nordics en fyrirlestur um menntastefnuna og skólustarf í Reykjavík á tímum faraldurs var einn af þremur aðalfyrirlestrum](#). Stefnan, þróunarsjóðurinn og alþjóðasamstarf ásamt kynningum frá starfsstöðum var [inntak málstofu á Menntaviku](#) og nýlega birtist grein um þróunar- og nýsköpunarstarf í skóla- og frístundastarfi borgarinnar [Skólabráðum, rafrænu tímariti áhugafólks um skólabróun](#).

Innleiðingarteymi sendi út rafrænt fréttabréf í kjölfar útgáfu á stöðuskýrslu fyrir 2020 [Menntastefnufréttir](#) í febrúar 2020 og en þau voru tvö á haustönn 2019, [Innleiðingarfréttir](#) í ágúst og [Menntastefnufréttir](#) í




októbermánuði. Slóð á fréttabréfin var send með tölvupósti til alls starfsfólks skóla- og frístundasviðs og einnig er alltaf hægt að nálgast þau á [vef menntastefnunnar](#). Fréttamiðlun af innleiðingunni tók breytingum í tengslum við heimsfaraldur og þróaðist yfir í miðlun með stuttum hnitmiðuðum tölvupóstum til tiltekinnna hópa um það sem máli skipti hverju sinni.

Útbúin hafa verið veggspjöld í tveimur stærðum (A3 og A2) og hefur þeim verið dreift á alla starfsstaði sviðsins.

Póstkort á íslensku, ensku og pólsku voru tilbúin um mitt ár og eru þau hugsuð til að kynna stefnuna fyrir foreldrum og öðrum.

Einnig var reglulega dreift út stuttum póstum á FB-sviðsins um einstök verkfæri á menntastefnuvefnum til að vekja athygli á þeim tækjum sem fyrir liggja til að innleiða helstu áherslupætti stefnunnar.



Þá hófst í árslok átak í kynningarmálum sviðsins. Snýr það að því að skilgreina sýnileika sviðsins á samfélagsmiðlum og leggja enn meira kapp á að draga fram þann mikla mannauð sem hjá sviðinu starfar og þau fjölmörgu verkefni sem unnið er að á degi hverjum með börnum og unglingum. Í desember 2020 var hrint úr vör verkefninu [Draumasveinar](#). Markmiðið var að koma á framfæri þakklæti til starfsfólks frá einstaklingum úr þeirra eigin röðum. Útbúin voru 13 myndbönd þar sem fjölbreyttur hópur barna og starfsmanna sendi kveðjur undir nýstárlegum jólasveinanöfnum eins og *Glimmergámur* og *Gæfugaur*. Myndböndunum var miðlað á Facebook og Instagram og vöktu þau mikla lukku meðal foreldra og starfsfólks þar sem þau náðu samanlagt meira en 42.000 áhorfum.

360 ný
myndbönd og
46.000 áhorf
á Vimeo

Menntastefnuvefurinn

Vefur menntastefnunnar www.menntastefna.is er í sífelldri þróun og uppfærslu en þar er nú að finna fjölmörg verkfæri og stuðningsefni sem nýta má í fagstarfi á vettvangi. Starfsfólk er [hvatt til að senda inn „verkfæri“](#) undir völdum áherslupáttum menntastefnunnar og láta fylgja með kennsluleiðbeiningar eða ítarefni ef þurfa þykir. Ritstjórn vefsins fundar mánaðarlega og skoðar m.a. heimsóknir á hann. Til þess að tryggja samvirkni á milli verkefna hjá teyrum á fagskrifstofu og efnis á vefnum eru haldnir mánaðarlegir vinnufundir þar sem fulltrúar hvers teymis senda inn verkfæri og annað efni á vefinn.

Það hefur sýnt sig að menntastefnuvefurinn hefur reynst vel til að miðla upplýsingum um stefnumið og þau verkefni sem tengjast innleiðingu menntastefnunnar. Auk grunnupplýsinga um menntastefnuna eru á vefnum tengingar við rafræna gátlista, allar upplýsingar um þróunarsjóð skóla- og frístundaráðs, heildstætt yfirlit yfir starfsþróun innan sviðsins og síðast enn ekki síst verkfærakistu menntastefnunnar. Í lok árs 2020 voru komin rúmlega 400 verkfæri í verkfærakistuna og hafa flest þeirra tengingu við félagsfærni (253) en töluverður fjöldi verkfæra hefur tengingu við fleiri en einn lykilorð menntastefnunnar.

31.072
heimsóknir á
menntastefna.is
árið 2020

Heimsóknir á vefinn

Árið 2020 er fyrsta heila árið sem vefur menntastefnunnar hefur verið í notkun og sést skýrt á mælingum á heimsóknum að hann er mikið notaður. Í heildina hefur vefurinn verið heimsóttur meira en 30.000 sinnum á árinu eða rösklega 2.500 innlit á mánuði.

Þegar skoðað er hvaðan fólk kemur inn á síðuna má sjá að það er af stærstum hluta að koma beint inn á síðuna en einnig kemur stór hópur (23,7%) í gegnum stöðufærslur og tengla á samfélagsmiðlum (Facebook).

Verkfærakista

Til að mæta aukinni þörf fyrir rafrænt efni síðastliðið vor var 50 nýjum verkfærum bætt við verkfærakistuna frá 18. mars – 18. maí og tæplega 100 verkfæri til viðbótar bættust við fyrir lok ársins. Flest voru hugsuð fyrir kennara og starfsfólk en einnig voru sett inn verkfæri fyrir foreldra sem þeir gátu nýtt til að styðja við nám barna sinna og hafa ofan af fyrir þeim á uppbyggilegan hátt.

+400 verkfæri í
verkfærakistu



Dæmi um verkfæri sem bættust við:

- [Bók fyrir börn um Kórónaveiruna](#)
- [33 skemmtileg sönglög](#)
- [Frístundalæsi – skemmtileg foreldrahandbók](#)
- [Nám í Reykjavíkurborg stutt af neti](#)

Gátlistar menntastefnu

Gátlistar eru verkfæri fyrir starfsfólk SFS til að meta að hvaða grundvallarþáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar er nú þegar unnið að í skóla- og frístundastarfinu og hvaða þætti þarf að innleiða á næstu árum. Hægt er að nálgast [gátlista í rafrænu formi](#) með því að setja inn notandanafn og lykilorð sem starfsstaðir fá úthlutað. Starfsstaðir geta notað listana til að meta hvernig þeim gengur að efla grundvallarþættina fimm þ.e. *félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði*. Gerð hafa verið [fimm gagnleg leiðbeiningarmyndbönd um gátlistana](#).

5. Starfsáætlanir

Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs gera allir starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá í leik- og grunnskólum og starfsskrá í frístundastarfi. Í starfsáætlunum þarf að gera grein fyrir því með hvaða hætti byggt er á menntastefnu Reykjavíkur. Stjórnendur hafa í mörgum tilfellum nýtt [myndefni menntastefnunnar](#) í starfsáætlunum sínum eins og sjá má þegar þær eru skoðaðar.

Hér fyrir neðan er stuttlega gert grein fyrir því með hvaða hætti er byggt á menntastefnunni í starfsáætlunum starfsstaða skólaárið 2020-2021.

Leikskólar

Í starfsáætlunum leikskóla 2020-2021 er sterk tenging við menntastefnu Reykjavíkur. Í flestum tilfellum er í greinargerð leikskólastjóra gerð grein fyrir áherslum sem leikskólinn mun vinna að á komandi ári. Þá er tilgreint hvaða grundvallarþátt leikskólinn hefur ákveðið að vinna með og á hvern hátt hann fléttast inn í starf leikskólans. Í umbótaáætlun kemur síðan fram hvernig á að vinna að grundvallarþættinum og hvenær á að meta hann.

Sem dæmi má nefna leikskóla sem hefur valið að vinna með *heilbrigði* og leggja áherslu á geðrækt og félagslega og andlega vellíðan. Sá hluti tengist einnig öðrum þáttum menntastefnunnar eins og sköpun, sjálfsefningu og félagsfærni. Grunnþátturinn birtist í umbótaáætlun leikskólans með eftirfarandi hætti: *Áhersla verður lögð á; félagsfærni, samskipti og agastefnu. Markmið með umbótunum er að börn læri að leysa ágreining sín á milli. Eigi góð samskipti og taki vel leiðsögn. Aðgerðirnar sem farið verður í er að starfsmenn samræmi reglur og vísi í agastefnu. Hvetji börn til umræðna um lausnir og unnið verði að fyrirbyggjandi lausnum. Verkefnið er metið á deildarfundum í september 2020 og í janúar og maí 2021. Viðmið um árangur er að árekstrar á milli barna séu sjaldnar og vinátta og friður ríki.*



Vísindavinna í Heiðarborg

Frístundastarf

Frístundamiðstöðvar vinna sínar starfsáætlanir m.a. út frá menntastefnunni og leggja í starfsáætlunum mat á starfsemina meðal annars út frá gátlistum hennar. Þá eru þar settar fram áskoranir, markmið og aðgerðir fyrir komandi starfsár. Þar eru áskoranir og tækifæri til umbóta rýnd út frá menntastefnunni, stefnu um frístundaþjónustu Reykjavíkur til 2025 og viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs, niðurstöðum kannana og annars mats á starfinu. Dæmi um þetta verklag er hér fyrir neðan.



Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hvernig metið	Viðmið
Sjálfsfelling Félagsfærni	Sértækt hópastarf Félagsmiðstöðvar Kringlumýrar keyra sértækt hópastarf til að vinna með þætti sem komu ekki vel út úr könnun R og G	Unnið með mismunandi þætti, m.a. jákvæð samskipti í strákahópum, styrkja drengi félagslega, samskipti kynjanna, bæta líðan og sjálfstraust stúlkna	Forstöðumenn félagsmiðstöðva ásamt deildarstjóra unglingastarfs	Könnun sett fyrir þátttakendur fyrir og eftir	Að þeir sem tóku þátt í þessu hópastarfi komi betur út í könnuninni sem sett er fyrir þau eftir hópastarfið
Heilsuefning	Kynfræðsla Kynfræðsluverkefnið gengur út á markvissa og vandaða kynfræðslu í Réttarholtsskóla /Bústöðum	Kynfræðsluverkefnið er unnin í samvinnu skólahjúkrunarfræðings, kennara og frístundaráðgjafa	Forstöðumaður Bústaða og deildarstjóri unglingastarfs	Mat á verkefninu í lok maí	Að um 80% unglunga í Réttarholtsskóla/ Bústöðum telji að þau hafi fengið góða og markvissa kynfræðslu



Í starfsáætlunum frístundamiðstöðva eru einnig tilgreind þau þróunarverkefni sem starfsstaðir hennar vinna að á grunni menntastefnu ásamt öðrum áherslum starfsins. Þá er í starfsáætlun einnig gerð grein fyrir jafnréttisáætlunum frístundamiðstöðvanna. Frístunda-heimili og félagsmiðstöðvar vinna í kjölfarið aðgerðaráætlanir út frá starfsáætlunum sinna frístundamiðstöðva.

Grunnskólar

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal hver grunnskóli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir þeirri vinnu og skulu þær unnar í samvinnu við kennara. Starfsáætlunin breytist árlega en þar er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, mati og umbótum á skólastarfi, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert.

Í starfsáætlunum grunn-skóla er ætlast til þess að grein sé gerð fyrir með hvaða hætti unnið sé að leiðarljósum og markmiðum menntastefnu Reykjavíkur. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um þau þróunar- og/eða samstarfsverkefni sem skólinn er þátttakandi í vegna innleiðingar menntastefnunnar.



Mikil gróska hefur verið í skólaþróun og eru hér tenglar inn á starfsáætlanir [Hólabrekkuskóla](#) og [Rimaskóla](#) þar sem sjá má dæmi um spennandi þróunarverkefni og áherslur í tengslum við menntastefnuna.

6. Mælikvarðar

Miklu máli skiptir að þeir sem vinna að innleiðingu menntastefnu séu sáttir við val á mælikvörðunum og geti tileinkað sér þá. Skiptir því talsverðu máli að fá gott samráð um val á mælikvörðunum en sú vinna hefur reynt seinlegri og flóknari í framkvæmd en áætlað var. Byrjað var á því að teymi fagskrifstofu um grundvallarþættina fimm lögðu mat á mælingar hvert um sinn þátt. Þá voru mælikvarðarnir bornir undir deildir fagskrifstofu (leikskóla, grunnskóla, frístundastarf). Val á mælikvörðum hverrar fagskrifstofu er í [fylgiskjali 7](#).

Næstu skref eru fyrir hverja fagskrifstofu að ákveða hvað af mælikvörðunum eigi að hafa í fyrirrúmi, birta á síðu menntastefnunnar og deila með starfstöðum. Þá munu stoðdeildir sviðsins og framkvæmdarstjórn fá tækifæri til að setja sitt mark á lokavalið. Þar sem stefnan gildir til 2030 er gert ráð fyrir að áherslan á hvaða mælikvarðar eru í fyrirrúmi á hverjum tímapunkti taki einhverjum breytingum.

Almennt um mælikvarðana í [fylgiskjali 7](#)

Þegar farið var af stað við að velja mælikvarða kom í ljós að margt sem áhugavert væri að hafa upplýsingar um hefur ekki verið mælt með neinum reglubundnum hætti. Í þeim tilvikum þurfti að búa til mælikvarðana. Vanda þarf til verka við slíka vinnu og krefst hún bæði tíma og yfirlegu. Vegna þessa eru dæmi um að engar tölulegar mælingar séu við þá mælikvarða sem settir hafa verið fram. Á þetta sérstaklega við um starf leikskólanna þar sem erfiðara er um vik að nálgast skoðanir og raddir barnanna sjálfra og ekki er löng hefð fyrir mælingum. Þar sem tölur vantar er í flestum tilvikum verið að bíða eftir svari (t.d. frá Hagstofu), verið er að afla gagna (eins og t.d. í nemendakönnum sem lýkur í lok skólaárs) eða gagna verður aflað í könnunum í janúar til mars (t.d. spurningar til starfsmanna, stjórnenda og foreldra). Leitast er við að setja fram með skýrum hætti hvaðan mælingarnar koma eða munu koma.

Eins og fram kom í stöðuskýrslu frá því fyrir ári er erfiðast að finna mælikvarða á sköpun enda er hún í eðli sínu ekki mjög mælanlegur þáttur. Því miður frestast næsta fyrirlögn PISA frá 2021 til ársins 2022 þar sem leggja á áherslu á sköpunarþáttinn og því er lengra að bíða eftir mælitækjum þaðan sem hægt er að styðjast við. Til þess að bregðast við því var bætt við nokkrum spurningum í nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir.


*Í upphafi skal endinn skoða.
Mælikvarðar eru mikilvægir til að
halda okkur við efnið, gera fólk
ábyrgt, styðja okkur og hvetja. Þeir
koma aldrei einir og sér í stað
góðrar dómgreindar víðsýni og
skilnings á síbreytilegum þörfum
starfsfólks og barna.*

Mikilvægt er að vinnan við mælikvarðana sé ekki meitluð í stein heldur þróist samhliða innleiðingu menntastefnunnar. Um er að ræða „mælingar“ á lifandi starfsemi skóla- og frístundastarfs sem þarf að haldast í hendur við samfélagslegar áherslur hverju sinni en slíkt felur í sér nauðsyn þess að mælikvarðar og söfnun upplýsinga fylgist að.

Hugmyndfræðin bak við uppbyggingu mælikvarðanna

Mikilvægt er að hafa góða mælikvarða til þess að veita aðhald í fagstarfinu. Áhrifanna af breytingum og gjörðum tengdum menntastefnunni verða þó ekki að öll leyti sýnileg fyrr en fram í sækir, jafnvel ekki fyrr en börnin hafa lokið sinni skólagöngu. Því er mikilvægt að horfa bæði á mælikvarða á því sem lagt er af mörkum og líklegt er að skili ávinningi sem og sjálfan ávinninginn sem við sjáum í aukinni hæfni og betri líðan barnanna.

Leiðarljós menntastefnunnar gefa góða innsýn í hvað það er sem þarf að leggja áherslu á til þess að uppskera framfarir í grundvallarþáttunum fimm og framtíðarsýninni um að láta drauma barna rætast. Því hefur mælikvörðunum verði skipt upp í fjóra meginflokka; þrjá yfir það sem lagt er af mörkum í starfsseminni með börnunum; (a) mannauður, (b) vinnulag og vinnustaðarmenning og (c) auðlindir í formi fjármagns og stuðnings við starfið og að lokum (en efst á blaði) er afrakstur vinnunnar þar sem horft er til þeirra hæfni sem kristallast í grundvallarþáttunum fimm og framtíðarsýnininni að láta draumana rætast. Sjá mynd hér fyrir neðan.



Hver starfstaður getur ákveðið að styðjast við mælikvarða sem lagðir eru fram fyrir alla borgina, eða þeir geta ákveðið að velja nokkra til að hafa í fyrirrúmi yfir ákveðið tímabil. [Gátlistar um menntastefnuna](#) gegna síðan því hlutverki að vera sjálfsmatstæki á hvort unnið sé á þann hátt með börnum og unglingum að það styðji við grundvallarþættina.

7. Almennar aðgerðir

Þegar menntastefna Reykjavíkur var samþykkt var ákveðið að tilgreina almennar aðgerðir í nánustu framtíð á eftirfarandi hátt. Á næstu þremur árum mun Reykjavíkurborg veita nauðsynlegan stuðning í formi almennra aðgerða til að fylgja menntastefnunni eftir og ná fram markmiðum hennar. Að þessu tímabili loknu verður lagt mat á hvernig til hefur tekist og gerðar nauðsynlegar endurbætur í ljósi reynslunnar. Sumar aðgerðirnar skarast auk þess sem ákveðnar áherslur, eins og t.d. að augin starfsþróun er liður í mörgum þeirra.

Í þessum kafla verður gert grein fyrir helstu ávinningum af þeim verkefnum sem tengjast aðgerðunum en þær mynda hryggjarstykkið í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs og er reglulega farið yfir stöðu þeirra á framkvæmdastjórnarfundum. Aðgerðirnar eru:

- Efla á málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna. Lögð verður áhersla á að auka færni starfsmanna til að styðja við málþroska, lestrarfærni og lesskilning barna með sérstakri áherslu á markviss inngrip m.a. vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- Einfalda á allt stoðkerfi við börn með sérþarfir með það að markmiði að veita börnum þjónustu í nærumhverfi sínu. Samþætta á í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, sérkennslu og stuðnings í skóla- og frístundastarfi. Lögð verður áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngrip sem skila börnum mælanlegum framförum, auk þess sem dregið verður úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.

- Auka á vægi náttúrugreina, stærðfræði, útináms og sköpunar innan samfellds skóla- og frístundadags. Lögð verður áhersla á að efla símenntun starfsmanna, fjölga námstækifærum barna og ungmenna og bæta aðstöðu.
- Tryggja á börnum jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Lögð verður áhersla á að auka jafnræði milli borgarhluta við dreifingu fjármagns til list- og verknáms. Einnig verður unnið að því að efla starf listaskóla og auka samstarf við framhaldsskóla um kennslu list- og verknáms.
- Bæta á aðstöðu til skóla- og frístundastarfs þannig að húsnæði og búnaður auðveldi starfsfólki að vinna að framgangi menntastefnunnar, aðalnámskrám leikskóla- og grunnskóla og frístundastefnu Reykjavíkurborgar. Lögð verður áhersla á að öll aðstaða til skóla- og frístundastarfs yti undir vellíðan og heilbrigði barna og starfsmanna.
- Innleiða á heildstæða nýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi í samræmi við stefnu skóla- og frístundasviðs í upplýsinga- og tæknimennt. Áhersla verður lögð á að bæta búnað og efla ráðgjöf og símenntun á sviði upplýsingatækni.
- Fjölga á fagmenntuðu starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundapjónustu og efla faglegt samstarf þeirra í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti, háskóla og Kennarasamband Íslands. Lögð verður áhersla á öflugt kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi í Reykjavík.
- Veita á starfsfólki skóla- og frístundasviðs ríkari tækifæri til starfsþróunar og tryggja því markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Lögð verður áhersla á að efla samstarf við menntavísindasvið HÍ og aðrar menntastofnanir sem koma að grunn- og símenntun starfsmanna skóla- og frístundasviðs. Þá verður unnið að því að hvetja og leiðbeina starfsstöðvum við að sækja um fjármagn í innlenda og erlenda þróunarsjóði.
- Stofna á þróunarsjóð til að styðja við sjálfsprottin þróunarverkefni á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framgangi menntastefnunnar og auka samvinnu starfsmanna og stofnana.
- Setja á fót Nýsköpunarmiðju menntamála sem veiti starfsstöðvum stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áherslupáttum hennar í viðtækri samvinnu við stofnanir innan sem utan borgarinnar. Áhersla verður lögð á starfsþróun og kennslufræðilega ráðgjöf.

Nýsköpunarmiðja menntamála NýMið

[Nýsköpunarmiðja menntamála](#) (NýMið) tók til starfa 1. október 2018. Hlutverk NýMið er að styðja við innleiðingu menntastefnu og skapa vettvang fyrir nýsköpun í skóla- og frístundastarfinu. Lögð er áhersla á að starfsfólk NýMið myndi saman „kvikt teymi“ sem stuðli að samvirkni verkefna, tengingu ólíkra verkefna, tengslum við aðrar deildir og uppbyggingu samstarfs út fyrir sviðið. Lögð er áhersla á traust og samvinnu með styðjandi en ekki stýrandi nálgun.

Verkefni NýMið lúta að ráðgjöf, starfsþróun, fræðslu og stuðningi við virka þátttöku barna og starfsfólks SFS, m.a. á grundvelli eftirfarandi verkefna:

- Stafrænir náms- og kennsluhættir, stafræn miðlun, stafræn skólaþróun og framþróun á sviði upplýsingatækni

- Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verkefnisins *Opinskátt um ofbeldi*
- Barnamenning – tengiliður við menningarstofnanir, Barnamenningarhátíð, Skrekk, samstarf við RÚV, Listrænt ákall til náttúrunnar (LÁN)
- Alþjóðasamstarf og styrkir – stuðningur við starfsstaði varðandi umsóknir, skipulag og framkvæmd
- Utanumhald með þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs
- Jafnréttisskólinn; jafnréttisfræðsla, hinsegin fræðsla, fræðsla um klámvæðingu, kynheilbrigði og viðbrögð við kynferðislegri áreitni
- Efla starfsþróun á sviðinu, skapa yfirsýn yfir starfsþróun og stuðla að samstarfi við aðrar stofnanir s.s. Menntavísindasvið HÍ, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntamálastofnun og fleiri.
- Utanumhald með vef menntastefnunnar www.menntastefna.is
- Forstöðumaður skólasafna – skráning og flokkum á nýju efni, stuðningur við bókakaup, samráð fyrir starfsfólk skólabókasafna

Upplýsingatækni

Árið 2020 var merkisár í stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi. Áhrif heimsfaraldurs settu snemma mark sitt á starfið og tæknin var í auknum mæli nýtt til að styðja við nám, kennslu og störf í gegnum netið. Óhætt er að hrósa nemendum, foreldrum og öllu starfsfólki sviðsins fyrir að hugsa í lausnum, deila góðum ráðum, sýna þrautseigju og byggja upp stafræna hæfni sem móta mun skóla- og frístundastarf til framtíðar.

Nýr veruleiki hefur einnig haft þau áhrif að skóla- og frístundaráð samþykkti að hraða innleiðingu stafrænnar tækni í starfi sviðsins og var fjármagn í þriggja ára sóknaráætlun samþykkt í lok árs. Sú áætlun felur í sér búnaðarkaup, bæði fyrir grunnskólanemendur og starfsfólk, sem og enn meiri áherslu á starfsþróun og ráðgjöf í skóla- og frístundastarfi. Áherslur menntastefnunnar um



heilðstæða nýtingu stafrænnar tækni, með megináherslu á fagmennsku og samstarf um barnið sem virkan þátttakanda, liggja til grundvallar auk stefnu sviðsins um notkun upplýsingatækni með áherslu á búnað, þjónustu, uppbyggingu þekkingar, markvissa notkun og framsækni.

Verkefni kennsluráðgjafa NýMið, sem sinna fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við stafræna tækni og miðlun, voru ærin á árinu. Því var góður liðsauki af fjórða ráðgjafanum sem bættist í hópinn í fyrstu viku mars 2020. Á þessum tíma margfaldaðist notkun stafrænna lausna og þá sérstaklega skólalausna Google sem innihalda m.a. námsumsjónarhlutann Google Classroom og fjarfundalausnina Meet. Þessu til stuðnings var í mars settur upp vefurinn [Nám stutt af neti](http://Nam.stutt.af.neti) sem inniheldur margvíslegt fræðsluefni tengt Google - vinnusvæði nemenda og starfsfólks.

Á nýju skólaári haustið 2020 jókst enn notkun á Google-vinnusvæðinu. Því kom ekki á óvart að þegar árið var gert upp hjá leitarvél Google reyndust leitarorðin "Google Classroom" vera í hópi algengustu leitarorðanna á landinu. Er leið á haustið var Google kerfi SFS einnig uppfært með mörgum góðum viðbótum sem styðja við sveigjanlegt nám (e. Hybrid learning).

Reynslan frá vori 2020 sýndi að huga þarf að margvíslegum þáttum tengdum persónuvernd í starfsemi sveitarfélaga með það að markmiði að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga. Aukin áhersla var því lögð á samstarf við persónuverndarfulltrúa borgarinnar og lögfræðinga sviðsins. Verklag fyrir áhættumat vegna mat á áhrifum persónuverndar var eftt áuk þess sem unnið var að nýsköpunarverkefnum m.a. með ráðningu nema í gegnum Nýsköpunarsjóð námsmanna.



Kennsluráðgjafarnir halda einnig utan um starfssemi á vegum [Mixtúru í Safamýri 5](#) þar sem byggð hefur verið upp aðstaða í rúmgóðu húsnæði fyrir skapandi tækni í snillismiðjum, [Búnaðarbanka](#), miðlunarrýmum og fjölnota sal. Á síðustu misserum hefur Mixtúra einnig haft umsjón með upptökum og gerð myndbanda fyrir sviðið. Gerð hafa verið kynningarmyndbönd fyrir starfsstöðvar og

fræðslu- og kennsluefni ásamt öðrum sértækum verkefnum eins og námskeiðið [Stelpur filma](#) sem fram fór á haustmánuðum.

Enda þótt heimsóknum starfsfólks og nemenda í Mixtúru hafi fækkað á tímabilum vegna sóttvarnaraðgerða jókst til muna þjónusta í húsinu við upptökur, útsendingar og vinnslu hljóð- og myndefnis. Eins var litli íþróttasalurinn nýttur sem funda- og fræðslurými sem bauð upp á aukna fjarlægð á milli gesta. Þá gat starfsfólks sviðsins þrátt fyrir takmarkanir nýtt sér margvíslegan tæknibúnað í Búnaðarbanka.

Þegar tækifæri gáfust á árinu var boðið upp á staðbundna kennslu í upplýsingatækni, s.s. menntabúðir og heimsóknir starfsstaða í Mixtúru. Eins heimsóttu ráðgjafar starfsstaði þótt skipulögð fræðsla fyrir starfsfólk og einstaka starfsstaði hafi að mestu færst yfir á netið, sbr. umfjöllun um starfsþróun í upplýsingatækni í starfsþróunarkafanum hér að framan. Þjónusta við nýsköpun og þróun er lykilþáttur í starfi kennsluráðgjafa NýMið og það sama á við um ráðgjöf varðandi innkaup, umsjón og notkun margvíslegs hug- og vélbúnaðar.





Unnið hefur verið með upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkur (UTR) að fjölbreyttum verkefnum, svo sem innleiðingu skólalausna Google og Seesaw. Í Búnaðarbanka SFS var einnig lögð áhersla á að kaupa búnað sem styður við skapandi tækninotkun í starfi (s.s. vinyl-, laser- og fjölskera). Á árinu gáfust einnig ýmis tækifæri til að vinna með stjórnendum og starfsfólki í verkefnum sem snúast um framsækna og skapandi notkun stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi. Þetta á ekki síst við um stærri verkefni eins og drauma- og nýsköpunarskóla sem og önnur framsækin verkefni sem meðal annars njóta þróunarstyrkja menntastefnunnar. Dæmi um það er [Austur vestur verkefnið](#) og [Skapandi námssamfélag í Breiðholti](#).

Enda þótt árið hafi um margt reynt á úthald og útsjónarsemi er það líka árið sem notkun stafrænnar tækni í skólastarfi tók bæði hástökk og langstökk. Greinilega kom í ljós að sá grunnur sem lagður hefur verið á síðustu misserum með stefnumótun, vali og innleiðingu tæknilausna, starfsþróun og samráði skilaði sér inn í fagstarfið til frambúðar.

Barnasáttmálinn – Opinskátt um ofbeldi og önnur verkefni tengd velferð og réttindum barna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna – réttindaskólar og frístundastarf

Innleiðing á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í samstarfi SFS og UNICEF á Íslandi hefur farið fram með rafrænum hætti s.l. mánuði. Eftirtaldar starfstöðvar hófu innleiðingarferli á haustönn 2020; Háteigsskóli, frístundaheimilið Halastjarnan og félagsmiðstöðin 105 (Tjörninn). Í Grafarvogi voru það Borgarskóli og frístundaheimilið Hvergiland, Engjaskóli, frístundaheimilið Brosbær og félagsmiðstöðin Vígyn. Víkurskóli hefur einnig fengið kynningu á innleiðingarferlinu og líklegt má teljast að það hefjist í upphafi árs 2021.



Samskipti við börn og velferð barna

Farið var af stað með rafrænt tilraunaverkefni þar sem Barnasáttmálinn (BSSÞ) og *Opinskátt um ofbeldi* (OUO) voru vegvísar í rafrænu lærdómssamfélagi. Fundaröðin bar yfirskriftina „**Samskipti við börn og velferð barna**“ og tóku tíu aðstoðarleikskólastjórar þátt í verkefninu. Þátttakendur áttu gagnrýnið og opið samtal um lýðræði í leikskólastarfi, barnavernd og réttindi barna. Eitt af viðfangsefnum hópsins var að rýna námsefnið OUO og að virkja samstarfsfólk til að kynna sér efnið og nota í starfi. Á fundina voru boðaðir utanaðkomandi aðilar, m.a. kennsluráðgjafar stafrænnar tækni hjá NýMið sem kynntu hönnunarhugsun og kenndu á forrit sem nýtist í leikskólastarfi. Frá Barnavernd Reykjavíkur kom kynningar- og fræðslufulltrúi og átti samtal um tilkynningarskyldu og almennt um barnavernd. Niðurstaða hópsins var að það þarf faglegan stuðning við innleiðingarferlið og mikilvægt að fá foreldra til samstarfs. Stefnt er að frekari samvinnu við aðstoðarleikskólastjóra um eftirfylgd auk þess sem óskað er eftir samstarfi við starfsfólk grunnskóla og frístundar.

Lærdómssamfélag starfsfólks í leikskólum

Í samstarfi við fagskrifstofu Leikskólamála var hleypt af stokkunum rafrænu tilraunaverkefni sem bar yfirskriftina **Lýðræði, sköpun og margbreytileiki**. Markhópurinn var allt starfsfólk leikskóla.

Þátttakendum var skipt upp í tvo hópa sem hittust fjórum sinnum hvor. Þátttakendur fengu m.a. það verkefni að rýna leikskólastarfið m.t.t. lýðræðis, sköpunar og margbreytileika. Eitt verkefnanna var að spegla leikskólastarfið við 12. gr. Barnasáttmálans „Virðing fyrir skoðunum barna“. Skipuleggjendum, sem og þátttakendum, varð ljóst að það er mikilvægt að halda samtalinu áfram með það að markmiði og dýpka fagþekkingu á viðfangsefnunum. Fyrirhugað er að sameina hópana og halda áfram samstarfi á vorönn 2021.


Samstarf við Barnavernd Reykjavíkur

Á haustönn 2020 var boðið upp á samtalsfundi starfsstöðva SFS við fulltrúa Barnaverndar Reykjavíkur. Áætlað er að halda samstarfinu áfram á vorönn 2021. Markmið samstarfsins er að starfsfólk í skóla- og frístundastarfi fái upplýsingar um barnavernd og leiðbeiningar um viðbrögð ef grunur vaknar um ofbeldi eða vanrækslu. Mikilvægt er að taka fram að einstök mál eru aldrei tekin fyrir á fundunum.

Jafnréttisskóli Reykjavíkur

Markmið Jafnréttisskólans er að skapa vettvang fyrir jafnréttismenntun í skóla- og frístundastarfinu, veita ráðgjöf og fræðslu til starfsstaða. Fjölbreytt verkefni eru unnin á vegum Jafnréttisskólans en fjallað er um ýmis þeirra í kafla um starfsþróun hér að framan. Á undanförunum misserum hefur umræðu um aukið vægi markvissrar kynfræðslu í skólum borið hátt. Jafnréttisskólinn hefur markvisst unnið að því að efla forvarnir á því sviði með aukinni fræðslu og stuðningi til kennara, barna, unglinga og foreldra.

VikaSex. Undir heilbrigðisþátt menntastefnunnar fellur kynheilbrigði. Misjafnt hefur verið á milli grunnskóla og félagsmiðstöðva hversu mikið rými kynheilbrigði fær á skólaárinu. VikaSex er áttak sem ætlað er að hvetja alla grunnskóla og félagsmiðstöðvar borgarinnar til að huga að kynheilbrigði ungmenna a.m.k. eina viku á hverju ári, fyrstu vikuna í febrúar sem er sjötta vika ársins. Sérhver starfsstaður útfærir verkefnið á þann hátt sem best hentar hverju sinni. Verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur heldur utan um verkefnið en það byggir að miklu leyti á því að unglingarnir í borginni velji sjálfir hvaða fræðslu þeir vilja fá í VikaSex.



Fyrir VikaSex á skólaárinu 2019-2020 komu saman á vinnufund fulltrúar nemenda úr öllum grunnskólum borgarinnar sem kenna á unglingastigi. Í lok vinnufundar var ljóst að nemendur vildu leggja áherslu á kynfræðslu sem fjallaði um *tilfinningar og samskipti* og var það úr. Kynheilbrigðisvikan VikaSex fellur undir alla lykilþætti menntastefnu Reykjavíkur *heilbrigði, sjálfsefningu, félagsfærni, læsi og sköpun*.

Ráðgjafateymi um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi í skóla- og frístundastarfi

Í kjölfar #metoo byltingarinnar fór að bera töluvert meira á tilkynningum um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi meðal unglinga í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Margt bendir til þess að bæði hafi ungmennin talið sig öruggari með að segja frá þeirri ofbeldishegðun sem þau urðu fyrir eða urðu vitni að og að á sama tíma hafi starfsfólk orðið meðvitaðra um að hlusta og taka slíkar ásakanir alvarlega. Þó kom í ljós kom að töluvert óöryggi var á meðal starfsfólks varðandi viðeigandi viðbrögð og að á þjónustumiðstöðvum borgarinnar vantaði meiri þekkingu til að geta veitt ráðgjöf við hæfi. Kynferðisbrotamálum var því gjarnan vísað til verkefnastýru Jafnréttisskóla Reykjavíkur og veitti hún ráðgjöf, stuðning og fræðslu eftir aðstæðum.

Hlutverk Jafnréttisskólans er ekki að sinna einstaklingsmálum og því var tekin sú ákvörðun að reyna að koma á samstarfi á milli SFS og Velferðarsviðs um viðbrögð við þeim kynferðisbrotamálum sem upp

kæmu. Eftir nokkuð langan undirbúning var sú ákvörðun tekin að mynda ráðgjafateymi sem hefur það hlutverk að viða að sér þekkingu á kynferðisofbeldi, sinna fræðslu og veita ráðgjöf og stuðning til starfsstaða skóla- og frístundasviðs eftir þörfum. Ráðgjafateymið er skipað fulltrúum frá öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og fulltrúa skólahjúkrunarfræðinga en verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur er formaður teymisins. Fyrsti fundur teymis var í maí 2020 en teymið hefur unnið að því að koma sér upp verkferlum auk þess að hafa á síðustu mánuðum aflað sér þekkingar á birtingarmyndum og afleiðingum kynferðisofbeldis. Teymið mun hafa fasta tengiliði til að leita til eftir þörfum hjá Stígamótum, neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis, kynferðisbrotadeild lögreglunnar og Barnavernd Reykjavíkur.

Stjórnendur í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar geta leitað til sinnar þjónustumiðstöðvar varðandi ráðgjöf eða stuðning í kynferðisbrotamálum og mun fulltrúi teymisins hjá þjónustumiðstöðinni sjá um að koma málinu í viðeigandi farveg.

Barnamenning

Fjölbreytt verkefni á sviði barnamenningar eru unnin á NýMið og er nokkrum þeirra gerð skil í kafla hér fyrir neðan um sköpun, list- og verkgreinar. Barnamenningarhátíð og *Skrekkur* eru tvö af þeim stóru verkefnum.

Barnamenningarhátíð er þátttökuhátíð þar sem skipulagður er fjöldi menningarviðburða fyrir börn og ungmenni í skóla- og frístundastarfi. Börn fá líka tækifæri til að sýna eigin verk, á sýningum á lista- og menningarstofnunum og unnin undir leiðsögn starfsfólks SFS og listafólks. Eins og kemur fram í skýrslunni var fyrirkomulag hátíðarinnar á árinu með breyttu sniði vegna faraldursins. Sjá nánar www.barnamenningarhatid.is

Skrekkur er stór þátttöku- og lýðræðisviðburður unglunga þar sem skólar keppa í sviðslistum á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu. Á *Skrekk* rætast sviðsdraumar marga unglunga í þeim fjölbreyttu hlutverkum sem felast í uppsetningu á sviðslistaverki. *Skrekkur* er haldinn árlega en keppninni var frestað í ár eins og áður hefur komið fram.

Alþjóðasamstarf og styrkir

Verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja situr í teymi NýMið en skóla- og frístundasvið hefur markað sér þá stefnu að vera leiðandi í alþjóðasamstarfi á sviði mennta- og æskulýðsmála með því að styðja við virka þátttöku grunnskóla, leikskóla og frístundamiðstöðva í evrópskum samstarfsverkefnum. Vegna Covid-19 hefur framkvæmd alþjóðaverkefna með heimsóknum og fl. legið að mestu niðri frá því í mars 2020. Þrátt fyrir það var haldið áfram að leita eftir styrkjum og í febrúar, apríl og október var sótt um styrki til Erasmus+ vegna verkefna sem fram fara árið 2021-2023. Um leið og faraldurinn er yfirstaðinn er gert ráð fyrir mikilli og virkri þátttöku starfsstaða SFS í alþjóðasamstarfi.

125,5 m.kr í styrki fyrir 33 alþjóða verkefni

Árið 2019 og 2020 var sótt um styrki vegna 23 verkefna frá landsskrifstofu Erasmus+ á Íslandi og fengu 21 þeirra styrk. Heildarstyrkupp hæð nam 95 m.kr. Að auki er SFS samstarfsaðili í 3 verkefnum, bæði í uppbyggingarsjóði EES og Erasmus+ og nema styrkir til Reykjavíkurborgar rúmlega 22. m.kr. Í heild hafa fengist rúmlega 125,5 m.kr í styrki fyrir 33 verkefnum.



Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á [heimasíðu menntastefnunnar](#). Þar má einnig finna [yfirlit yfir styrkjartækifæri fyrir skóla, leikskóla og frístundastarf](#). Í [fylgiskjali 8](#) má sjá lista yfir aðþjóðaverkefni SFS.

Þróunar- og nýsköpunarsjóðurinn „Látum draumana rætast“

Leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum í Reykjavík gafst kostur á að sækja um allt að 200 m.kr. til þróunar- og nýsköpunarverkefna fyrir skólaárið 2020-2021.

Forsenda styrkveitingar er að verkefnin byggji á leiðarljósum, grundvallarþáttum og/eða framtíðarsýn menntastefnunnar „Látum draumana rætast“. Þróunar- og nýsköpunarsjóður skiptist í A-hluta og B-hluta. Á árinu 2020 fengu 170 verkefni styrk í A-hluta og í B-hluta fengu 10 verkefni styrk.

170 verkefni
í A-hluta
fengu styrk


A-hluti

150 milljónum er úthlutað til grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita úr A-hluta byggt á einföldu og skýru umsóknarferli. Styrkuppþæðir ráðast af reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfanga að frádregnum húsnæðiskostnaði.

Til hliðar má sjá hlutfall þeirra þátta menntastefnunnar sem settir voru í fyrsta sæti. Aðrar upplýsingar um það hvernig styrkirnir skiptast í A- hluta á starfsstöðum er að finna í [fylgiskjali 9](#).

Fyrsta val starfsstaða á menntastefnuþáttum í styrkumsóknum í A-hluta breyttist nokkuð á milli árána 2019-2020 og 2020-2021. Má sem dæmi nefna að fleiri leikskólar settu fyrsta val á þættina *félagsfærni*, *heilbrigði*, *læsi* og *sköpun* síðara árið en mun færri settu *sjálfsefningu* í fyrsta val 2020-2021 heldur en árið á undan. Einnig settu mun færri grunnskólar *sjálfsefningu* í fyrsta val síðara árið en fleiri settu *fagmennsku og samstarf*, *læsi*, *sköpun* og *virgni barna og þátttöku* í fyrsta sæti. Fleiri frístundamiðstöðvar settu *fagmennsku og samstarf*, *félagsfærni*, *heilbrigði*, *læsi*, *sköpun* og *virgni og þátttöku barna* í fyrsta sæti árið 2020-2021 en árið á undan.

Hlutfall þátta menntastefnunnar sem settir voru í fyrsta sæti í umsóknum í A-hluta 2020-2021



B-hluti

50 milljónum er úthlutað til stærri samstarfsverkefna úr B-hluta að lágmarki 4.mkr. og að hámarki 8.mkr.


25 umsóknir
og 10 styrkt
verkefni í B-
hluta

Í stærri samstarfsverkefnum er gerð krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga, s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis. Auk þess er gerð krafa um að verkefni byggji á rannsóknum eða sé unnið í samvinnu við fræðasamfélagið. Tíu verkefni fengu styrk skólaárið 2020-2021 en þar af eru átta unnin í samvinnu við fræðasamfélagið. Sjá yfirlit yfir styrkt verkefni á árinu í [fylgiskjali 10](#). Yfirlit yfir samstarf fræðasamfélagsins við SFS vegna þróunar- og nýsköpunarstarfs má [sjá í skýrslu yfir samstarf sviðanna tveggja](#).

Utanumhald og skipulag

Á árinu var farið í að endurskipuleggja utanumhald gagna á sameign og festa í sessi verklag; verkaskiptingu, umsóknarform, yfirferð umsókna og greinargerð/lokaskýrslu og greiðslu styrkja. Í þessu

skyni var útibúið myndræn framsetning á verkferli, sjá hér að neðan. Fjármagn vegna verkefna sem hafa tafist vegna Covid-19 var flutt í heilu lagi yfir á árið 2021 en líkt og reglur gera ráð fyrir eru 2/3 hlutar greiddir við undirritun styrkja (B-hluti) eða skil á umsókn (A-hluti) en lokagreiðslur fara fram þegar skýrslu hefur verið skilað.



Sýnileiki


Löð hefur verið áhersla á að gögn um styrkina séu aðgengileg og sýnileg á [vef menntastefnunnar](#). Þar er að finna [reglur um A-hluta](#) og [reglur um B-hluta](#), leiðbeiningar um [A-hluta](#) og [B-hluta](#), umsóknarform um [A-hluta](#) og [B-hluta](#), skapalón fyrir greinargerðir og skýrslur og upplýsingar um verkefni sem fengið hafa styrki. Undir [styrkt verkefni A-hluta](#) er hægt að finna hvaða starfsstaðir vinna að sambærilegum verkefnum með því að velja starfsstaði og grundvallarþættina. Undir [styrkt verkefni B-hluta](#) er hægt að finna upplýsingar um öll verkefni sem hlotið hafa styrk, auk þess sem þar er hægt að nálgast ítaefni og kynningar um styrkt verkefni, eftir því sem verkefninu vindur fram.

Læsi

[Miðja máls og læsis](#) heldur utan um aðgerðir sem miða að því að efla málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna. Í MML starfa ráðgjafar og brúarsmiðir sem veita fjölbreyttan stuðning og fræðslu fyrir starfsfólk starfsstaða skóla- og frístundsviðs með:

- skipulögðum námskeiðum með skráningu
- lærdómssamfélagshópum, jafningjastuðning með fræðslu
- faglegri handleiðslu og ráðgjöf
- skipulögðum fræðsluerindum
- stuttum sem lengri fræðsluerindum í samstarfi við starfsstaði

Í [fylgiskjali 11](#) er yfirlit yfir lærdómssamfélög, ráðgjöf, fræðslufundi og fjölbreytt samstarf Miðju máls og læsis.



Dæmi um fræðslu og ráðgjafarpakka til starfsstaða:

Unnið var að tilrauna- og rannsóknarverkefni með Ölduselsskóla á árinu. Ráðgjafar MML unnu í 8 vikur með hópi nemenda til að kanna hvort tiltekið ílag sýndi árangur. Lögð var áhersla á læsi og orðaforða í 4. bekk með sérstakri áherslu á tví- og fjöltyngda nemendur og nemendur með málþroskavanda. Verkefnið var metið fyrir og eftir íhlutun og ráðgjöf var veitt til kennara áður, meðan og í kjölfar verkefnis. Ílagið sýndi góðan árangur og mikilvægar upplýsingar fengust úr verkefninu.

1. Skólastjórnandi leggur inn ósk um stuðning vegna tiltekinna áskorunnar
2. Skipulag í samráði við skólastjórnendur
3. Fundur í byrjun með öllum starfsmönnum skólans
4. Fundir með smærri hópum s.s. kennurum á hverju stigi
5. Ráðgjöf við einstaka kennarateymi eða einn kennara
6. Innkoma ráðgjafa í kennslustundir með stuðning til kennara
7. Í framhaldið er haldið námskeið fyrir allan starfsmannahópinn eða kennara til að efla og bæta starfshætti/kennsluaðferðir

Mat á verkefnum MML

Reglulega er send könnun til skólastjórnenda þar sem þeir eru m.a. spurðir um ánægju með framboð og stuðning MML.

Leikskólar

	Ráðgjöf	Fræðsla	Námskeið	Annað samstarf
Mjög gagnleg	77%	76%	62%	91%
Frekar gagnleg	23%	18%	31%	9%
Hvorki né	0%	5%	8%	0%
Lítið gagnleg	0%	0%	0%	0%
Ekki gagnleg	0%	0%	0%	0%

Grunnskólar

	Ráðgjöf	Fræðsla	Námskeið	Annað samstarf
Mjög gagnleg	39%	36%	43%	67%
Frekar gagnleg	52%	55%	36%	22%
Hvorki né	9%	5%	21%	11%
Lítið gagnleg	0%	5%	0%	0%
Ekki gagnleg	0%	0%	0%	0%

Sérstakur stuðningur

Í almennum aðgerðum er lögð áhersla á að einfalda allt stoðkerfi við börn, samþætta í eina heild skipan og verklag skólabjónustu, beita snemmtækri íhlutun og draga úr greiningum sem forsendu fjárveitinga. Þegar hefur verið hafist handa við fjölmörg verkefni sem öll miða að þessum áherslum.

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem haldinn var 20. september 2019 var samþykkt að setja af stað stýrihóp um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir. Hlutverk stýrihóps er að hafa umsjón og styðja við innleiðingu breytinga á þjónustu fyrir fjölskyldur barna með sérstakar þjónustuþarfir sem veitt er af velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Unnið er á grundvelli menntastefnu Reykjavíkur, nýju samstarfsneti fyrir börn og fjölskyldur þeirra og niðurstöðum úttektar Evrópumíðstöðvar um menntun fyrir alla á Íslandi.

Markmiðið er að leggja fram tillögur að bættri þjónustu við börn og forsjáraðila þeirra, auka skilvirkni hennar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum. Stýrihópurinn er skipaður formönnum velferðarráðs og skóla- og frístundaráðs, sviðsstjórum beggja sviða og tveimur skrifstofustjórum.

Ýmis grunnstefnumótunarvinna og verkefni eru nú þegar í gangi bæði á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði, auk samstarfsverkefna beggja sviða. Stýrihópurinn miðar við að á meðan ákveðnir þættir í þeirri vinnu eru kláraðir verði lögð áhersla á að taka ákveðin skref. Meginleiðarljós í þessari vinnu eru tillögur sem fram koma í [skýrslu Evrópumíðstöðvar um Menntun fyrir alla á Íslandi, úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi \(2017\)](#). Þar eru settar fram sjö megingintillögur um æskilegar ráðstafanir til að hafa til hliðsjónar í þessari vinnu. Sjá tillögur í [fylgiskjali 12](#). Tillögurnar miðast allar við það yfirlýsta markmið menntakerfisins að tryggja skilvirkari stefnumótun og framkvæmd á sviði menntunar án aðgreiningar, bæði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga og í öllum skólum og aldurshópum.

Skóla- og frístundasvið helstu verkefni

Frá því að menntastefnan var samþykkt hefur aukin áhersla verið lögð á markvissan og fjölbreyttan stuðning við börn í skóla- og frístundastarfinu en flest þeirra verkefna styðja vel við hugmyndir farsældarfrumvarpsins sem vísað er í hér fyrir aftan. Um sum þessara verkefna er fjallað um nánar í tengslum við verkefni MML og fjölmenningsarteymis. Verkefnin eru m.a.:

- *Nýtt reiknilíkan fyrir grunnskóla*, þar sem skoðað er m.a. fjöldi barna af erlendum uppruna, sérkennsla og þörf fyrir stuðning. Matstækið felur í sér verkfæri þar sem útdeling fjármagns tekur mið af framangreindum þáttum.
 - **Vísar að auknum tækifærum** (e. Learning opportunités index – LOI) er stuðull sem reiknaður er út fyrir grunnskóla og á að endurspegla þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins og geta haft áhrif á árangur hans. Lokið er mótun aðferðafræði slíks stuðuls fyrir Reykjavík sem byggir á kanadískri fyrirmynd. Starfandi er hópur um endurskoðun reiknilíkans grunnskóla sem mun meta hvort og hvernig megi nýta aðferðafræði LOI til útdelingar einhvers hluta þess fjármagns sem fer til grunnskólanna.
- [Farteymi eru starfrækt](#) í báðum borgarhelmingum til að mæta vanda nemenda með alvarlegan og fjölþættan vanda í grunnskólunum. Teymin starfa innan skólanna, vinna með nemandanum og veita kennurum og öðru starfsfólki handleiðslu.
- [Brúarsmiðir](#) hjá Miðju máls og læsis. 100% aukning stöðugilda frá áramótum

- [Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna á 40 tungumálum - Sænska](#) matstækið hefur verið innleitt í starfsemi MML og er ætlað til að meta námsstöðu allra barna af erlendum uppruna við komu til landsins og eru að hefja nám í íslenskum grunnskólum.
- *Draumaskólinn Fellaskóli* - skólasamfélag með framtíðarsýn sem felur í sér breytingar á starfsháttum. Megináhersla er á leiðsagnarnám og teymisvinnu kennara, tónlist/listsöpun, málþroska, læsi, samþætt skóla- og frístundastarf og markvisst samstarf við leikskóla
- *Lausnateymi* – gefin hafa verið fyrirmæli um að þeim verði komið á í öllum grunnskólum
- *Sérkennslustjóri* – er nú í öllum leikskólum
- [Stoðdeildin Birta](#) hóf starfsemi í ágúst 2019 í húsnæði frístundaheimilisins Álfabæjar. Deildin er skólaúrræði fyrir börn sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd hér á Íslandi og eru á aldrinum 8 til 16 ára. Gert er ráð fyrir að yngri nemendur hefji nám í sínum heimaskóla í ljósi þess að á þeim tímapunkti er verið að hefja lestrarkennslu frá grunni. Tillaga um verkefnið var samþykkt 2018 er hún var kynnt í skýrslunni *Velkomin - um móttöku innflytjenda, flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernda*. Á fyrsta starfsári verkefnisins hafa um 25 börn farið í gegnum stoðeildina.
- *Börn af erlendum uppruna*. Endurskoðun á úthlutun fjármagns til stuðnings barna af erlendum uppruna.
- *Handbók um framkvæmd vegna [stuðnings og sérkennslu í leikskólum](#)*.
- *Faghópur um sérkennslu og stuðning í leikskóla*.
- *Sérrúrræði*. Fjölgun pláss í Arnarskóla og ný einhverfudeild í Réttarholtsskóla.
- *Frístundafræðingur í skólum*. Verkefni þeirra er að huga að félagsfærni barna og vinna með börn sem þurfa hvatningu og fylgja þeim frá skóla og yfir í frístundaheimili.
- [Flotinn, flakkandi frístundamiðstöð](#), þar sem félagsmiðstöðvar hafa frumkvæði að samstarfi innan hverfa og milli hverfa til að bregðast við áhættuhegðun unglinga. Sett er af stað vinna sem miðar að því að stemma stigu við brotthvarfi úr skipulögðu frístundastarfi og skapa aðstæður til að koma betur til móts við unglinga með annað móðurmál en íslensku.

Tillögur starfshópsins „Barnið í forgrunni“

Starfshópurinn skilaði skýrslu í júlí 2019. Þar var lögð fram tillaga um verklag við mat á þjónustubörf, útfærslu þjónustu og framkvæmd. Tillagan byggir á vinnu starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar en Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins og fulltrúar þroska- og hegðunarstöðvar komu að vinnu hans á seinni stigum. Lagðar voru fram fimm tillögur:

1. Tillaga um málstjóra á þjónustumiðstöðvum. Málstjóri er verkefnastjóri gagnvart þeirri þjónustu er barn nýtur og hefur það verkefni að tryggja að barn fái nauðsynlega samþætta þjónustu. Málstjóri tryggir eftirfylgni og endurmat og er leiðsögumaður fjölskyldu barnsins í gegnum velferðarkerfið.
2. „Reykjavíkurmódelið“ sem byggir á vinnu þjónustumiðstöðvar Breiðholts verði innleitt í allri borginni.
3. Komið verði á reglulegum samráðsfundum milli GRR og þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar til að efla samvinnu og auka eftirfylgni að lokinni greiningu.
4. Skipaður verði starfshópur sem leggur fram leiðbeiningar og viðmið við greiningar í Reykjavíkurborg ásamt því hvernig samstarfi við stofnanir ríkisins verði háttað.
5. Skipaður verði starfshópur sem vinnur tillögur að breytingum á fjármögnun sem miði að því að draga úr vægi greininga.

Nokkrir starfshópar um málaflokkinn:

- Starfshópur um **sameiginlega stefnu um skóla- og frístundastarf án aðgreiningar** með áherslu á sérkennslu og stuðning í skóla- og frístundastarfi lagði í janúar 2020 fram greinagerð með hugmyndum sem hægt verður að nýta til stefnumörkunar í málaflokknum.
- Starfshópar um þjónustu við börn með **einhverfu og á einhverfurófinu** skilaði skýrslu á árinu 2020.
- Starfshópur um **þjónustu sértækra félagsmiðstöðva**
- Erindisbréf vegna starfshóps um snemmtæka íhlutun vegna hegðunarvanda í grunnskólum er á lokametrinum. Áhersla skóla- og frístundasviðs og velferðasviðs er að draga úr alvarlegan hegðunarvanda í grunnskólum borgarinnar með snemmtækri íhlutun. Til að ná því markmiði verði samstarf skóla, hegðunarráðgjafa, sálfræðinga, kennsluráðgjafa og annarra fagaðila aukið og gert markvissara. Hópurinn á að skila niðurstöðum í lok mars 2021.

Úttekt á framkvæmd sérkennslu

Niðurstaðna viðamikillar úttektar á framkvæmd sérkennslu og stuðnings við fjölbreytta nemendahópa í 10 grunnskólum er að vænta í byrjun árs 2021. Hrund Logadóttir hefur umsjón með verkefninu sem hefur falist í því að safna upplýsingum með því að rýna í gögn, gera kannanir, taka viðtöl, rýnihópasamtöl og fara í vettvangsathuganir í skóla.

Samstarfsverkefni SFS og VEL

- [Betri borg fyrir börn, þróunarverkefni í Breiðholti](#) - Tilgangurinn er að gera samstarf SFS og VEL markvissara í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Stefnt er að því að bæta þjónustuna og færa hana í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtæktrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, færa stjórnun stofnana sviðsins nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri mannvirkja og mannauðs.
- Tíu talmeinafræðingar eru að störfum og þjóna leikskólum og grunnskólum
- *Hegðunarráðgjafar* sem sinna stuðningi í leik- og grunnskólum eru starfandi í öllum þjónustumiðstöðvum
- *Viðmið um skólasókn í Reykjavík* – markmiðið er að hafa sömu viðmið um skólasókn í öllum grunnskólum svo hægt sé að taka á skólaforðun
- *Samstarf við Brúarskóla* í tengslum við verkefni *Keðjan* og *Skahm* hjá velferðarsviði, sem tengist vinnu með börnum og unglingum með alvarlegan hegðunarvanda
- *Samhæfingaraðili skólaþjónustu* – Helgi Viborg ráðinn til þess verkefnis
- *Velkomin verkefnið*; móttaka og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjanda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarfi hefur verið innleitt í öllum þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs og nú er verið að huga að innleiðingu í leikskólum á þjónustusvæði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.
- *Fjárhagsleg greining í skóla- og frístundastarfi og velferðarþjónustu, til barna sem þurfa sérstakan stuðning* – Skipt eftir skólahverfum.

Stefnur og málefni í vinnslu

Drög að frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Nýtt farsældarfrumvarp mun hafa mikil áhrif á þá þjónustu sem verður veitt í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Í [drögum frumvarps félags- og barnamálaráðherra til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#) sem lögð voru fyrir Alþingi 30. nóvember 2020 segir m.a.:

- Lagðar eru skyldur á þjónustuveitendur að fylgjast með barni og bregðast við ef þeir verða varir við að þörfum þess sé ekki mætt.
- Lagt er til að tryggja öllum börnum aðgang að tengilið í heilsugæslu, í leik-, grunn- eða framhaldsskóla eða hjá félagsþjónustu sveitarfélags. Hann veitir barni og foreldrum leiðbeiningar og aðstoð vegna þjónustu á fyrsta stigi. Ef þess er óskað aflar tengiliður upplýsinga frá öðrum sem veita barni þjónustu og getur skipulagt og fylgt eftir samþættingu í þjónustu.
- Ef barn þarf frekari eða sérhæfðari þjónustu en er veitt á fyrsta stigi tilnefnir sveitarfélag málstjóra annars og/eða þriðja þjónustu í þágu barnsins. Málstjóri kemur á fót stuðningsteymi með sem gerir stuðningsáætlun þar sem þjónusta sem barnið og foreldrar þess þurfa á að halda er samþætt.

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar í mótun

Velferðarráð samþykkti haustið 2019 að mótuð yrði heildstæð stefna á sviði velferðarmála til næstu tíu ára. Þar ræður miklu að breyttar kröfur eru til þjónustu sem kallar á breytt vinnulag sem hefur áhrif á starfsþróun sviðsins. Unnið er að [mótun stefnunnar](#) í samvinnu við hagsmunaðila, kjörna fulltrúa, starfsfólk velferðarsviðs og samstarfsaðila sem og einnig hefur verið leitað til almennings í gegnum íbúagátt. Fjölbreytt verkefni á velferðarsviði eru unnin í nánú samstarfi við skóla- og frístundasvið og bæta þau þjónustu við börn, unglinga og fjölskyldur. Yfirlit yfir þau verkefni er að finna í [fylgiskjali 13](#).

Sérstök áhersla á stuðning við börn af erlendum uppruna

Í almennum aðgerðum er lögð áhersla á stuðning við börn af erlendum uppruna, bæði í tengslum við læsi og íslensku sem annað mál, en ekki síður í tengslum við stuðning við nám og leik í starfi án aðgreiningar. Fjölmenningarteymi SFS, sem í sitja fulltrúar fagskrifstofu og MML, hefur það hlutverk að fylgja eftir menntastefnu með áherslu á innleiðingu á stefnu SFS í fjölmenningarlegu skóla- og frístundastarfi „[Heimurinn er hér](#)“ frá 2014 og verkefninu „[Velkomin – skýrslu starfshóps um móttöku og aðlögun innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarfi](#)“ frá 2018.

Á árinu 2020 vann fjölmenningarteymi SFS að ýmsum verkefnum sem snéru að innleiðingu *Velkomin verkefnisins* samhliða öðrum sem fylgdu COVID-19 faraldrinum. Innleiðing á verkefninu *Velkomin í hverfið þitt* hélt áfram og er ólokið. Fulltrúar verkefnisins funduðu með skólum, þjónustumiðstöð og fulltrúum frístundamiðstöðva



þar sem farið var yfir hvert skólahverfi fyrir sig sem gekk mjög vel. Verkefnið er í góðri innleiðingu og hefur sannað sig og sýnt mikilvægi þess að þetta samstarf sé fyrir hendi. Innleiðing á Velkomin í leikskólunum fór af stað í tveimur leikskólum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum og tveimur leikskólum í Breiðholti í samstarfi við tengiliði verkefnisins frá þjónustumiðstöðvunum. Þeirri vinnu verður haldið áfram á komandi starfsári, verklag prófað og í kjölfarið kynnt fyrir leikskólum og þjónustumiðstöðvum í öðrum hverfum borgarinnar. Óformlegur starfshópur utan um fjölskyldumiðstöð í nýrri Miðborg var stofnaður. Hann hefur nú tekið formlega til starfa í samstarfi við ÞVMH og Heilsugæslu höfuðborgarinnar og á verkefnið að vera fyrirmynd fyrir önnur hverfi borgarinnar.

Í fyrstu bylgju COVID-19 var ástæða til að hafa áhyggjur af börnum í viðkvæmri stöðu og börnum af erlendum uppruna. Þau síðarnefndu mættu síður í leik- og grunnskóla. Hvatningarbréf til foreldra og upplýsingar um viðbrögð við faraldrinum á Íslandi, t.d. hvers vegna skólar væru opnir, voru þýdd yfir á nokkur tungumál og send til skólanna sem áframsendu á foreldra. Margir foreldrar voru í samskiptum við brúarsmiði MML í fyrstu bylgjunni og sinntu þeir m.a. stuðningi við heimanám.

Umsækjendum um alþjóðlega vernd fjölgaði ört á árinu en undir mitt haust var kominn biðlisti inn í stoðdeild Birtu þar sem húsnæðið rúmaði ekki alla nemendur. Á sama tíma hafa stöðuveitingar aldrei verið fleiri og hefur orðið mikill viðsnúningur í þeim málum. Fjöldi barna og ungmenna sem fá stöðu flóttafólks hefur aldrei verið meiri og hefur biðtími í umsóknarferlinu styst til muna. Þetta hefur haft það í för með sér að fleiri börn með mjög rofna skólagöngu eru að útskrifast úr stoðdeild Birtu vegna fjöldatakmarkana og eru farin inn í almenna skólakerfið. Þetta er mikið áhyggjuefni en framundan er samstarf við velferðarsvið og önnur sveitarfélög til að mæta þörfum þessa ört stækkandi hóps. Þörf er á stuðningi fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri sem fá stöðu flóttafólks og minnisblað þar um var sent velferðarsviði haustið 2020.

**25 börn í Birtu
stoðdeild fyrir
börn sem eru
umsækjendur um
alþjóðlega vernd**

Fjölmenningatrymi skóla- og frístundasviðs bauð upp á margskonar fræðslu fyrir börn, ungmenni, starfsfólk, kennara og foreldra í leik-, grunnskólum og í frístundamiðstöðvum. Brúarsmiðir Miðju máls og læsis tóku að sér ýmis konar heimanámsaðstoð við fjöltyngda nemendur í miðjum faraldrinum. Tilraunaverkefnið „Lært í gegnum leikinn“ var sett á laggirnar í vor og sumar þar sem svigrúm fékkst til að ráða inn háskólanema. Verkefnið gekk út á að efla íslensku-kunnáttu barna í 1. – 4. bekk og í 5.–10. bekk á sumarnámskeiðum í júní og ágúst. Alls voru um 120 börn þátttakendur í verkefninu, um 70 í hópi yngri barna og 60 í hópi eldri barna. Námskeiðið fór fram í öllum hverfum borgarinnar og komu börnin frá þeim flestum eða 23 úr Miðborg og Vesturbæ, 32 úr Laugardal og Haáleiti, 17 úr Árbæ og Grafarvogi og 13 úr Breiðholti. Verkefnið hepnnaðist vel og er augljós þörf fyrir áframhald á því á komandi sumri.

**130 börn á
sumar
námskeiði í
íslensku**

Verkefninu „Íslenska grunnskólakerfið“ lauk á árinu en um er að ræða stutt myndbönd um íslenskt grunnskóla- og frístundastarf á vegum skóla- og frístundasviðs sem búið er að þýða á níu tungumál. Myndböndin eru öll aðgengileg í [verkfærakistu menntastefnunnar](#). Verkefnið er samstarfsverkefni SFS og Samfok. Samskonar myndband er í vinnslu fyrir leikskólastarfið.

Útbúið var efni um tyllidaga og jól á Íslandi sem var þýtt á ellefu tungumál og er nú [aðgengilegt í verkfærakistu menntastefnunnar](#).

Unnið hefur verið að því að auka fjármagn til kennslu íslensku sem annars máls og var samþykkt í lok árs að hækka úthlutun um 143 milljónir króna.

Aukið vægi náttúrugreina, stærðfræði, list- og verkgreinar

Spennandi verkefni hafa verið unnin til að auka vægi náttúrugreina, stærðfræði, útináms og sköpunar í skólastarfi og til að tryggja aðgengi barna að fjölbreyttu list- og verknámi. Hér verður farið yfir helstu verkefni en einnig var fjallað um einstök námskeið í þessu samhengi í kafla um starfsþróun hér að framan.

[LÁN - Litrænt ákall til náttúrunnar](#) er þverfaglegt þróunarverkefni á vegum skóla- og frístundasviðs sem ætlað er að skapa samtal á milli náttúrufræði og listgreina. Lögð er áhersla á að náttúrufræðslu r á skapandi og nýstárlegan hátt með aðferðum list- og verkgreina.

Markmið LÁN samstarfsverkefnisins er að:

- List- og verkgreinakennarar öðlist nýja sýn á náttúrufræði á sama tíma og náttúrufræðikennarar (bekkjakennarar) kynnast vinnuaðferðum í list og hönnun.
- Kennarar byggja á fyrri reynslu og leiti leiða við að auka áhuga ungs fólks á náttúrufræðum og sjálfbærni.
- Þróa verkefni sem styrkja sjálfsmynd nemenda, gagnrýna hugsun og trú þeirra á eigin getu.
- Ýta undir nýsköpun í skólastarfi, þróun nýrra kennsluaðferða og þverfaglegs samstarfs.
- Stuðla að starfsþróun kennara með áherslu á skapandi kennsluhætti.
- Mæta kröfum menntastefnu Reykjavíkur um fjölbreytta kennsluhætti.
- Stuðla að samtali milli kennara sem vilja innleiða kennslu um sjálfbærni og þverfaglega kennsluhætti með fjölbreyttum námskeiðum og stuðningi.
- Styrkja tengslanet milli skóla í Reykjavík.

Til að bregðast við heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er nauðsynlegt að gera róttækar breytingar á nálgun skólasamfélagsins. Flestum er ljóst að við þurfum að að læra að lifa á sjálfbæran máta þar sem hlúð er að félagslegum, og vistfræðilegum þáttum á friðsælan hátt. Loftslagsbreytingar eru kerfisbundin vandi sem á rætur í alþjóðlegum efnahags-, félags-, og menningarlegum kerfum sem fela í sér ósjálfbæra neyslu, ójöfnuð og tengslaleysi við náttúruna. Stefnumörkun, tækni og hagkvæmar fjárfestingar duga ekki til að takast á við vandann. Mörg vel lukkuð listaverk geta hreyft við fólk og fengið það til að spyrja sig áleitinna spurninga sem tengjast daglegu lífi. Í skólastarfi er hægt að skapa aðstæður fyrir nemendur til að brúa bilið milli þekkingar og þeirra gilda sem við viljum lifa eftir með skipulagningu listrænna viðburða.



Þátttökuskólar í LÁN eru: *Fellaskóli, Foldaskóli, Hagaskóli, Háaleitisskóli, Húsaskóli, Klettaskóli, Landakotsskóli, Laugalækjarskóli, Laugarnesskóli, Melaskóli, Seljaskóli, Sæborg, Vesturbæjarskóli, Vogaskóli og Ægisborg*

[Leiðsagnarnám í grunnskólum.](#) Mikill áhugi og gróska hefur verið í tengslum við leiðsagnarnám í grunnskólum borgarinnar. Frá því að verkefnið fór af stað hafa um 25 grunnskólar unnið að innleiðingu þess. Verkefnið hefur verið þróað í þá átt að fjórir þekkingarskólar sérhæfa sig í innleiðingu

leiðsagnarnámsins en þeir eru *Hlíðaskóli, Kelduskóli, Dalsskóli og Háaleitisskóli*. Þá hefur í verkefninu *Draumaskólinn Fellaskóli* verið ráðið í stöðugildi verkefnastjóra í innleiðingu leiðsagnarnáms.

Unnið hefur verið þétt með innleiðingarteymum í þekkingarskólunum sem munu koma markvisst að áframhaldandi innleiðingu og uppbyggingu leiðsagnarnámsins í öllum skólum borgarinnar. Boðið var upp á námskeið sem miðuðu að því að efla unglingadeildakennara í leiðsagnarnámi, auk þess sem kynningarfundir voru haldnir, bæði almennir fundir og fyrir kennara einstakra skóla. Einnig var boðið upp á menntasmiðjur sem fjölluðu meðal annars um a) uppbyggingu námsmenningar sem forsendu leiðsagnarnáms

b) að setja námsmarkmið og viðmið og nota fyrirmyndir á unglingastigi.



Námsferð til Bretlands var fyrirhuguð á haustönn með kennurum fjögurra þekkingaskóla. Tilgangur ferðarinnar var að kynna starfi þriggja breskra skóla sem hafa nýtt sér leiðsagnarnám með undraverðum árangri. Ferðinni var frestað vegna Covid-19 en verður sett á dagskrá um leið og fært verður á milli landa. Þá er í undirbúningi námskeið um leiðsagnarnám að fyrirmynd Reykjavíkurborgar undir hatti *Menntafléttunar – námssamfélag leiðtoga* sem nánar er fjallað um hér að neðan í tengslum við stærðfræði.


[Miðstöð útivistar og útináms MÚÚ](#) hefur það hlutverk að styðja við útinám, útivist og sjálfbærni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Starfsemin felst í fræðslu og stuðningi við starfsfólk SFS, móttöku skólahópa í skipulagða dagskrá, aðgengi að útivistarsvæðum og útikennslustofum, verkefnakistum með safni áhugaverðra útiverkefna og efnisveitu þar sem veitt er aðgengi að náttúrulegum efnum til notkunar í starfi. Þá hefur MÚÚ umsjón með skipulögðum heimsóknum grunnskólanema í Perluna á skólatíma. MÚÚ býður öllum skólum og frístundastöðvum Reykjavíkurborgar; grunnskólum, leikskólum, frístundarheimilum og félagsmiðstöðvum þjónustu sína með valkostum fyrir alla aldurshópa til að stunda fjölbreytta útivist og frístundaiðkun, allan ársins hring. Í kafla um starfspróun hér að framan var fjallað nánar um fræðslu á vegum MÚÚ.



Aukin áhersla á stærðfræði. Í vetur hafa nokkir skólar úr Reykjavík tekið þátt í *Menntafléttunni námssamfélagi leiðtoga* í stærðfræði sem haldið er á vegum Menntavísindasviðs HÍ. Markmiðið er að tengja nám í *Menntafléttunni* beint við daglegt starf kennara en verkefni og þróunarhringir (sjá mynd

fyrir neðan) eru samofin námi barnanna. Tíu grunnskólar eru eða hafa verið þátttakendur í verkefninu (*Breiðagerðisskóli, Klébergsskóli, Norðlingaskóli, Seljaskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Ölduselsskóli, Rimaskóli, Fossvogsskóli, Dalsskóli, Borgarskóli, Vesturbæjarskóli og Vættarskóli*).

Í vetur er hugtakaskilningur þema námskeiðanna. Í janúar 2021 hófst námskeiðið *Stærðfræðinám* í



leikskóla með þátttöku *Nóaborgar* og *Reynisholts*. Námskeiðin byggja á [sænskri fyrirmynd](#) þar sem þátttakendur– leiðtogarnir – byggja upp námssamfélag í sínum skólum og vinna í ákveðnum þróunarhring sem samanstendur af fjórum skrefum, sjá mynd fyrir neðan. Námssamfélögin voru í fyrstu prófuð með nokkrum skólum úr Reykjavík en eru nú í boði fyrir skóla um allt land.

Í leiðtoganámi stærðfræði í leikskóla er lögð áhersla á stærðfræðileg viðfangsefni sem hægt er að tengja við athafnir og viðfangsefni leikskólabarna. Markmiðið er að auka skilning leikskólastarfsfólks á því hvað geti talist stærðfræðilegviðfangsefni. Um leið eykst hæfni þeirra til að skipuleggja, undirbúa og fylgja eftir vinnu barna með það að markmiði að auka hæfni þeirra til að taka virkan þátt í stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Í leiðtoganámi stærðfræði í grunnskóla á yngsta og miðstigi er fjallað um mikilvægi hugtakaskilnings í stærðfræði og nálgun í kennslu sem skapar nemendum tækifæri til að efla hugtakaskilning og stærðfræðilega hæfni jafnhliða því að efla málproska. Bent er á leiðir í kennslu þar sem nemendur fá örvun til að ræða saman og færa rök fyrir lausnum sínum. Mikilvægt er að hafa í huga að allt nám byggir á tungumáli og því er ljóst að málnotkun er eðlilegur hluti stærðfræðináms. Námskeiðið byggir á þremur grunnviðmiðum:

- Að tengja stærðfræðinám við daglegt líf
- Að stuðla að virkri málnotkun
- Að veita stuðning við notkun tungumálsins

Lista- og menningarstarf

Árið 2020 reyndist erfiður ljár í þúfu þegar kom að reglubundnum list- og menningarviðburðum eins og áður hefur verið nefnt. [Barnamenningarhátíð](#) var með breyttu sniði en lögð þeim mun meiri áhersla á menningarviðburði fyrir börn og ungmenni úti í skólum og á vettvangi frístundastarfs. Þannig fengu börn í borginni þrátt fyrir allt einstök tækifæri til að upplifa menningarviðburði en líka til að sýna eigin verk. Var lögð sérstök áhersla á virka miðlun menningarstarfsins á samfélagsmiðlum, á sýningum á lista- og menningarstofnunum, sem unnin hafa verið undir leiðsögn starfsfólks SFS og listafólks.

Leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar fá fjölmörg tilboð um menningarupplifanir fyrir börn frá söfnum og listastofnunum. Til að auka aðgengi barna að slíkum upplifunum hefur SFS sett upp vefinn [Uppspretta](#). Þar getur starfsfólk fundið allt sem í boði er á einum stað.



Fjölbreytni í verkefnum á sviði sköpunar og list- og verkgreina hefur aukist til muna. Fleiri námskeið hafa verið í boði og nýsköpunarhugsun verið kynnt stjórnendum. Þá hefur verkefnum undir sköpunarþættinum í þróunar- og nýsköpunarsjóðnum fjölgað. Dæmi um verkefni sem eru í gangi:

- Samstarf við RÚV með það að markmiði að styðja við unglíngalýðræði og skapa vettvang þar sem raddir unglínga í íslensku samfélagi heyrast. Sjá nánar í [fylgiskjali 14](#).
- Listrænt ákall náttúrunnar – sjá hér að framan
- Bíó Paradís
- Myndlistaskóli Reykjavíkur
- Upptakturinn – tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna
- RIFF – í gegnum verkefnið Stelpur filma!
 - [Verkefnið Stelpur filma!](#) miðar að því að rétta við kynjahallann í íslenskri kvikmyndagerð. Það er unnið í samstarfi Mixtúru margmiðlunarvers og alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík (RIFF). Barnamenningarsjóður styrkti námskeiðið sem haldið var í þriðja sinn á haustmánuðum 2020. Stúlkur úr 9 grunnskólum tóku þátt í verkefninu.

Tónlistarkennsla

Á fundi borgarráðs þann 26. mars 2020 var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 12. mars 2020, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 10. mars 2020 á tillögum stefnu um framtíðarskipan

tónlistarnáms, ásamt fylgiskjöllum. Borgarráð samþykkti erindið, stefnan liggur fyrir ásamt skýrslu starfshópsins og er í umsagnarferli. Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

- Sköpun er einn af forgangspáttum nýrrar menntastefnu og í því samhengi er unnið að því að efla tónlistarnám í borginni. Stýrihópur um framtíðarskipan tónlistarnáms í borginni leggur hér til að fjölgað verði tækifærum barna til tónlistarnáms einkum í þeim borgarhlutum þar sem þátttakan hefur verið hvað minnst. Tólfhundrað kennslustundum verður nú varið til fimm tónlistarskóla í Breiðholti, Árbæ og Grafarvogi með það að markmiði að auka aðgengi og jafna tækifæri barna til tónlistarnáms. Jafnframt verður sett í gang vinna við að bæta húsnæðisaðstöðu skólahljómsveita í borginni.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hingað til hefur ekki verið jafnræði milli borgarhluta er varða tækifæri barna til tónlistarnáms. Niðurstöður starfshóps staðfesta það. Það er því jákvætt að tekin séu skref í rétta átt að jafnræði milli borgarhluta hvað varðar stuðning við tónlistarnám barna. Mikilvægt er að leggja áherslu á að auka tækifæri barna til að stunda tónlistarnám í þeim hverfum þar sem þátttaka barna í tónlistarnámi er einna minnst. Öll börn í borginni eiga hafa sömu tækifæri til tónlistarnáms óháð því hvar þau búa innan borgarmarkanna.

Aðbúnaður

Í almennum aðgerðum er kveðið á um að bæta skuli aðstöðu til skóla- og frístundastarfs þannig að húsnæði og búnaður auðveldi starfsfólki að vinna að framgangi menntastefnunnar. Í [fylgiskjali 15](#) er gerð grein fyrir helstu innkaupum á búnaði fyrir utan tölvu- og tæknibúnað sem samþykkt var í lok ársins að leggja stórukið fjármagn í á næstu árum. Sjá nánar í kafla um upplýsingatækni.

Viðhald húsnæðis og nýbyggingar í skóla- og frístundastarfi er viðamikil verkefni sem unnið er í þétu samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið. Nákvæmt yfirlit yfir framkvæmdir, viðbyggingar, viðhald, nýbyggingar og endurnýjun skólalóða eru í [fylgiskjali 16](#). Nánar er gerð grein fyrir aðbúnaði í tengslum við stafræna vegferð í kafla hér fyrir neðan um upplýsingatækni.

Fjölgun fagmenntaðs starfsfólks

Samningur við Menntavísindasvið HÍ um samstarf sem var undirritaður vorið 2019 er liður í því að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar með áherslu á öflugt kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi. Gríðarleg fjölgun hefur orðið á umsóknum í nám á MVS en fyrir skólaárið 2020-21 fjölgaði umsóknum í grunnám um 32% miðað við árið á undan. Alls bárust 980 umsóknir í grunnnámið. Fjölgun varð í öllum deildum, þar af 72% fjölgun í leikskólakennaranámi og 76% fjölgun í hópi þeirra sem velja kennslufræði yngri barna. Í deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda varð 30% fjölgun (úr 181-286), og um 49% fjölgun í tómstunda- og félagsmálafræði, 19% aukning í íþróttar- og heilsufræði og 140% fjölgun í heilsueflingu og heimilisfræði (úr 5-12). Nánari upplýsingar um fjölgun í kennaranámi má sjá í [fylgiskjali 17](#).

Á undanförunum misserum hefur ófagmenntuðu starfsfólki í leikskólum og frístundastarfi staðið til boða að sækja um námsleyfi á launum til að afla sér fagmenntunar. Sviðið greiðir þá til starfsstaðar umsækjanda upphæð fyrir afleysingu fyrir viðkomandi í allt að 17,5 daga á önn miðað við fullt nám og

fullt starf. Á vorönn 2020 fékk 41 starfsmaður leikskóla námsleyfi til að stunda nám í leikskólakennarafræðum en á haustönn 2020 var aðsóknin mun meiri, eða 77 starfsmenn. Í frístundastarfinu voru 9 starfsmenn í námsleyfi á vorönn 2020 en um 25 á haustönn.

Síðustu þrjú ár hefur skóla- og frístundaráð veitt viðurkenninga fyrir framúrskarandi meistaraverkefni í leikskóla-, grunnskóla-, og frístundafræðum þar sem lögð er áhersla á að nemar vinni verkefni sín á vettvangi skóla- og frístundastarfs Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að hvetja til og auka hagnýtingu rannsókna í fagstarfi með börnum og unglingum og vekja athygli á skóla- og frístundastarfi í Reykjavík. Árið 2020 fengu höfundar [sjö meistaraverkefna](#) viðurkenningu skóla- og frístundaráðs. Meistaraverkefnunum og afurðum þeirra er svo miðlað í verkfærakistu menntastefnu Reykjavíkurborgar eins og sjá má [dæmi um hér](#).

Næstu skref

- Undirbúa og halda MenntaStefnumót 10. maí 2021 þar sem fram fer fjölbreytt kynning á þróunar- og nýsköpunarstarfi hjá SFS
- Stafræn vegferð og uppbygging Mixtúru í Safamýri 5
- Að móta framtíðarsýn varðandi innleiðingu menntastefnu
 - Framtíðarhópur hefur störf í febrúar sem metur stöðu innleiðingar og hvernig til hefur tekist fyrstu tvö árin.
- Kynna stöðuskýrslu v. innleiðingar menntastefnu fyrir framtíðarhópi, stjórnendum og starsfólki SFS
- Rafræn fréttabréf um menntastefnuna verða send til starsfólks SFS í kjölfar útgáfu stöðuskýrslu
- Spurningakönnun til stjórnenda um innleiðingu menntastefnu
- Áfram verður haldið að efla starfsþróun í tengslum við menntastefnu í samræmi við þarfir.
- Kallaðir verða saman rýnihópar kennara, starsfólks og stjórnenda þar sem farið verður yfir menntastefnuvefinn með það að markmiði að þróa hann og bæta.
- Boðið upp á vinnustofur um gátlista menntastefnu þar sem byggt er á leiðbeiningarmyndböndum sem gerð hafa verið. Sérstök áhersla verði lögð á að tengja gátlista við innra mat og starfsáætlanir starfsstaða.
- Hugmyndafræði um samfélagslega nýsköpun verður þróuð áfram
- Boðið verður upp á stefnumót stjórnenda og fræðimanna um samstarf vegna þróunar- og nýsköpunarstarfs í borginni.
- Boðið verður upp á stuðning við starfsstaði vegna umsókna í þróunar- og nýsköpunarsjóð.
- Bjóða upp á reglulegar kynningar/smiðjur fyrir stjórnendur og starsfólk á menntastefnunni.
- Innlegg á stjórnendafundi (leik, grunn, frí) hvað er efst á baugi vegna innleiðingar menntastefnu (mjög stutt en reglulega)
- Skapa vettvang til umræðu um aukinn stuðning við börn af erlendum uppruna
- Samhæfa regluverk varðandi menntun fyrir alla
- Taka fyrstu skrefin í innleiðingu stefnu um tónlistarkennslu
- Fara í verkferlagreiningu vegna „farsældarfrumvarps“
- Aukin áhersla á samstarf skóla og félagsmiðstöðva með virka þátttöku barna og unglinga að leiðarljósi
- Undirbúa „Betri borg fyrir börn“ í öllum borgarhlutum
- Framtíðarskipan NýMið verði tekin til umfjöllunar í framkvæmdastjórn og framtíðarhópi.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

1. Útbreiðsla Covid-19 innan SFS - stöðutaka 2. desember 2020

Teknar eru saman upplýsingar varðandi Covid-19 hjá öllum starfsstöðvum SFS einu sinni til tvisvar í viku. Tölurnar sýna virk smit á þeim tímapunkti.

Fjöldi smita barna:

	Smitaðir á tilteknum degi	Fjöldi sem er batnað	Fjöldi barna	Hlutfall smitaðra af heild á tilteknum degi	Hlutfall allra smitaðra af heild haustið 2020
Fjöldi barna á grunnskólaaldri með Covid-19:	2	135	15382	0.01%	0.89%
Fjöldi barna á leikskólaskólaaldri með Covid-19:	1	28	6441	0.02%	0.45%
Samanlagður fjöldi barna með Covid-19 smit	3	163	21823	0.01%	0.76%

Fjöldi smita starfsmanna:

	Smitaðir á tilteknum degi	Fjöldi sem er batnað	Fjöldi starfsmanna	Hlutfall smitaðra af heild á tilteknum degi	Hlutfall allra smitaðra af heild haustið 2020
Fjöldi starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðum með Covid-19:	0	9	815	0.00%	1.10%
Fjöldi starfsmanna í félagsmiðstöðvum með Covid-19:	0	0	177	0.00%	0.00%
Fjöldi starfsmanna í grunnskóla með Covid-19:	5	52	2617	0.19%	2.18%
Fjöldi starfsmanna í leikskóla með Covid-19:	0	22	2302	0.00%	0.96%
Fjöldi starfsmanna á miðlægu starfi*	0	1	147	0.00%	0.68%
Fjöldi í starfsmanna í skólahljómsveitum	0	0	52	0.00%	0.00%

Samanlagður fjöldi starfsmanna með Covid-19 smit**:	5	84	6110	0.08%	1.46%
--	----------	-----------	-------------	--------------	--------------


* Miðlægt starf eru starfsmenn á skrifstofu borgartúni, MML, Mixtura, Farteymi, Miðstöð um útinám og starfsfólk frístundamiðstöðva

** Hér er hugsanlega verið að tvítelja starfsfólk sem vinnur á tveimur eða fleiri starfsstöðum


Þróun smita yfir tíma

Aflað er upplýsinga um fjölda smita hjá starfsstöðum SFS einu sinni til tvisvar í viku. Tölurnar sýna virk smit á þeim tímapunkti. Á milli stöðutöku er iðulega einhverjum sem batnar meðan önnur smit koma upp. Þar sem upplýsingarnar eru ekki teknar niður á kennitölu segir fjöldi þeirra sem hafa smitast og uppsafnaður fjöldi þeirra sem hefur batnað til um heildarfjölda smita. Á hverjum tímapunkti geta því verið börn og/eða starfsmenn sem með virkt smit sem einnig voru með virkt smit í fyrri stöðutöku.

Fjöldi barna með Covid-19 smit



Fjöldi starfsmanna með covid smit



Staða opunar:

Staða opunar			
	Leikskóli	Grunnskóli	Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar
Opið - þjónusta skv. takmörkun á skólastarfi v. farsóttar	81	44	41
Úrvinnslusóttkví - Lokað að hluta á meðan smitrakning er í gangi	0	0	0
Úrvinnslusóttkví - Alveg lokað á meðan smitrakning er í gangi	0	0	0
Að hluta til lokað vegna staðfests smits	0	0	0
Alveg lokað vegna staðfests smits	0	0	0

Eins og sést í töflunni eru allir starfsstaðir opnir þann 2. des.

Þar sem heldur lengri tími var á milli mælinga en oft áður (samþals 9 dagar) komu upp smit og þremur stöðum sem var lokað að hluta meðan á sóttkví stóð:

Ísaksskóli: Smit kom upp hjá starfsmanni, einn 5 ára bekkur og einn 7 ára bekkur voru í sóttkví til og með 1. des. ásamt 6 starfsmönnum. Sóttkví er því lokið og opið aftur að fullu.

Landakotsskóli: Smit kom upp hjá nemanda í 9. bekk, 18 nemendur og fjórir starfsmenn fóru í sóttkví en sýnatöku lauk mánudaginn 30. nóv. Sóttkví er því lokið og aftur opið að fullu.

Leikskólinn Hulduheimar: Smit kom upp hjá barni fæddu 2016. Tvær deildir eða 38 börn og 6 starfsmenn fóru í sóttkví en sýnatöku lauk 30. nóv. Sóttkví er því lokið og aftur opið að fullu.

Nýjar upplýsingar eftir stöðutöku 2. desember.


Laugarnesskóli: Að kvöldi 2. des. var tilkynnt um smit starfsmanns. Skv. upplýsingum frá skólanum 3. des. eru 96 nemendur og 2 starfsmenn farnir í sóttkví. Sýnataka ca. 8. des. Það er því lokað að hluta í skólanum.

Sóttkví og leyfi barna:

Hlutfall barna og fjöldi barna í sóttkví eða haldið heima				
	Fjöldi barna í sóttkví skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis/ smitrakningateymis	Hlutfall barna í sóttkví skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis/ smitrakningateymis af heildarfjölda barna	Fjöldi barna í leyfi að ósk foreldra af heildarfjölda barna	Hlutfall barna í leyfi að ósk foreldra af heildarfjölda barna
Leikskóli	14	0.22%	10	0.15%
Grunnskóli	15	0.10%	56	0.36%
Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar	4	0.09%	51	1.15%

Hlutfall barna og fjöldi barna í sóttkví eða haldið heima

■ Hlutfall barna í sóttkví skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis/ smitrakningateymis af heildarfjölda
 ■ Hlutfall barna í leyfi að ósk foreldra af heildarfjölda barna




Sóttkví starfsfólks:

Staða starfsfólks		
	Fjöldi starfsfólks í sóttkví skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis/smitrakningateymis	Hlutfall starfsfólks í sóttkví skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis/smitrakningateymis
Leikskóli	2	0.1%
Grunnskóli	9	0.3%
Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar	0	0.0%

Fjöldi í sóttkví og fjölda barna í leyfi að ósk foreldra - þróun yfir tíma:**Leikskólinn: Fjöldi barna í sóttkví eða haldið heima**


■ Fjöldi barna í sóttkví skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis/ smittrakningateymis
 ■ Fjöldi barna í leyfi að ósk foreldra



Grunnskóli: Fjöldi barna í sóttkví eða í leyfi að ósk foreldra

■ Fjöldi barna í sóttkví skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis/ smitrakningateymis


■ Fjöldi barna í leyfi að ósk foreldra



Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar: Fjöldi barna í sóttkví eða í leyfi að ósk foreldra vegna Covid-19

■ Fjöldi barna í sóttkví skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis/ smitrakningateymis

■ Fjöldi barna í leyfi að ósk foreldra



Fjöldi og hlutfall barna sem eru í leyfi að ósk foreldra						
	Leikskóli		Grunnskóli		Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar	
	Fjöldi í barna í leyfi að ósk foreldra	Hlutfall barna í leyfi að ósk heildarfjölda barna af foreldra	Fjöldi í barna í leyfi að ósk foreldra	Hlutfall barna í leyfi að ósk heildarfjölda barna af foreldra	Fjöldi í barna í leyfi að ósk foreldra	Hlutfall barna í leyfi að ósk heildarfjölda barna af foreldra
31.ágúst	5	0.1%	11	0.1%	8	0.2%
23.sept	23	0.4%	71	0.5%	21	0.5%
30.sept	27	0.4%	38	0.2%	28	0.6%
7.okt	72	1.1%	148	1.0%	90	2.0%
12.okt	93	1.4%	287	1.9%	97	2.2%
15.okt	95	1.5%	263	1.7%	104	2.4%
20.okt	65	1.0%	226	1.5%	104	2.3%
29.okt	53	0.8%	188	1.2%	86	1.9%
5.nóv	59	0.9%	203	1.3%	123	2.8%
9.nóv	53	0.8%	133	0.9%	95	2.1%
12.nóv	44	0.7%	111	0.7%	84	1.9%
17.nóv	33	0.5%	96	0.6%	74	1.7%
23.nóv	22	0.3%	49	0.3%	52	1.2%
2.des	10	0.2%	56	0.4%	51	1.2%

Fjöldi og hlutfall starfsfólks í sóttkví - þróun yfir tíma:

Hlutfall og fjöldi starfsfólks í sóttkví skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis/smitrakningateymis						
	Leikskóli		Grunnskóli		Frístundaheimili	
31.ágúst	27	1.3%	153	5.2%	3	0.3%
23.sept	24	1.0%	86	3.3%	19	2.3%
30.sept	11	0.5%	59	2.3%	14	1.7%
7.okt	59	2.6%	96	3.7%	78	9.6%
12.okt	106	4.6%	116	4.4%	37	4.5%
15. okt	52	2.3%	79	3.0%	15	1.8%
20.okt	48	2.1%	133	5.1%	8	1.0%
29.okt	25	1.1%	14	0.5%	12	1.5%
5.nóv	19	0.8%	26	1.0%	11	1.3%
9.nóv	7	0.3%	13	0.5%	2	0.2%
12.nóv	6	0.3%	4	0.2%	5	0.6%
17.nóv	3	0.1%	11	0.4%	9	1.1%
23.nóv	2	0.1%	3	0.1%	1	0.1%
2.des	2	0.1%	9	0.3%	0	0.0%

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)

2. ERINDISBRÉF² Starfshópur um innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Ábyrgðarmaður:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

Inngangur:

Menntastefna Reykjavíkur til 2030 var samþykkt í borgarstjórn 20. nóvember 2018, að undangengnu viðamiklu þverpólitísku samráði við hagsmunaðila um mótun stefnunnar; stjórnendur, starfsfólk, börn, foreldra, sérfræðinga í háskólasamfélaginu og almenna borgara. Talið er að um 10 þúsund manns hafi tekið þátt í samráðinu. Strax var ákveðið að fara í markvissa innleiðingu stefnunnar með því að skipa sérstakan innleiðingarhóp undir stjórn deildastjóra Nýsköpunarmiðju menntamála og að fulltrúar allra málaflokka myndu eiga rödd í hópnum. Samhliða voru samþykktar almennar aðgerðir fyrir fyrstu þrjú ár innleiðingarinnar. Þær aðgerðir eru endurskoðaðar á þriggja ára fresti og lögð fram áætlun um framvindu. Eftirfylgd með innleiðingu almennra aðgerða er á forsvari framkvæmdastjórnar SFS.

Fyrsti fundur innleiðingarhópsins var haldinn 29. nóvember 2018 og setti hópurinn sér strax markmið um að gera ítarlega innleiðingaráætlun sem væri sýnileg og markviss. Á fyrstu vikum starfshópsins var mikið lagt upp úr að læra af öðrum sem höfðu unnið að innleiðingu viðamikilla stefna og fékk hópurinn m.a. kynningar frá kanadískum sérfræðingi, Háskóla Íslands og RÚV.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að halda utan um innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur til 2030 „Látum draumana rætast“.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Vinna með framtíðarhópi að mótun almennra aðgerða vegna menntastefnu fyrir tímabilið 2021-2023.
- Setja fram hugmyndir um innleiðingu stefnunnar í skóla- og frístundastarfi og sjá til þess að hugmyndir komist í framkvæmda í undihópum.
- Samþætta verkefni vegna innleiðingar menntastefnu þvert á málaflokka.
- Skapa yfirsýn yfir helstu verkefni fagskrifstofuteyma sem byggja á grundvallarþáttum menntastefnu.
- Kalla til undirhópa vegna einstakra verkefna eftir því sem við á t.d. vegna:
 - Þróunarsjóðs
 - Kynningarefnis
 - Mælikvarða
 - Gátlista
 - Samstarfsverkefna
 - Sýnileika og miðlun verkefna sem unnin eru á vettvangi

² Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:

http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

- Starfsþróunar
- Menntastefnuvefsins
- Viðburða sem tengjast menntastefnunni
- Vinna samantekt um innleiðingu menntastefnunnar frá einum tíma til annars
- Vinna starfsáætlun fyrir hópinn

Formaður hópsins fundar með framkvæmdastjórn SFS á tveggja vikna fresti.

Starfshópurinn skipa:

Fríða Bjarney Jónsdóttir (formaður), Nýsköpunarmiðja mennamála NýMið.

Dröfn Rafnsdóttir, Miðja máls og læsis.

Guðmundur G. Guðbjörnsson, fjármála- og rekstrarþjónusta.

Guðrún Hjartardóttir, skrifstofa sviðsstjóra.

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, skrifstofa sviðsstjóra.

Guðný Reynisdóttir, mannauðsþjónusta.

Jóhanna Marteinsdóttir, mannauðsþjónusta

Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólahluti fagskrifstofu.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, frístundahluti fagskrifstofu.

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, grunnskólahluti fagskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stofnanir og einstaklingar með sérþekkingu á málefnum.

- Aðrir starfsmenn sviðsins sem þekkja til viðfangsefnisins eða eru hagsmunaaðilar
- Aðrar starfseiningar Reykjavíkurborgar þar sem er snertiflötur
- Sérfræðingar á sviði menntamála s.s. á vegum háskólastofnana.

Starfstími:

Starfshópurinn heldur mánaðarlega fundi og skilar upplýsingum um stöðu innleiðingar að lágmarki árlega til framkvæmdastjórnar og skóla- og frístundaráðs. Starfshópurinn hóf störf í nóvember 2018 og mun starfa þar til ákveðið verður að leggja hópinn niður.

Reykjavík, [Dags.]

Helgi Grímsson

Hjálagt:

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)

3. ERINDISBRÉF FAGSKRIFSTOFU SFS

FAGTEYMI UM HEILBRIGÐI

Heiti vinnuhóps: Lýðheilsu- og forvarnarteymi
Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson
Að fylgja eftir grundvallarþætti um heilbrigði/lýðheilsu og forvarnir í menntastefnu Reykjavíkurborgar www.menntastefna.is
Helstu verkefni: Verkefni hópsins eru m.a. að: - Fylgja eftir almennum aðgerðum í innleiðingu menntastefnunnar er varða heilbrigði/lýðheilsu og forvarnir - Taka við verkefnum frá skóla- og frístundaráði, framkvæmdastjórn eða fagstýrum sem snúa að viðfangsefnum hópsins um heilbrigði/lýðheilsu og forvarnir. - Kalla til undirhópa vegna einstakra verkefna eftir því sem við á. - Fylgjast með nýjungum og áhugaverðum verkefnum sem erindi eiga í verkfærakistu á heimasíðu menntastefnunnar. - Styðja við starfsstaði við innleiðingu þessa þáttar í menntastefnu.
Fulltrúar í hóp: Sigríður Marteinsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Alda Árnadóttir, Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Ellen Calmon og Nils Óskar Nilsson.
Formaður vinnuhóps: Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Ráðgjöf/samstarf: Stofnanir og einstaklingar með sérþekkingu á málefnum. - Aðrir starfsmenn sviðsins sem þekkja til viðfangsefnisins eða eru hagsmunaðilar - Aðrar starfseiningar Reykjavíkurborgar þar sem er snertiflötur - Sérfræðingar á sviði heilbrigðis/lýðheilsu og forvarna, s.s. á vegum háskólastofnana.
Starfstímabil: Þar til ákveðið verður að leggja teymið niður.
Skil: Mánaðarlegir fundir, dagskrá send út og fundargerð rituð og vistuð á svæði S:\SFS_Skrifstofa\Fagleg_malefni\Teymi_fagskrifstofu\Teymi_menntastefnu_2020\Heilbrigði\Lýðheilsu og forvarnir. Skil starfshóps einu sinni á önn á fagskrifstofufundi.

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)

Fylgiskjal 4

4. Samantekt á áherslum SFS varðandi grundvallarþáttinn Félagsfærni í tengslum við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur.

[Menntastefna Reykjavíkur „Látum draumana rætast“](#) var á árunum 2017 og 2018 unnin í viðtæku samráði við helstu haghafa, börn, starfsfólk, kennara, stjórnendur, foreldra, innlenda og erlenda sérfræðinga í menntamálum, stjórnmalafólk og almenning. Spurningin sem leiddi þessa vinnu var: „Hvaða hæfni þurfa börn að búa yfir að loknu grunnskólanámi“ en stefnan er sett til 2030. [Niðurstaða samráðsins](#), sem tók tæp tvö ár í þróun, var nánast einhuga um að einn mikilvægasti grundvallarþátturinn sem vinna þyrfti að á næstu árum væri **félagsfærni**.

Menntastefnan var samþykkt 20. nóvember 2018 og hófst [innleiðing stefnunnar](#) strax í kjölfarið. Í menntastefnu segir:

*Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa **jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag**.*

Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum og er **félagsfærni** sá fyrsti sem upp er talinn. Grundvallarþættirnir sjálfsefning og heilbrigði eru líka mikilvægir í þessu samhengi en þeir fela í sér nauðsynlega hæfni til að byggja upp trú á eigin getu og andlega vellíðan sem er grunnur að félagslegum samskiptum. Um grundvallarþáttinn félagsfærni segir:

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Til grundvallar stefnunnar liggur m.a. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna Sameinuðu þjóðanna þar sem segir „að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar“. Annað tveggja leiðarljósa stefnunnar felur í sér ríka áherslu á virka þátttöku barna sem styður við áherslu grundvallarþáttarins um félagsfærni sem vísað er í hér að ofan.

Frá upphafi innleiðingarferlisins hafa grundvallarþættirnir félagsfærni og sjálfsefning fengið mesta athygli bæði í framboði á námskeiðum, fræðslu og verkfærum enda einna mest kallað eftir stuðningi við þá þætti. Hér fyrir neðan verður farið yfir það hvernig unnið hefur verið að innleiðingu þessara grundvallarþátta í starfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur á liðnum misserum. Nánari upplýsingar um innleiðingu stefnunnar er að finna í tveimur samantektar skýrslum um innleiðingu stefnunnar [innleiðing stefnunnar janúar til júní 2019](#) og [innleiðing stefnunnar júní til desember 2019](#). Von er á þeirri þriðju um áramótin en vegna Covid19 var tekin ákvörðun um að vinna eina samantekt fyrir árið 2020 í stað tveggja.

Þróunar og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundasviðs „Látum draumana rætast“.

Þann 21. febrúar 2019 samþykkti Borgarráð nýjar reglur fyrir nýjan sjóð „Látum draumana rætast“ þróunar- og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs. Mótaðar voru reglur um tvennskonar útfærslu, annarsvegar A-hluta og B-hluta samtals 200 milljónir. Tilgangurinn með styrkjunum var að gefa starfsstöðum tækifæri til að hefja markvissa innleiðingu stefnunnar út frá þeim áskorunum sem blöstu við í viðkomandi skóla, frístundamiðstöð eða skólahljómsveit. Allar umsóknir þurfa að tengjast grundvallarþáttum menntastefnunnar og á vef menntastefnunnar er [hægt að nálgast upplýsingar um sjóðinn](#), öll verkefni áranna 2019 og 2020, reglur, umsóknarform og leiðbeiningar. Lögð er áhersla á að miðla góðum fyrirmyndum í gegnum fræðslu, lærdómssamfélag, í verkfærakistu menntastefnusíðunnar, á stjórnendafundum og víðar. Mennta-stefnumótið sem fyrirhugað er að halda í Hörpu 10. maí 2021 verður formlegur vettvangur kynninga á þróunar- og nýsköpunarverkefnum fyrstu þriggja áranna í innleiðingu menntastefnunnar 2019-2021.


Menntastefna
Reykjavíkurborgar

Verkfærakista
Um menntastefnu
Gátlistar
Þróunarsjóður
Starfsþróun

A-Hluti


Styrkt verkefni


Reglur


Leiðbeiningar


Umsókn


Greinargerð

B-Hluti samstarfsverkefni


Styrkt verkefni


Reglur


Leiðbeiningar



Umsókn


Skýrsluform


Skólaárið 2019-2020

171 umsókn barst frá starfsstöðum í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs 2019-2020. Flest verkefni eða 26.95% verkefna miðuðu að því að efla félagsfærni og næstflest verkefni snérust um að sjálfsefningu en þessir tveir grundvallarþættir eru nátengdir. Sjá nánari skiptingu á myndum hér fyrir neðan.

Hvaða þættir menntastefnunnar voru settir í fyrsta sæti í umsóknum?



Samanburður á fyrsta vali í menntastefnupáttum



Áhersla samrekinni starfsstaða var mjög fjölbreytt en í fjórum umsóknum var þeirra fyrsta val fagmennska og samstarf, félagsfærni, læsi og sjálfsefning.

[Á heimasíðu menntastefnunnar](#) er hægt að skoða hvaða starfsstaðir unnu að aukinni félagsfærni og sjálfsefningu á árinu 2019-2020 með því að velja, starfsstað, grundvallarþátt, og skólaár.

Styrkt verkefni A–Hluti

Árin 2019 – 2021 úthlutar Þróunar og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs árlega 50 milljónum króna til allra starfsstaða innan skóla- og frístundasviðs til að styðja innleiðingu menntastefnunnar.

Fyrir 2019 – 2020 og 2020 – 2021 hafa borist samtals 340 umsóknir styrki fyrir mjög fjölbreyttum og spennandi verkefnum. Lögð var áhersla á að starfsstaðir greindu áskoranir við innleiðingu menntastefnu og tengdu verkefnið ákveðnum þáttum menntastefnunnar.

Starfsstaður ▼ Áhersla ▼ Skólaár ▼

Nafn	Nafn starfsstaðar	Starfsstaður	Áhersla	Skólaár
104 - opið hús fyrir 4. bekk	Frístundaheimili Halastjarnan	Frístundamiðstöð	Fagmennska og samstarf	2020-2021
9. bekkja klúbbur	Félagsmiðstöðin Holtið	Frístundamiðstöð	Virgni barna og þátttaka	2020-2021

18 verkefni hlutu styrk í B-hluta þróunar og nýsköpunarsjóðs skólaárið 2019-2020. Þar af var lögð áhersla á félagsfærni í 13 verkefnum og sjálfsefningu í 14 verkefnum. Nánar er hægt að skoða hvert verkefni fyrir sig á [heimasíðu menntastefnunnar líkt og hér fyrir ofan](#), velja grundvallarþátt, starfsstað og skólaár fyrir B- hluta. Því til viðbótar hafa skýrslur og afurðir B-hluta verkefna verið vistaðar á viðkomandi síðu og í verkfærakistu vefsíðunnar. Sjá mynd hér fyrir neðan um vefsvæði PEERS verkefnisins sem dæmi.

Félagsfærni
Skólafélagsfærni PEERS

Samstarfsverkefni nokkurra grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, þjónustumiðstöð hverfisins ásamt einni félagsmiðstöð og einu frístundaheimili.

Markmiðin með þessu verkefni eru að:

- Innleiða skólafélagsfærni PEERS í sex grunnskólum, á einu frístundaheimili og í einni félagsmiðstöð.
- Auka við þekkingu fagmenntað starfsfólks í að kenna börnum félagsfærni eftir raunprófaðri aðferð sem hefur gefið góðan árangur og aðlaga hana að íslenskum aðstæðum.
- Efla félagsfærni barna óháð því hvort þau glími við frávík eða aðra erfiðleika í þroska eða liðan.

 Ítarefni
 Skýrsla verkefnisins

Tenging við menntastefnu

Félagsfærni

Starfsstaður

Frístundastarf, Grunnskóli

Skólaár

2019-2020

Viðfangsefni


Félagsfærni

Skólaárið 2020-2021

170 umsóknir bárust í A-hluta sjóðsins fyrir skólaárið 2020-21. Ljóst er að í einhverjum tilfellum hefur COVID19 haft áhrif á framvindu verkefna og þau tafist. Eins er í einhverjum tilfellum tekin ákvörðun um að halda áfram með sömu verkefni og á fyrra skólaári til þess að dýpka þau og innleiða enn betur í skóla- og frístundastarfið. Á myndinni hér til hliðar sést hversu hátt hlutfall verkefna tengjast félagsfærni 26% sem er það sama og í fyrra eða sjálfsefningu 13% sem er heldur lægra en á fyrra skólaári en að sama skapi fjölgar þeim sem leggja áhreslu á virkni barna og þátttöku.

10 verkefni hlutu styrk í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs fyrir núverandi skólaár. Þrjú verkefni miða fyrst og fremst að því að efla félagsfærni og í sjö umsóknum er tiltekið að verkefnið miði einnig að aukinni félagsfærni og sjálfsefningu.

Allar nánar upplýsingar um verkefnin er að finna [hér á menntastefnusiðunni](#)



Gátlistar og mælikvarðar

Strax í lok árs 2018 var farið að huga að því hvernig hægt væri að setja niður mælikvarða til að fylgjast með framvindu innleiðingar menntastefnu til 2030. Byrjað var á því að þróa sjálfsmatslista fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi varðandi grundvallarþætti menntastefnunnar, mannauð og innra mat. Gátlistarnir voru unnir upp úr ábendingum þeirra fjölmörgu einstaklinga sem komu að mótun menntastefnunnar. Fyrstu gátlistarnir voru tilbúnir strax í lok febrúar 2019 og kynntir stjórnendum sem gátu nýtt þá til þess að skoða stöðuna á eigin starfsstöðum. Markmiðið var að starfsfólk (og ekki síður

börn eða foreldrar) kæmu auga á þær áskoranir sem við blasa á þeirra heimavelli og tengdu þannig beint við þann grundvallarpátt menntastefnunnar sem væri brýnast að byrja að innleiða.

Síðar um vorið var leitað eftir samstarfi við Landlæknisembættið um að hanna gátlistana inni í sama vefumhverfi og gátlistar heilsueflandi samfélags. Gátlistunum er komið á framfæri á vef menntastefnunnar. Stjórnendur eru hvattir til að [nýta rafrænt umhverfi gátlistanna til að](#) geta á aðgengilegan hátt til að geta tekið út skýrslur um framvindu mála en hver starfsstaður fær sitt eigið aðgangsorð. Einni er hægt að [prenta gátlistana út og vinna með þá þannig](#).

Hér fyrir neðan má sjá sýnishorn úr gátlistum um félagsfærni í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi.

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030						
Félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni 						
Viðmið fyrir félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.						
5 Að fullu komið til framkvæmdar 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda 3 Að hluta komið til framkvæmda 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda 1 Ekki komið til framkvæmda						
Vísbendingar sem benda til þess að unnið er að félagsfærni í leikskóla:	5	4	3	2	1	Skýring/Rök
Stefna leikskólans:						
1. Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er markvisst með félagsfærni.						
2. Í skólanámskrá kemur fram hvernig leikskólinn stuðlar að virkri þátttöku barna.						
3. Í skólanámskrá/starfsáætlun kemur fram hvernig virkt samstarf er við aðra leikskóla, grunnskóla, frístund, þjónustumiðstöð.						
4. Í stefnu leikskólans er áhersla á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla félagsfærni barna.						
Viðmið um gæðastarf:						
5. Frjáls leikur barna fær gott rými innan dagskipulagsins.						
6. Í umhverfi leikskólans eru góðar aðstæður/svæði/rými fyrir frjálsan leik.						
7. Unnið er með leikinn/leiki þar sem höfðað er til ábyrgðar og virkni allra barna.						

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030

5. Allir nemendur eru þjálfaðir markvisst í lýðræðislegum vinnubrögðum og samræðum.						
6. Árlega eru haldin skóla- og eða nemendaping/málþing/lýðræðisþing.						
7. Námsþópar funda reglulega með skipulögðum og vel undirbúnum hætti.						
8. Reglur skólans eru skýrar þar sem allir nemendur fá tækifæri til að koma að mótun þeirra.						
9. Reglur skólans eru kynntar öllum aðilum skólasamfélagsins árlega.						
10. Starfsfólk notar samræmd vinnubrögð í samskiptum við nemendur.						
11. Nemendafélag er virkt og kosið er í það samkvæmt reglum félagsins (hvað er til að fulltrúar endurspegli margbreytileika nemendahópsins).						
12. Fulltrúar nemenda eru virkir þátttakendur í skólaráði sbr. reglugerð.						
13. Skýr dæmi eru um að nemendur hafi áhrif á nám sitt.						
14. Skýr dæmi eru um að nemendur hafi áhrif á aðbúnað og aðstæður í skólanum.						
15. Nemendur þekkja réttindi sín út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.						
16. Starfsfólk sér til þess að öll börn hafi jöfn tækifæri í námi og starfi.						
17. Samvinnuverkefni er einkennandi í öllu námi og starfi skólans.						
18. Nemendur er skipulega kennt að vinna samkvæmt aðferðafræði hópstarfs/samvinnu, milli árganga og/eða stiga, t.d. CLIM, púslaðferðin, samvinnunám.						
19. Verkefni sem miða að því að tengjast nærsamfélagi og nærumhverfi eru hluti af námi.						
20. Fjölbreytt samfélagsverkefni eru unnin, t.d. umhverfisverkefni, endurvinnsla, góðgerðarverkefni, sjálfbærniastörf ofl.						
21. Nemendur hafa val um fjölbreytt viðfangsefni og leiðir í námi.						
22. Markvisst er unnið að því að efla gagnrýna hugsun nemenda.						
23. Nemendur þjálfast í að tjá skoðanir sínar og að hlusta á skoðanir annarra og virða þær.						

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

6. Börn/unglingar eru virkir þátttakendur í að móta viðfangsefni og val.						
7. Skýr dæmi eru um að sjónarmið barna/unglinga hafi áhrif á viðfangsefni þeirra, aðbúnað og aðstæður.						
8. Lýðræðislega er valið í barna-/unglingaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.						
9. Barna-/unglingaráð er starfandi.						
10. Í starfinu er boðið upp á fjölbreytt hópstarf/klúbbastarf.						
11. Öll börn/unglingar fá tækifæri til að vera leiðtogar og stjórna t.d. viðburðum og leikjum.						
12. Markvisst er unnið með félagsfærni s.s. félagsfærni, samvinnuverkefni, hópefli eða vináttuþjálfun.						
13. Starfsfólk hvetur til gagnrýnnar hugsunar barna/unglinga.						
14. Börn/unglingar þjálfast í að tjá skoðanir sínar og að hlusta á skoðanir annara og virða þær.						
15. Börn/unglingar þekkja réttindi sín út frá Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.						
16. Börn/unglingar eru hvattir til að hrósa hvert öðru á uppbyggjandi hátt.						
17. Í starfinu er unnið markvisst að því að efla samfélagslega virkni barna/unglinga s.s. með þátttöku í fristunda-, góðgerðar-, félags-, menningar- og íþróttastarfi.						
18. Verkefni sem miða að því að tengjast nærsamfélagi og nærumhverfi eru hluti af starfinu.						
19. Börn/unglingar eru markvisst þjálfaðir í samskiptum, samvinnu og samkennd.						
20. Starfsfólk sér til þess að börn/unglingar fá tækifæri til að leysa úr ágreiningsmálum.						
21. Börn/unglingar taka ábyrgð á einstaka verkefnum í fristundaheimilinu/félagsmiðstöðinni, s.s. að skipuleggja og framkvæma viðburði.						
22. Unnið er með leiki/verkefni þar sem höfðað er til ábyrgðar og virkni allra barna/unglinga.						

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



Verið er að leggja lokahönd á að þróa mælaborð með mælikvörðum fyrir innleiðingu menntastefnu. Þeir mælikvarðar sem notaðir eru byggja ýmist á því að tekin eru saman fyrirbyggjandi gögn sem tengjast grundvallarþáttum stefnunnar en því til viðbótar eru útbúnar spurningar sem bætt er við kannanir s.s. eins og foreldra, nemenda og starfsmannakannanir.

Félagsfærni: notast er m.a. við kvarðann/þáttinn samsömun við nemendahópinn úr nemendakönnunum skólalúpsins, (sá kvarði/þáttur samanstendur af spurningum um hversu auðvelt börnin eigi með að eignast vini í skólanum, tilheyra hópnum, öðru líki við sig og að í skólanum sé allt í besta lagi) og úr rannsóknum Rannsóknar á greiningar í 5. – 7. bekk notum við hlutfall barna sem fannst það stundum eða oft vera einmana sl. viku. (erum enn að vinna í að finna kvarða sem mælir hversu vel börn átta sig á sinni ábyrgð gagnvart öðrum.)

Sjálfsfelling: sem dæmi um mælikvarða má nefna þættina/kvarðana sjálfsálit og þrautseigja í námi úr nemendakönnun skólalúpsins og hlutfall foreldra sem eru sammála því að starfsfólk frístundaheimilis sýni barninu umhyggju.

Verkfærakista

Eitt af öflugustu aðferðunum sem við höfum til að byggja upp vettvang fyrir kennara og starfsfólk í skóla og frístundastarfi til að miðla góðum verkfærum er verkfærakistan á heimasíðu menntastefnunnar. Þar er nú að finna 345 verkfæri. Langflest verkfærin tengjast félagsfærni 211 og sjálfsfellingu 178. Hægt er að velja verkfæri út frá markhóp (aldur eða starfsfólk) gerð efnis (fræðilegt, kveikjur, ítarefni, verkefni osfrv) og tengingu við menntastefnu. Sjá nánar mynd hér fyrir neðan.


Verkfærakista

Við hvetjum alla til að senda inn verkfæri í verkfærakistuna. Það er einfalt og fljótlegt að senda inn verkfæri og eru öll verkfæri sem tengjast á einhvern hátt við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar velkomin. Ritstjórn síðunnar fer yfir innsend verkfæri og setur þau inn á síðuna og hefur samband ef að þörf er á frekari upplýsingum.

[Senda inn verkfæri](#)

Tenging við menntastefnu			Gerð efnis			Markhópur		
Allt	Félagsfærni 211	Heilbrigði 105	Allt	Fræðilegt 102	Ítarefni 114	Allt	1-3 ára	12-16 ára
Læsi 163	Sjálfsfelling 178	Sköpun 105	Kveikjur 146	Myndbönd 94	Vefsvæði 116	3-6 ára	6-9 ára	9-12 ára
			Verkefni 167			Starfsfólk		

345 Niðurstöður

Markmiðið er að tryggja samvirkni í skóla- og frístundastarfinu með því að tengja saman þróunar- og nýsköpunarstarf, reynslu og sérstaka áherslu starfsstaða og skapa vettvang til að miðla gagnlegum verkfærum. Með verkfærakistunni er verið að skapa rafrænan vettvang til að miðla sögum og góðum verkefnum en um leið er verið að stuðla að valdeflingu kennara og starfsfólks og byggja upp traust þar

sem starfsfólk gefur öðrum leyfi til að nýta eigin vinnu. Góðum hugmyndum er síðan komið á framfæri í gegnum fræðslu, ráðgjöf og námskeið eins og nánar verður farið í hér fyrir neðan.

Námskeið og fræðsla

Á vorönn 2019 var hafist handa við að þróa námskeið fyrir starfsfólk SFS sem byggðu á grundvallarþáttum menntastefnu. Áhersla í fræðslu til starfsstaða fyrstu misserin hefur verið á félagsfærni og sjálfseflingu. Nánar er fjallað um fræðslu og námskeið í tveimur samantektarskýrslum um innleiðingu menntastefnu sem minnst var á hér í upphafi. Ein af almennu aðgerðum vegna innleiðingar menntastefnu var aukið samstarf við Menntavísindasvið HÍ. Samantekt um [fyrsta ár samstarfsins er að finna hér](#).

Lögð er áhersla á að á námskeiðum sé komið á framfæri góðum fyrirmyndum úr starfi SFS til að miðla og þau verkefni síðan sett inn í verkfærakistu menntastefnuvefsins. Þá eru fjölmörg fræðslutilboð sem standa starfsstöðum til boða árið um kring en fræðast má sérstaklega um þau öll á [starfsþróunarsíðu menntastefnunnar](#).

10 námskeið um félagsfærni og sjálfseflingu hafa verið haldin á vor- og haustönn 2019. Á sumarsmiðjum 2019 og 2020 var sérstök áhersla lögð á fræðslu um þætti sem tengjast félagsfærni og sjálfseflinu. Um áramót 2019/20 var öllum starfsstöðum sem voru að vinna verkefni sem tengdust félagsfærni boðið að taka þátt í að þróa lærdómssamfélag um félagsfærni og sjálfseflingu. Fyrstu tveir hóparnir hittust í janúar 2020 en vegna COVID19 hafa þeir hópar ekki komist af stað aftur. Líkt og farið er yfir í skýrslu um samstarf SFS og MVS er markmiðið með þróun lærdómssamfélags um tiltekna þætti eftirfarandi:

Starfsfólk sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn hittist reglulega, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til umbóta og árangurs. Markmiðið er að skapa vettvang til að tengja saman starfsfólk, styrkja jafningjafræðslu, efla traust og samvinnu þvert á starfsstaði.

Hér fyrir neðan má sjá myndir af auglýsingum um námskeið sem tengjast sjálfseflingu og félagsfærni.



MENNTAVÍSINDI

Félagsfærni og sjálfsefning með áherslu á hegðun og bekkjarstjórnun

Uppbyggilegar aðferðir til að stuðla að góðri aðlögun barna og starfsánægju kennara

Tilgangur námskeiðsins er að efla þekkingu starfandi grunnskólakennara á aðferðum sem stuðla að æskilegri hegðun nemenda. Þeir læri að beita árangursríkum aðferðum sem byggja á trausti og virðingu, styðja við félagsfærni og sjálfsefningu nemenda sinna og stuðla að bættri líðan þeirra. Unnið verður m.a. með: stöðu bekkjarstjórnunar og styrkleika bekkjar, mótun reglna um hegðun nemenda og notkun skýrra fyrirmæla; notkun hvatningar með margbreytilegum hætti; jafnvægi í notkun hvatningar, leiðir til að stöðva erfiða hegðun og praktíska þætti í bekkjarstjórnun; markvissa notkun lausnaleitar og mikilvæga þætti í samstarfi við foreldra.

MARKHÓPUR

Námskeiðið er aðeins ætlað starfandi bekkjarkennurum í grunnskólum Reykjavíkurborgar, æskilegt er að a.m.k. 3 frá hverjum skóla sækji námskeiðið saman en ekki krafa.



Sjálfssefning og félagsfærni

Námskeið haldið í samvinnu við
Menntavísindasvið HÍ



Markhópur: starfsfólk skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur
Miðvikudaginn 20. nóvember kl. 8:30-12:00, Hlöðunni Gufunesbæ

Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor emeríta við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Sigrún fjallar um mikilvægi félagsfærni fyrir börn og ungmenni bæði í samtíð og þegar til framtíðar er litið. Hún tengir hugtakið félagsfærni við hugtakið samskiptahæfni og greinir frá niðurstöðum rannsókna sinna á því hvernig samskiptahæfni ungmenna tengist ýmsum öðrum þroskaþáttum þeirra, líðan og hegðun. Fjallað verður um það hvernig hægt er að efla samskiptahæfni heima fyrir og í skólastarfi en í því samhengi er lögð sérstök áhersla á þróunarverkefni sem miða að því að skapa lærdómssamfélag. Þar gefst kennurum og skólastjórnendum tækifæri til að ígrunda eigin uppeldis- og menntasýn og ýta undir samráð og samvinnu. Gefin verða dæmi um verkefni sem miðar að því að hlúa að félags- og tilfinningaþroska.

Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, sálfræðingur þjónustumiðstöð Breiðholts

Gyða mun fjalla um forvarna- og þróunarverkefnið Skólatengsl sem er samstarfsverkefni milli þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Hólabrekkuskóla. Fjöldi rannsókna hefur sýnt að tengsl nemenda við fullorðna fólkið í skólanum eru forsenda námsárangurs og grundvöllur að styðjandi og jákvæðum skólabrag. Auk þess benda rannsóknir til þess að nemendur sem tengjast skólanum sínum hafi forskot á ýmsum sviðum s.s. að þau nái meiri námsárangri, séu síður líkleg til ýmiss konar áhættuhegðunar og finni almennt fyrir meiri vellíðan. Farið verður yfir ýmsar leiðir sem kennarar og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi getur nýtt til þess að stuðla að auknum tengslum við börn og áhersla lögð á sjálfssefningu bæði starfsfólks skóla og nemenda.

Hagnýt verkefni af vettvangi:

- **Brynja Helgadóttir og Kristín Dóra Ólafsdóttir Essið** - sértækt hópastarf í félagsmiðstöðinni Frosta. Sagt verður frá verkefni þar sem stúlkur í 10. bekk unni markvisst ásamt leiðbeinendum sínum að því að auka sjálfskilning, skapandi hugsun og sjálfsmildi m.a. í gegnum dagbókarskrif.
- **Arnrún Magnúsdóttir leikskólakennari.** – Lausnarhringurinn í leikskólanum Brákarborg. Fjallað verður um Lausnarhringinn sem unninn er út frá verkefninu „Jákvæður agi“ en elstu börnin unnu að lausnarhringnum þar sem kemur fram hvernig vinna þarf með samskipti.
- **Fríða Bjarney Jónsdóttir** deildarstýra Nýsköpunarmiðju – Gefðu 10, aðferð til að efla tengsl, virka þátttöku og samræður í fjöltyngdum barnahópum

Vinsamlegast skráið þátttöku fyrir 18. nóvember

<https://forms.gle/Atgv47LStnv8SmyaA>



Teymi fagskrifstofu SFS - Félagsfærni

Til þess að auðvelda skrifstofu SFS að ná betur utan um stuðning við starfsstaði, fylgja eftir verkefnum og miðla góðum fyrirmyndum úr starfi hafa verið mynduð teymi um grundvallarþætti menntastefnu. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þær áherslur sem teymi um Félagsfærni hefur unnið að á liðnum misserum en undir teyminu starfa Vinsamlegt samfélag og jafnréttis- lýðræðis- og mannréttindateymi.

Vinsamlegt samfélag

Á skrifstofu skóla- og frístundasviðs er starfshópur sem leiðir verkefnið *Vinsamlegt samfélag*. Með vinsamlegu samfélagi er átt við samfélag þar sem framkoma allra einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð og einelti er ekki liðið. Vinsamlegt samfélag vinnur samkvæmt gildum menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ þar sem félagsfærni er einn af grundvallarþáttunum. Vinsamlegt samfélag miðar að því að styðja við gerð virkra eineltisáætlana og viðeigandi verkferla á starfsstöðum. Hópurinn er skipaður fulltrúum leikskóla-, grunnskóla- og frístundahluta fagskrifstofu, auk fulltrúa frá mannauðsskrifstofu. Fjölbreytt verkefni er miða að aukinni félagsfærni og þá um leið forvarnarstarfi gegn einelti eru vistað er á vefnum Vinsamlegt samfélag. Meðal verkefna má nefna eftirfarandi:

- [Gátlisti gegn einelti](#), sem unnin var í samstarfi við þjónustumiðstöðvar, fulltrúa foreldra, starfsmanna og stjórnenda og ætlað er að samræma aðgerðir gegn einelti á öllum starfsstöðum SFS.
- Verkefnið [ALLIR VINIR](#) sem unnið var að í samvinnu við Vöndu Sigurgeirsdóttur. Verkefnið Allir vinir veitir þekkingu og verkfæri til að fara í markvissa forvarnarvinnu með yngstu börnunum.
- Veggspjaldið [Við berum öll ábyrgð](#), sem dreift var í skóla og frístundamiðstöðvar.
- [Myndbönd ætluð börnum og unglingum](#), sem SFS hefur gert í tilefni dags gegn einelti. Tilgangur er m.a. sá að skapa umræðugrundvöll meðal barna og ungmenna til að efla félagsfærni þeirra.
- [Hagnýt ráð til foreldra](#) eftir sálfræðinginn Benedikt Braga Sigurðsson.

Starfið framundan

Í kjölfar úttektar á eineltisferlum hjá starfsstöðvum Skóla- og frístundasviðs var gerð aðgerðaáætlun sem verið er að vinna eftir. Í takti við hana mun Vinsamlegt samfélag beita sér sérstaklega fyrir fræðslu til alls starfsfólks SFS, þ.m.t. myndbandi sem fylgt verður úr hlaði með umræðupunktum til ígrundunar um þennan samfélagslega vanda.

Jafnréttis-, lýðræðis- og mannréttindateymi

#Vikasex

Allar starfsstöðvar SFS eru hvattar til að tileinka sjöttu viku ársins kynheilbrigði. Valið er þema fyrir hvert ár. Fulltrúar unglinga úr öllum skólum borgarinnar sem eru með unglingadeildir mæta á lýðræðisfund þar sem þeir í sameiningu leggja fram hugmyndir að þemum og kjósa svo um það þema sem unnið er með. Í #vikusex á þessu ári var þemað Tilfinningar og samskipti og bauð það upp á mikla þjálfun í sjálfsefningu og félagsfærni.

Tilraunaverkefni í kynfræðslu

Tilraunaverkefni um aukna og markvissari kynfræðslu var stækkað nú á nýju skólaári. Verkefnið gengur út á það að nemendur fá mun fleiri tíma í kynfræðslu þar sem unnið er út frá hugmyndum um alhliða og heildræna kynfræðslu. Fræðslan skiptist á milli kennara, frístundaráðgjafa frá félagsmiðstöðinni og skólahjúkrunarfræðinga sem saman mynda fræðsluteymi. Mikil áhersla er lögð á sjálfsmynd, samskipti, tilfinningar, virðingu og jafnrétti. Í verkefninu eru núna Seljaskóli/Miðberg, Foldaskóli/Fjörgyn, Réttarholtsskóli/Bústaðir og Hagaskóli/Frosti.

„En ég var einn!“ Sjálfsmynd stráka og skólakerfið

Ráðstefna fyrir starfsfólk og stjórnendur um stöðu drengja sem rekast á í skólakerfinu. Ráðstefnan er rafræn og í fjórum lotum yfir skólaárið. Jafnréttisskóli Reykjavíkur, Menntavísindasvið HÍ og Geðhjálptanda saman að ráðstefnunni sem ætlað er að varpa ljósi á mikilvægi þess að bregðast við hegðunarvanda og skólaleiða drengja, með hagsmuni allra barna að leiðarljósi. Lögð er sérstök áhersla á nauðsyn þess að efla tilfinningalæsi drengja, velja fjölbreyttar nálganir til að vinna með tilfinningar þeirra og hegðun og líta fremur á áhrif frá menningu og samfélagslegum áskorunum en eðlishyggju tengda kynfærum.

Stelpur filma

Samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs og Ríff um að efla stelpur í kvikmyndagerð, enda hallar mjög á konur í þeirri atvinnu- og menningargrein. Rúmlega sextíu stelpur úr tíu mismunandi skólum eru í heila viku í þjálfun þar sem þær fá þjálfun og æfingu í öllu sem tengist kvikmyndagerð auk þess sem einnig er boðið upp á hópeflisþjálfun og jafnréttisfræðslu.

Lærdómssamfélag um lýðræði, sköpun og margbreytileika

Leikskólakennurum er boðið að hittast í lokuðum hópum reglulega til að ræða saman og fræðast saman um þættina lýðræði, sköpun og margbreytileika og hvernig má auka vægi þeirra innan leikskólastarfsins. Hver hópur hittist fjórum sinnum í eina og hálf klukkustund í senn.

Réttindaskólar, Réttindafrístund og Réttindaleikskólar

Innleiðing á Réttindaskólaverkefninu gengur vel og eru sífelld fleiri skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar að bæstast í hópinn. Nokkrir skólar hafa þegar lokið innleiðingu og fengið viðurkenningu frá Unicef. Sérstakt leikskólaverkefni hefur einnig gengið vel og æ fleiri leikskólar starfa í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í Réttindaskólaverkefninu er mikil áhersla lögð á lýðræði, félagsfærni, samskipti og mannréttindi.

Frístundamiðstöðvar

Í frístundastarfi gefast ótal tækifæri til að vinna með þætti sem efla og styrkja einstaklinginn sem félagsveru og virkan borgara. Í starfi frístundamiðstöðva SFS er lögð megináhersla á að vinna með félagsfærni, sjálfsmynd, umhyggju, og virkni og þátttöku. Félagsfærni miðar að því að geta átt jákvæð og árangursrík samskipti við aðra. Heilbrigð sjálfsmynd er grundvöllur félagsfærni. Einstaklingar með góða félagsfærni eru líklegri til að eiga frumkvæði að samskiptum, viðhalda þeim og aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Þroskuð félagsfærni er grunnur að lífshamingju og lífsfyllingu hvers einstaklings.

Meginmarkmið með þjálfun félagsfærni í frítíma eru að:

- Geta sett sig í spor annarra
- Geta lifað í samfélagi við aðra í sátt og samlyndi
- Bera virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra til að geta átt auðug og gefandi samskipti við einstaklinga óháð aldri, kyni, kynhneigð, þjóðerni, trú og líkamlegu og andlegu atgerfi.
- Öðlast yfirsýn sem gerir einstaklingum kleift að skilja og virða reglur samfélagsins.

Árið 2017 kom út [Stefna um frístundabjónustu í Reykjavík til 2025](#) sem hefur getið af sér nokkur verkefni sem hafa auðgað starfsemi frístundamiðstöðvanna og gefið þeim betri tækifæri til að stuðla að aukinni félagsfærni barna og unglinga. Stefnan fléttast saman við menntastefnuna en meðal verkefna sem þegar hafa verið innleidd á grunni frístundastefnu eru m.a.:

Fagmenntaðir starfsmenn í fullt starf á öll frístundaheimili borgarinnar.

Frístundafræðingarnir starfa með 6-9 ára börnum skv. Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS bæði á starfstíma grunnskóla og frístundaheimila. Áhersla er lögð á að vinna að því að styrkja félagsfærni og sjálfsmynd ásamt því að auka félagslega virkni barna í samstarfi við kennara, annað starfsfólk innan skólans og foreldra.

Aukin áhersla á sértækt hópastarf.

Sett var inn fjármagn til að efla sértækt hópastarf í félagsmiðstöðvastarfi fyrir 10-16 ára börn og unglinga. Markmiðið með sértæku hópastarfi er lang oftast að efla sjálfsmynd og félagslega færni þátttakenda. Undanfarin misseri hefur verið í gangi vinna sem felur í sér að Ársæll Már Arnarsson prófessor við Háskóla Íslands hefur komið að mati á sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðvum Kringlumýrar og Miðbergs. Skoðað var hvort sértækt hópastarf í félagsmiðstöðvum styrki sjálfsmynd unglinga, hvort félagsleg færni unglinga taki framförum, hvort samhygð aukist og hvort líðan unglinga breytist eftir hópastarfið. Niðurstöðurnar hafa sýnt fram á að ávinningur af slíku hópastarfi fyrir þátttakendur hefur verið að andleg líðan batnar, félagsleg færni eykst og vinskapur verður til innan hópanna.

Aukið 10-12 ára starf í félagsmiðstöðvum.

Opnunum fyrir 10-12 ára börn var fjölgað um eina árið 2018 í vetrarstarfinu. Þátttakan hefur aukist við það og líka á sumrin, þar sem áherslan hefur verið að aukast á viku námskeið og hópastarf frekar en einn dag í senn.

Stuðningur í félagsmiðstöðvastarfi.

Frá hausti 2018 hefur verið hægt að óska eftir stuðningi (auka stöðugildi) til þess að taka betur á móti börnum og unglingum sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning til að taka þátt í félagsmiðstöðvastarfinu.

Opið öll föstudagskvöld í félagsmiðstöðvum

Frá hausti 2018 var bætt inn fjármagni til að hafa opið öll föstudagskvöld í félagsmiðstöðvum í staðinn fyrir annað hvert. Samkvæmt þátttökuskráningu jókst þátttaka í félagsmiðstöðvum frá 97.815 heimsóknnum 2018 í 113.881 árið 2019.

Stuðningur við ungmennaráð

Markmiðið er að ráðin geti haldið stórfundi og úthlutað styrkjum til verkefna sem gera unglingum kleift að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.

Hingsegin félagsmiðstöð

Stofnuð árið 2018 með samstarfi frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar og Samtakanna 78.

Öll frístundaheimili starfrækt á sumrin

Frá og með sumri 2018 hafa öll frístundaheimilin verið starfrækt á sumrin og hefur það aukið þátttökuna töluvert. Áður sameinuðust frístundaheimili yfir sumartímann og börnin virtust ekki mæta eins vel í önnur frístundaheimili en sitt eigið. Þau vilja geta gengið að sínum félagahópi sem vísun

Að auki má nefna fjölda verkefna á vegum frístundamiðstöðva sem ætlað er að efla félagsfærni og tengjast menntastefnunni. Einnig að með atvinnuátaksverkefnum og auka starfsfólki sumarið 2020 var sett af stað aukið vettvangsstarf og Flotinn settur af stað sem gerði það að verkum að félagsmiðstöðvastarfið varð öflugra og starfsfólk fór til unglinganna þar sem þeir voru.

Fh. skrifstofu SFS
Fríða Bjarney Jónsdóttir

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)

5. Samantekt á starfsþróun i upplýsingatækni árið 2020

Dags.	Tegund	Tími	Fjöldi
09.01.20	Osmo vinnustofa í Árbæjarskóla.	14:30-16	25
17.01.20	Heimsókn spjaldtölvuteymis Kópavogs.	11-12	5
17.01.20	Leikskólagigg - Félag leikskólakennara í Reykjavík.	16:30-20	20-30
27.01.20	Chromebook og Google fræðsla í Mixtúru fyrir starfsfólk Hvassaleitisskóla.	09-12 og 13-16.	30
29.01.20	Google fræðsla í Hamraskóla.	14-16	28
03.02.20	Opið hús - Möguleikar í Mixtúru x 2	10-12 og 14-16	10
04.02.20	Geðfræðsla fyrir grunnskólakennara.	14-16.	45
- *Skapandi námssamfélag í Breiðholti* - 3 grunnskólar í Breiðholti, Fablab og FB, Háskóli Íslands

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)

Fylgiskjal 11

11. Yfirlit yfir lærdómssamfélög, ráðgjöf, fræðslufundi og fjölbreytt samstarf MML árið 2020

Lærdómssamfélög eru átta til tíu manna hópar sem hittast reglulega í tiltekinn tíma til að rýna störf sín, ræða áskoranir og finna lausnir studdar af raunprófuðum aðferðum. Eftirfarandi lærdómssamfélög voru að störfum á árinu 2020 en þátttakendur voru alls um 80.

- Sérkennslustjórar í leikskólum
- Leikskólakennarar
- Kennarar sem kenna íslensku sem annað tungumál í grunnskólum

Ráðgjöf og eftirfylgd Miðju máls og læsis á árinu var:

Leikskólar

- Ráðgjöf við læsisteymi í leikskólum
- Ráðgjöf við kennara í leikskólum vegna vinnu með málþroska og læsis
- Ráðgjöf við leikskóla vegna mats á málþroska pólsku- filipseyksu- og enskumælandi barna

Ráðgjafi vegna fjöltyngdra leikskólabarna er staðsettur á leikskólaskrifstofu SFS

Grunnskólar

Vegna málþroska og læsis

- Ráðgjöf vegna lestrarkennslu á yngsta stigi
- Ráðgjöf vegna læsiskennslu í 1. til 10. bekk
- Ráðgjöf vegna læsisáætlana
- Ráðgjöf við heilstæð læsisverkefni í hverfum

Vegna fjöltyngdra barna

- Ráðgjöf vegna kennslu fjöltyngdra barna
- Ráðgjöf við skóla vegna móttöku aðlögunar barna af erlendum uppruna og notkunar á stöðumati
- Ráðgjöf vegna Milli mála prófs
- Ráðgjöf og eftirfylgd við starfsfólk á námskeiðinu Lært í gegnum leikinn
- Ráðgjöf fyrir foreldra af erlendum uppruna

Fræðslufundir og fræðsluerindi

Leikskólar

- Fræðsla fyrir sumarliða á leikskólum
- Fræðsla fyrir foreldra um málþroska og læsi
- Fræðsla til leikskóla vegna málörvunar tvítyngdra barna
- Fræðsla á starfsdögum um málþroska og læsi
- Millimenningarfræðsla fyrir leikkennara
- Fræðsla fyrir leikkennara um samskipti við foreldra af erlendum uppruna
- Fræðsla fyrir foreldra fyrsta bekkjar

Lærdómssamfélag kennara

sem kenna íslensku sem annað tungumál

Jafningjafræða kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál. Markmiðið er að u.þ.b átta til tíu manna hópar hittist reglulega og miðli og læri hver af öðrum. Hver hópur hittist fjórum sinnum á átta vikna tímabili, ræðir kennsluna, miðlar árangursríkum aðferðum og verkefnum sín á milli og nýti í starfi sínu. Hópstjórar: ráðgjafar MML Staðsetning hjá MML í Háaleitisskóla/Hvassaleiti Tímalengd: 4x90 mín hvert skipti **Ekkert þátttökugjald**

hópur 1

12. sept. kl. 14:15 - 15:45 Áskoranir í starfi
3. okt. kl. 14:15 - 15:45 Árangurrikar kennsluáðferðir og verkefni
17. okt. kl. 14:15 - 15:45 Árangurrikar kennsluáðferðir og verkefni
14. nóv. kl. 14:15 - 15:45 Samantekt og umræður
[Skráning hér](#)

hópur 2

30. jan. kl. 14:15 - 15:45 Áskoranir í starfi
20. feb. kl. 14:15 - 15:45 Árangurrikar kennsluáðferðir og verkefni
5. mars. kl. 14:15 - 15:45 Árangurrikar kennsluáðferðir og verkefni
2. apríl. kl. 14:15 - 15:45 Samantekt og umræður
[Skráning hér](#)

- Fræðsla um kennsluhætti sem henta fjöltyngdum nemendahópum
- Fræðsla fyrir leikskólaforeldra um íslenskt skólakerfið, mikilvægi lesturs og eflingu málþroska

Grunnskólar

- Námsráðgjafar, samráðsfundir og fræðsla
- Millimenningarfræðsla fyrir grunnskólakennara
- Fræðsla um málstefnu í Hólabrekkuskóla
- Fræðsla fyrir foreldra af erlendum uppruna um, hvernig á að styðja við íslensku og heimanám barna
- Fræðsla fyrir grunnskólakennara um samskipti við foreldra af erlendum uppruna

Frístundastarf

- Fræðsla fyrir frístundastjórnendur og starfsfólk vegna fjölmenningar og mikilvægi íslensku hjá fjöltyngdum börnum
- Fordómafræðsla fyrir frístundastjórnendur og starfsfólk
- Fræðsla fyrir starfsfólk á sumarnámskeiðum, Lært í gegn um leikinn

 **Fræðsla / ráðgjöf í boði Miðja máls og læsis**
Miðja máls og læsis býður öllum leik- og grunnskólum og frístundamiðstöðum upp á fræðslu og ráðgjöf varðandi mál og læsi. Fræðsluna er hægt að sniða að þörfum hvers og eins, s.s. stutt erindi, námskeið, fræðslufundi, vinnufundi og ráðgjöf með eftirfylgd. Fyrirspegnir sendist á mml@reykjavik.is

Hugmyndir:

Bernskulæsi Umræða um málþættina • Þroskabættir • Gæðamálörvun • Bein vinna með mál- og læsiþætti Hvernig á að lesa fyrir börn Samráðslestur Námsfugmyndir (orðaförð, frásagnir, samskipti, hlustun o.fl.) Lýðheilsa.	Læsi og umhverfi Hvað gerir þú í stofunni þinni til að styðja við samskiptafærni í leik- og grunnskóla eða frístund? Íslenskur málþroski út frá íslenskum rannsóknum Umræða um íslenskar rannsóknir á málþroska	Íslenska sem annað tungumál og virkt tvítyng – Leikskóli/grunnskóli/frístund Fræðsla og ráðgjöf sniðin að hverri starfsstöð.
Mál og læsi í grunnskóla Lesfimi, umskráning, lesskilningur, hlustun, ritun, stafsetning, lestrarvandi, framsögn o.fl. Læsi á yngsta- mið- eða unglingastigi Læsi í viðum skilningi	Lestrarþjálfun og lesskilningur á mið- og unglingastigi Leiðir í vinnu með mál og læsi Kennsluhugmyndir	Eflun bókalestu - bókasnakk Leiðir til að kveikja áhuga barna á bókalestri.
Mat á stöðu barna, niðurstöður/úrvinnsla Hvernig lesum við úr niðurstöðum og nýtum þær til gagns?	Dyslexia og tæknin Hvernig má nýta tæknina fyrir nemendur með dyslexiu?	Mál og læsi í frístund í daglegu starfi Rýna nálgun áætlan um viðum skilningi samráðslestu
Mál og læsi leikskólabarna foreldrar/aðstandendur Fræðsla fyrir foreldra, ömmur og afa um málþroska og orðaförð. Að lesa er ekki bara að lesa	Mál og læsi grunnskólabarna foreldrar/aðstandendur Fræðsla fyrir foreldra, ömmur og afa um málþroska og orðaförð. Að lesa er ekki bara að lesa	Spjaldtölur í starfi með mál og læsi Upplýsingar um forrit. Hugmyndir og leiðir.
Lestrarteymi/læsiðeymi Leikskólar, grunnskólar og frístund. Ráðgjöf við uppbyggingu teyma. Hlutverk teyma og verklag.	Læsisáætlanir Leikskólar, grunnskólar og frístund. Ráðgjöf við uppbyggingu áætlana.	Ráðgjöf vegna þróunarstarfs eða samstarfsverkefna þróun samstarfs leikskóla, grunnskóla, milli skólalista og milli skóla og frístunda. Samfella í námi barna 2 til 16 ára.

Þjónustumiðstöðvar

- Fræðslufundir með skólateymum þjónustumiðstöðva
- Fræðslu- og samráðsundir í Grafarvogi og Norðlingaholti, þjónusta til skóla vegna fjöltyngdra nemenda
- fræðslufundir með farateymum

Öll fræðsla byggir á óskum og þörfum starfsstaða hverju sinni

Fjölbreytt samstarf við erlenda og innlenda aðila.

Miðja máls og læsis er í fjölbreyttu samstarfi við innlenda og erlenda aðila sem talið er upp hér fyrir neðan:

- skólaþjónustu þjónustumiðstöðva og farateymi í borginni
- vegna málefna talmeinaþjónustu í Reykjavík, ráðning á starfsfólki og handleiðsla
- NýMið m.a. vegna þýðingar og **talsetningar á myndbönum**
- ráðhús vegna **þýðinga á textum** ætluðum foreldrum, vegna Covid
- Fjölmenningarráð Reykjavíkur og Teymi sérfræðinga í málefnum innflytjenda
- starfsþróunarteymi SSH
- önnur sveitarfélög og sérstaklega við nágretta okkar
- sérfræðinga Menntamálastofnunar
- **MMR** – seta í starfshópum og ráðgjöf við starfshópa
 - sem vinna að málefnum fjöltyngdra barna
 - vegna nýrrar námskrár í ÍSAT
 - starfsþróunar fyrir kennara og frístundastarfsfólk vegna málþroska og læsis

- MVS – Fjarmenttabúðir, erindi á netinu
- LANIS, samstarfsverkefni við námsbraut í talmeinafræði um skimunarlista
- HÍ vegna einingabærs námskeiðs MVS – Gleðin í málinu
- HÍ, sálfræðideild vegna **starfsnema**
- **samtals** við fræðasamfélagið
- samstarf brúarsmiðs við námsbraut í talmeinafræði við HÍ og Háskólann í Gdansk vegna þýðingar á FOCUS skimunarlista yfir á pólsku. Hann er til á fjölmörgum tungumálum
- Háskólar, **kynningar á rannsóknum** á fundum MML
- Elínu Þöll Þórðardóttur varðandi námskeið um Milli mála
- Móðurmál, samtök um tvítýngi
- félag sérkennara – erindi á ráðstefnu
- Ráðstefna í Tallin í samstarfi við HÍ, MML og starf brúarsmiða var þar kynnt
- Erasmus styrkur til að fara í námsferð til Hollands til að kynnast móttöku barna af erlendum uppruna
- Nord+ samstarfshópur á Norðurlöndum vinnur að nýrri [Bildetema](#) síðu
- Fundir Evrópusamtaka talmeinafræðinga
- Samstarf við [ECML](#) vegna námskeiða fyrir kennara í Reykjavík – ekki verið virkt á covid tímum
- Samstarf við Talk for writing kennslumiðstöðina í Bretlandi vegna námskeiðs fyrir kennara í Reykjavík

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)

12. Tillögur Evrópunefndar um skólastarf án aðgreiningar

1. Tryggt verði að allir í skólasamfélaginu líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðamenntunar fyrir alla nemendur. Í þessu skyni þarf að efna til umræðna meðal þeirra sem eiga hagsmuna að gæta á sviði menntamála á landsvísu og í einstökum sveitarfélögum um hvers konar skólar og lærdómssamfélög séu eftirsóknarverð og bestu leiðirnar að því takmarki.
2. Tryggt verði, með hliðsjón af niðurstöðu slíkra umræðna, að löggjöf og stefnumótun á vettvangi ríkis og sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu menntunar án aðgreiningar á grundvelli réttar hvers og eins. Löggjöf og stefnumótun á sviði menntunar án aðgreiningar á öllum skólastigum þarf að byggjast á því að styðja alla nemendur til virkrar þátttöku, örva áhuga þeirra og gefa þeim sem fjölbreyttust tækifæri til náms. Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi.
3. Mörkuð stefna ríkis og sveitarfélaga á sviði menntunar án aðgreiningar verði nýtt til að festa í sessi stjórnunarhætti og gæðastjórnunaraðferðir sem stuðla að árangursríkri framkvæmd á öllum stigum kerfisins. Skýra þarf betur einstök þrep stjórnskipunarinnar, þ.e. vinnuferla og kerfisþætti sem stuðla að samhæðri starfsemi á einstökum skólastigum og hjá starfsfólki menntakerfisins.
4. Til þess að tryggja góðan árangur af framkvæmd markaðrar stefnu á öllum stigum kerfisins verði teknar upp sveigjanlegar reglur um ráðstöfun fjármuna sem auka hæfni kerfisins til að vinna að menntun án aðgreiningar. Í þessu skyni ber að hverfa frá viðbragðsmiðuðum fjárframlögum og leggja þess í stað áherslu á íhlutun og forvarnir, en einnig þarf að endurskoða allar reglur um fjárframlög frá grunni. Leggja ber áherslu á að draga úr formlegum kröfum um greiningu, því að þær hafa leitt til þess að helsta leiðin til að veita nemendum sem eiga í erfiðleikum í námi viðeigandi aðstoð er að flokka þá í samræmi við greinda þörf.
5. Byggt verði upp, bæði í grunnmenntun og á vettvangi faglegrar starfsþróunar, námsframboð fyrir fagfólk sem fellur vel að stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga og áætlunum á sviði skólaþróunar, til þess að allir þeir sem vinna að menntamálum eigi þess kost að tileinka sér árangursrík vinnubrögð á grundvelli stefnu um menntun án aðgreiningar. Í þessu skyni þarf að setja lágmarksviðmið um veitta þjónustu á grundvelli markaðrar stefnu ríkis og sveitarfélaga um menntun án aðgreiningar, öllum þeim til leiðbeiningar sem sinna menntun og þjálfun á þessu sviði. Ætla má að þannig megi tryggja eðlilegt samræmi grunnmenntunar og starfsþróunar og gefa starfsfólki færi á að þroska með sér jákvæð viðhorf og gildi, auk þess að efla þekkingu, skilning og færni allra þeirra sem sinna menntamálum á öllum stigum kerfisins.
6. Aukin verði geta stuðningskerfa á öllum skólastigum til að laga námsumhverfið að menntun án aðgreiningar með heilstæðu framboði á ráðgjöf og stuðningi. Stuðningskerfið verður að taka á misvægi í aðgangi að námi og námsaðstöðu sem rekja má til aldurs og búsetu. Tryggja verður nemendum, aðstandendum þeirra og skólum lágmarksaðstoð óháð búsetu og því hvaða skóla nemendurnir sækja.
7. Eflid verði geta allra sem starfa á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi til að ígrunda og framkvæma dagleg störf sín með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi og til að byggja upp lærdómssamfélög án aðgreiningar. Styðja þarf allt starfsfólk skóla til að taka ábyrgð á því, sem einstaklingar og í sameiningu, að komið sé til móts við þarfir allra nemenda. Kanna þarf enn frekar en gert hefur verið hvernig hægt er að efla sjálfsrýni og þróunarstarf í skólum og skólaþjónustu.

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)

13. Yfirlit yfir þjónustu Velferðarsviðs sem tengist börnum, unglingum og fjölskyldum í borginni

- **Keðjan** – Keðjan er ný starfseining innan velferðarsviðs sem tók til starfa í janúar 2019. Hlutverk hennar er að veita stuðningsþjónustu fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Með tilkomu Keðjunnar er stuðningsþjónusta veitt frá einum starfsstað í stað fimm áður. Aðgengi notenda að þjónustunni er samt sem áður í gegnum þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs.
- **Skahm** – Skammtímadvöl fyrir börn og ungmenni. Markmið skammtímadvalarinnar er að veita börnum og ungmennum með alvarleg hegðunar- og þroskafrávik stuðning, svo að vandi þeirra hafi ekki hamlandi áhrif á þroska þeirra og komi ekki í veg fyrir að þau geti notið skólagöngu eða umgengist önnur börn. Þá geta foreldrar fengið ráðgjöf í skammtímadvölinni um leið og barnið fær þjálfun í félagslegum samskiptum, auk þess sem boðið er upp á sólarhringsdvöl. Þrjú herbergi eru til ráðstöfunar í húsnæðinu og er hægt að bjóða hverju barni upp á dvöl í allt að 14 sólarhringa á mánuði. Starfsfólk fer einnig á heimili barnanna og veitir foreldrum ráðgjöf og í sérstökum tilvikum er mögulegt að bjóða upp á sólarhringsþjónustu á heimilum barnanna. 20 til 30 börn geta fengið ráðgjöf og stuðning á vegum úrræðisins á hverjum tíma.
- **Einstaklingsstuðningur** fyrir börn og ungenni á aldrinum 6-18 ára með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun og njóta frístunda og félagslífs. Stuðningurinn er veittur eftir þörfum hvers og eins.
- **Einstaklingsstuðningur í litlum hópum** fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-18 ára með það markmið að virkja einstaklinga félagslega og til þátttöku í hópi þar sem þeim gefst færi á að æfa sig í samskiptum. Áhersla er á að tengja þau við frístund, félagsmiðstöð eða íþróttastarf í þeirra hverfi.
- **TOM (tilsjón okkar mál)** er málörvunarverkefni þar sem foreldrum er veitt ráðgjöf til að bæta málumhverfi barns sem þarf auka stuðning vegna málþroska. Unnið er með það tungumál sem foreldrar eru sterkastir í og vilja að barnið læri.
- **TOM ráðgjöf:** er stuðningur og ráðgjöf til foreldra um málörvunaraðferðir og uppeldisaðferðir þar sem ráðgjafi kemur vikulega inn á heimili í 4-6 vikur. Í hverri heimsókn kennir ráðgjafi foreldrum gagnlegar og einfaldar aðferðir til þess að bæta málumhverfi barns
- **Morgunátak:** Samstarfsverkefni Keðjunnar, Barnaverndar, skólaþjónustu og grunnskóla borgarinnar sem miðar að því að styðja við þau börn og fjölskyldur þar sem erfiðleika eru með skólasókn barns.
- **Unglingasmiðjurnar, Tröð í Gerðubergi, Stígur í Borgartúni, Unglingabráin í Borgartúni og Helgarsmiðjan í Bæjarflöt.** Tröð og Stígur veita unglingum á aldrinum 13 -16 ára þjónustu. Markmiðið er að efla jákvæða sjálfsmynd og færni í félagslegum samskiptum, styðja við sjálfstæði einstaklingsins og valdeflingu. Þjónustan fer fram í formi vikulegs hópastarfs. Unglingabráin er fyrir ungmenni 16-18 ára en flestir hafa nýtt sér starfið í Unglingasmiðjunum og óska eftir áframhaldandi stuðningi og hvatningu. Stuðningurinn er í formi hópastarfs sem hittist vikulega. Helgarsmiðjan er fyrir börn og ungmenni á aldrinum 10-18 ára sem greinst hafa með fötlun/raskanir sem standa þeim fyrir þrifum í félagsstarfi og samskiptum. Markmiðið er að auka félagslega færni, efla sjálfstjórn og styrkjajákvæða eiginleika og hæfileika. Hvert barn/ungmenni fær þjónustu eina helgi í viku frá kl. 12:30-19:30 laugardag og sunnudag.

- *Klókir krakkar* er námskeið ætlað börnum á aldrinum 8-12 ára með kvíðaraskanir og foreldrum þeirra. Um er að ræða gagnreynda hugræna atferlismeðferð í hópi. Námskeiðið er í 10 skipti, ein og hálf klst. í senn með heimavinnu á milli funda.
- *Haltu kúlinu* er námskeið ætlað börnum á aldrinum 13-18 ára með kvíðaraskanir og foreldrum þeirra. Um er að ræða gagnreynda hugræna atferlismeðferð í hópi. Námskeiðið er í 10 skipti, ein og hálf klst. í senn með heimavinnu á milli funda.
- *Peers* er gagnreynt úrræði ætlað börnum og ungmennum á aldrinum 11-18 ára með slaka félagsfærni. Börnin og ungenninn mæta ásamt forráðamönnum einn og hálfa klst. í senn í 14 skipti með heimavinnu á milli funda.
- *Kartaflan* er námskeið ætlað unglingum á aldrinum 13-15 ára sem glíma við vægan tilfinningavanda. Úrræði byggir á grunnæfingum í núvitund, hugrænni atferlismeðferð og virkniþjálfun. Hópurinn hittist tvisvar í viku fyrstu tvær vikurnar og svo vikulega eftir það í samtals átta sinnum yfir sex vikna tímabil.
- *PMTO foreldrafærni* (Parent Management Training Oregon): Úrræði fyrir foreldra barna á aldrinum 4-12 ára sem felur í sér vinnu með ákveðna grunnþætti í því skyni að stuðla að jákvæðri hegðun barns og draga úr hegðunarvanda. Foreldrar fá þjálfun í gagnlegum aðferðum með áherslu á skýr fyrirmæli, vinnu með tilfinningastjórn, tengsl heimilis og skóla og samskiptatækni. PMTO er veitt í formi a) einstaklingsmeðferðar fyrir foreldra með vikulegum viðtölum í 20-25 skipti, b) hópmeðferðar þar sem hópur foreldra hittist vikulega í eina og hálfa klst. í 14 skipti c) foreldranámskeiða þar sem hópur foreldra mæta vikulega í tvo og hálfa klst. í senn í 8 vikur. Hvaða form PMTO er valið fer eftir því hvort hegðunarvandinn er talinn vera vægur, í áhættu á að verða mikill eða er mikill og víðtækur.
- *SPARE* (Strengthening, Parenting Among Refugees in Europe) er ætlað að ýta undir bætta aðlögun og velgengni fjölskyldunnar í nýju landi og draga úr eða koma í veg fyrir hegðunarerfiðleika og tilfinningalegan vanda barnanna. SPARE byggir á PMTO aðferðinni þar sem unnið er með ákveðin foreldraverkfæri sem sannreynt er að séu árangursrík í uppeldi. Foreldrar hittast einu sinni í viku í tvær klst. í senn í 12 vikur með heimaverkefni á milli funda. Með PMTO ráðgjöfum starfa tveir millimenningarmiðlarar sem byggja brú á milli þeirra og foreldra með því að túlka og miðla upplýsingum á tungumáli foreldra.
- **TINNA** stuðningur við einstæða foreldra og börn þeirra. Meginmarkmið er að bjóða upp á heildstæða þjónustu ólíkra aðila innan velferðar, heilbrigðis og menntakerfis sem stuðlar að bættum lífsgæðum foreldra og barna. Áhersla er á virkni, menntun og atvinnuþátttöku foreldra og styðja og hvetja börn til aukinnar þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Markhópurinn eru foreldrar sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður.
- Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2019-2023 ber yfirskriftina Jöfn tækifæri til að láta drauma rætast sem kallast á við Menntastefnu Reykjavíkurborgar og aðra stefnumörkun borgarinnar í málefnum barna, svo sem forvarnaráætlun. Hlutverk Barnaverndar er að stuðla að því að öll börn hafi jöfn tækifæri til að láta drauma sína rætast. Í því felst að veita börnum og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning til að nýta styrkleika sína. Framkvæmdaáætlunin byggir á fimm áhersluverkefnum og fjölda aðgerða sem styðja við hvert áhersluverkefni. Framtíðarsýnin er að þjónusta við börn í Reykjavíkurborg einkennist af samvinnu allra aðila um forvarnir og snemmtæka þjónustu á vettvangi barna með hagsmuni þeirra að leiðarljósi

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)

14. Samstarfs- og styrktarsamningur SFS og RÚV

Skóla – og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 (hér eftir nefnt SFS) og Ríkisútvarpið ohf., kt. 600307-0450 (hér eftir nefnt RÚV), gera með sér svofelldan

Samstarfs- og styrktarsamningur

1.gr

Markmið

Markmið samnings þessa er að styðja við unglingalýðræði og skapa vettvang fyrir raddir unglunga í íslensku samfélagi.

UngRÚV er þjónusta við ungt fólk þvert á miðla RÚV. UngRÚV er hluti af RÚV núll - þjónustu RÚV við ungmenni á aldrinum 13-20 ára. Samningurinn er fram settur sem styrkur til að treysta rekstrargrundvöll og starfsemi UngRÚV. Markmið samstarfs RÚV og SFS er að unglingar í 8., 9. og 10. bekk í Reykjavík fái tækifæri til að þróa og taka þátt í verkefnum UngRÚV þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og mismunandi hæfileika samfélagsins.

2. gr.

Réttindi

RÚV fer með ótakmarkaðan og ótímabundinn rétt á öllu því efni, sem miðlað er á UngRÚV, bæði hérlandis sem erlendis. Rétturinn gildir jafnt um einstök atriði í þjónustu UngRÚV sem og miðla UngRÚV í heild.

3. gr.

Framlag RÚV

Framlag RÚV skv. samningi þessum er eftirfarandi :

- RÚV þróar vefsýnvarpsefni fyrir ungt fólk (8., 9. og 10. bekkina), í samstarfi við SFS.
- RÚV leggur til tækja- og tæknibúnað til að streyma frá að minnsta kosti þremur unglingaviðburðum á vegum SFS á gildistíma samnings þessa.
- RÚV leggur til grundvallar miðil (UngRÚV/RÚV núll) þar sem unglingum gefst tækifæri til að koma á framfæri eigin framleiðslu, t.a.m stuttmyndum, videobloggi, jafningjafræðslu, tískubloggi o.fl.
- Námskeið í tækni- og dagskrárgerð haldið árlega á vegum RÚV, þar sem um tuttugu reykvískum unglingum, ásamt jafnöldrum þeirra annars staðar af landinu, er boðið að taka þátt. Fyrirkomulag námskeiðs skál ákveðið í samráði við SFS ár hvert.

- RÚV gefur ungu tæknifólki möguleika á að taka þátt í framleiðslu á efni fyrir UngRÚV og RÚV núll, að undangengnu námskeiði skv. samningi þessum.
- Sérstakt teymi skipað lykilfólki UngRÚV og aðilum í samstarfi við UngRÚV þar sem reglulega eru rædd og ákvörðuð verkefni UngRÚV, nýjar hugmyndir að verkefnum og útfærsla þeirra - í samráði við dagskrárstjóra RÚV.
- Auka sýnileika unglunga í línulegri dagskrá á RÚV - jafnt í almennri dagskrá sem og sérstakri þáttagerð
- Myndræn skrásetning á skólaheimsóknum viku fyrir Skrekk, þremur vefútsendingum af undanúrslitum og beinni útsendingu af úrslitakvöldi.
- Gæta skal trúnaðar gagnvart málefnum barna og skal tryggt að aflað sé samþykkis forsjáraðila þegar við á.

4. gr.

Framlag SFS

Framlag SFS skv. samningi þessum er eftirfarandi:

- SFS styrkir RÚV um alls kr. 14.169.000,- á samningstímanum.
- Greiðslur skulu inntar af hendi sem hér segir:

1	15.9.2020	2.024.143
2	15.1.2021	2.024.143
3	15.5.2021	2.024.143
4	15.9.2021	2.024.143
5	15.1.2022	2.024.143
6	15.5.2022	2.024.143
7	15.9.2022	2.024.142

- Allar upphæðir eru undanskyldar virðisaukaskatti, en ekki er um virðisaukaskattskylda starfsemi að ræða.
- Verkefnastjóri Barnamenningar SFS sér um samstarf og er tengiliður við RÚV / UngRÚV fyrir hönd SFS.
- Ekki er um frekari greiðslur að ræða af hálfu SFS skv. samningi þessum.
- Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

5. gr

Gildstími samnings

Gildistími samnings þessa er frá undirritun til 31. desember 2022. Fellur samningurinn þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með 3 mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðamót.

6. gr.

Vanefndir, reglur o.fl

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hefur ofgreitt styrkfjárhæð af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka, mun sviðið lækka styrkfjárhæð til RÚV við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum skv. samningnum af hálfu annars hvors samningsaðila er gagnaðila heimilt að rifta samningnum, þ.m.t. afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu, án frekari fyrirvara eða aðvarana. Áður en til riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests, sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar.

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki og skal geta þess í kynningarefni RÚV að stofnunin njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

Skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki skulu þeir, sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, skila kyngreindum gögnum um þá, sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinna þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik>.

Skv. mannréttindastefnu borgarinnar eru styrkir borgarinnar bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunun og að jafnrétti. Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar getur kafið viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.

7. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð og framsal

Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á verkefnum sem unnin verða á grundvelli styrksins.

Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

7. gr.

Varnarþing o.fl.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsins skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, x. xx 2020

F.h. RÚV / UngRÚV

F.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Skarphéðinn Guðmundsson

Helgi Grímsson

Vottar að rétttri dags. og undirritun

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)

15. Yfirlit á búnaðarkaupum 2019 og 2020

Búnaður 2019 - Endurnýjun stóla fyrir börn leikskóla	
Starfsstaður	Fjöldi og búnaður
Langholt	70 stólar
Stakkaborg	40 stólar
Borg	100 stólar
Bakkaborg	94 stólar
Ártúnsskóli	40 stólar
Kvistaborg	62 stólar
Ösp	48 stólar
Steinahlíð	9 stólar

Tækjapottur 2019	
Starfsstaður	Fjöldi og búnaður
Reynisholt	þurrkari
Dalskóli	þurrkari
Hlíð	þvottavél
Rofaborg	þvottavél
Vinagerði	ískkápur
Vinagerði	þurrkari
Norðlingaskóli	30 borð og stólar
Hlíðaskóli	45 borð og 55 stólar
Laugarnesskóli	hitaborð í mótuneyti og 20 borð og stólar.
Seljaskóli	bætt vinnuaðstaða starfsmanna
Ölduselsskóli	20 borð og stólar

Búnaður 2020

Sér fjármagn sett inn til að endurnýja búnað. (Ennþá í vinnslu)

Endurnýjun á starfsmannabúnaði leikskóla.

- Skrifborðsstólar fyrir leikskóla, 207stk.
- Kollar fyrir starfsmenn leikskóla, 239stk.

Endurnýjun á nemendabúnaði grunnskóla:

- Seljaskóla, 8 nemendaborð, 223 stólar og 8 skilrúm.
- Norðlingaskóla, 30 nemendaborð og hæðastillanlega stóla fyrir unglingadeild,
- Norðanverður Grafarvogur, enn í vinnslu hjá stjórnendum.
- Hagaskóli, 312 borð og stólar.
- Austurbæjarskóli, 262 stólar, 150 eins manna borð og 56 tveggja manna borð.
- Háteigsskóli, 222 borð og stólar.
- Álftamýrarskóli, 276 borð og stólar.

- Ölduselsskóli, 240 borð og stólar.
- Ingunnarskóli, 160 stólar og 40 borð.
- Foldaskóli, 100 borð og stólar.
- Rimaskóli, 235 borð og stólar.

Tækjapottur

- Engjaborg, endurnýjun á ofni mötuneytis
- Langholtsskóli, 50 stólar, 35 borð og skjálausnir.
- Laugarnesskóli, 35 stólar
- Fálkaborg, endurnýjun frystiskáps

Prentarar (styrkur úr tækjapotti, 50%)

- Laugalækjarskóli
- Langholtsskóli
- Árbæjarskóli
- Hagaskóli
- Foldaskóli

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)

16. Breytingar á húsnæði SFS árin 2019 og 2020

Grunnskólar 2019

Vesturbæjarskóli, viðbygging.

- Viðbygging er á 3 hæðum og 1333 fermetrar.
 - 1. hæð – tónlistarkennsla, kennslustofur, mötuneyti og fjölnota salur.
 - 2. hæð – kennslustofur og hóprými.
 - 3. hæð – gróðurhús og þakgarður.
- Breytingar innanhúss voru einnig breytingar á leikfimisal og kaffistofa starfsmanna stækkuð.

Klettaskóli, viðbygging.

- Íþróttasalur og sundaðstaða
- Hátíðar- og matsalur
- Stjórnunaráлма
- Félagsmiðstöð

Fossvogsskóli

- skólinn endurnýjaður að stórum hluta og jafnframt breytingar gerðar á húsnæði
- Nýtt þak á tvær af þremur byggingum loftræstisamstæður og endurnýjaðar.

Breiðholtsskóli

- Álma 1. -4. bekkjar endurnýjuð.

Seljaskóli

- Stórar lagfæringar og breytingar í kjölfar bruna.
- Skipt um þök
- Breytingar á stofum og rýmum svo það henti nútíma starfháttum

Hólabrekkuskóli

- Endurnýjun mötuneytis
- Nýjar innréttingar, tæki og gólfefni
- Endurnýjun á salernum nemenda

Endurnýjun skólalóða

- Ártúnsskóli, áfangi 1 af 2.
- Grandaskóli áfangi 2 af 2.
- Háteigsskóli áfangi 1 af 1.
- Rimaskóli áfangi 1 af 2.

Smærri endurbætur á húsnæði

Grandaskóli, fjarlægja vegg í bókasafni.

Grandaskóli, fjarlægja vegg í kennarastofu

Klettaskóli, skipta einu rými í tvö

Vesturbæjarskóli, opna milli skólastofa og setja hurð

Endurnýjun á kennslueldhúsi Fellaskóla

Hljóðvist lagfærð í nokkrum skólum

Fellaskóli, endurnýjun salerna nemenda

Skólahljómsveit Grafavogs, kennsluaðstæður bættar.

Skólahljómsveit Breiðholts, starfsmannaaðstaða bætt.

Vogaskóli, hljóðvist lagfærð í skrifstofum og kennslurýmum tengd sal.

Norðlingaskóli, gang og anddyri bætt utan á Norðlingabraut 4.

Fellaskóli, kjallari lagfærður að stórum hluta fyrir kennslu.

Færanlegar stofur

- Breiðagerðisskóli, 3 færanlegar stofur.
- Háteigsskóli, 2 færanlegar stofur.

Frístundamiðstöðvar 2019

Félagsmiðstöðin 100og1/Spennistöðin, endurbætur á hitakerfi

Félagsmiðstöðin 100og1/Spennistöðin, millilofti komið fyrir og bætt aðstaða með fjölnota rýmum.

Frístundaheimilið Halastjarnan, Háteigsskóla endurbætur á eldhúsinnréttingu, færanleg stofa á lóð.

Frístundaheimilið Regnbogaland í Foldaskóla búið að endurnýja nánast allt í rýminu fyrir utan innihurðir: Gólfefni – innréttingar- lýsingu og kerfisloft.

Fellaskóli, gömul járnsmíðastofa breytt í félagsmiðstöðvarrymi.

Frístundaheimilið Tígrisbær við Rimaskóla, endurnýjun á leiksvæði.

Ársel, frístundamiðstöð

- Stétt fyrir framan aðalinngang lagfærð – stærra viðhald.
- Loft tekin niður í hluta af Tíunni – stærra viðhald.
- Drenlögn hreinsuð – dugar ekki til að þurrka kjallara.
- Málun að hluta innanhús.

Frístundaheimilið Álftabær

- Salerni tekin í gegn á neðri hæð Safamýri 28 og bætt við starfsmannasalerni.
- Settur upp veggur til að búa til geymslu fyrir Birtu sem er úrræði fyrir börn með stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd.
- Settar voru niður gúmmímottur á leiksvæði Álftabæjar þar sem það var að eyðileggjast.

Félagsmiðstöðin Tónabær

- Skipt var um loftplötur í Tónabæ og mygla fjarlægð.
- Settur var upp veggur til að aðgreina skrifstofur frá leikrými.

Frístundaheimilið Gulahlíð, lóðin var endurnýjuð.

Frístundaheimilið Neðstaland - Grafið frá rými í kjallara Fossvogsskóla „Geimstöðinni“

- Settir voru gluggar
- Dúkur endurnýjaður
- Hljóðvist löguð

Grunnskólar 2020

Dalskóli, ný skólabygging

Endurnýjun skólalóða

- Brúarskóli áfangi 2 af 2.
- Ártúnsskóli áfangi 2 af 2.
- Rimaskóli áfangi 2 af 2.

Endurbætur í mötuneytum

- Laugalækjarskóli, nýr pottur
- Norðlingaskóli, uppþvottalína færð, nýjar innréttingar og komið fyrir kæli og frystiklefa.
- Vogaskóli, rist og endurnýjun á ofni.
- Hvassaleitisskóli, endurnýjun á ofni.
- Ingunnarskóli, endurnýjun á ofni.
- Melaskóli, endurnýjun á eldavél og hitaskáp.

Endurbætur á húsnæði

Árbæjarskóli: Opna milli kennslustofa og brunakerfi bætt.

Hólabrekkuskóli, endurnýjun salerna nemenda

Fellaskóli, endurnýjun salerna nemenda

Breiðholtsskóli, endurnýjun salerna nemenda

Ölduselsskóli, endurnýjun salerna nemenda

Álftamýrarskóli, salerni nemenda endurnýjuð

Ingunnarskóli, breytingar á opnum rýmum.

Seljaskóli, skólinn kláraður eftir brunann.

Hamraskóli, opnun á kaffistofu kennara

Foldaskóli, skrifstofu skipt í tvö rými.

Rimaskóli, glerveggir við skrifstofurými ritara

Borgaskóli, mikið gert vegna breytinga í skólanum.

- Bókasafn gert að upplýsingaveri.
- Kaffistofa kennara, tekið niður veggi og fl.

Víkurskóli, mikið gert vegna breytinga í skólanum.

- Bókasafn gert að upplýsingaveri.
- Útbúið nýsköpunarrými.

Engjaskóli - mikið gert vegna breytinga í skólanum.

- Bókasafn gert að upplýsingaveri.
- Fundaraðstaða útbúin inn af kaffistofu kennara.

Ingunnarskóli, kennslustofur stúkaðar af með glerveggjum.

Færanlegar stofur

- Laugarnesskóli, 2 færanlegar stofur.
- Langholtsskóli, færanleg stofa.

Frístundamiðstöðvar 2020

Fókus félagsmiðstöð (Sæmundarskóli), færanleg stofa fyrir félagsmiðstöð.

Frístundaheimilið Hvergiland, í Borgaskóla tösku og skóhillur í anddyri.

Frístundaheimilið Tígrísbær við Rimaskóla, nýtt mötuneytishús og skrifstofur.

Félagsmiðstöðin Tónabær, verið er að setja upp nýtt loftræstikerfi.

Brosbær

- Breytingar á eldhúsinnréttingu.
- Tösku og skóhillur í nýtt rými sem við fengum vegna skipulagsbreytinga.

Frístundaheimilið Simbað Sæfari í Hamraskóla, verið er að skipta út og eða laga loftræstikerfið í skólanum og rými Simbað.

Ársel, Töfrasel og Tían

- Í vinnslu að flytja þvottahús og ræstikompú í húsinu.
- Endurnýjun á eldhúsi Tíunnar
- Sauna rifin í burtu – í vinnslu að byggja upp ræstiaðstöðu og þvottahús.
- Komið fyrir nýrri ruslageymslu við húsið, minni og aðgengilegri. Ruslageymslu breytt í hjólageymslu.

Frístundaheimilið Fjósið við Sæmundarskóla, settur upp milli veggur til að búa til vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk.

Félagsmiðstöðin Fókus v. Kirkjustétt

- Uppsetning á tveim veggjum til að útbúa vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk auk tveggja rýma fyrir litla hóp s.s. hljóðvinnsla og minni klúbbafundir.
- Uppsetning á skápum í tengslum við lagfæringar á salerni.

Frístundaheimilið Skýjaborgir við Vesturbæjarskóla, húsnæði mikið endurnýjað og breytt.

Frístundaheimilið Undraland við Grandaskóla, færanleg stofa og lagfæringar á eldri stofu (opnun milli stofanna, málun o.þ.h.) .

Frístundaheimilið Draumaland við Austurbæjarskóla, geymsluskúr komið fyrir á lóð og pallur settur niður við stofurnar á lóð.

Frístundaheimilið Halastjarnan, lagfæringar á húsnæði í færanlegum stofum

- Lagfæra gólf í Hvíta húsinu.
- Skipta um dúka á stórum hluta í færanlegu stofunum
- Lagfæra loft í tengibyggingum

Frístundamiðstöðin Miðberg, aðstaða vegna forstöðumanna félagsmiðstöðva og frístundaheimila lagfærð í öllum skólum hverfisins til að tryggja þeim góða vinnuaðstöðu nær vettvangi.

Leikskólar 2019

Suðurborg, viðbygging vegna bættrar starfsmanna og kennsluaðstöðu.

Endurnýjun leikskólamötuneyta

- Blásalir, endurnýjun á innréttingum og tækjum.
- Árborg, endurnýjun á öllu í kjölfar bruna. Lagfært og bætt í leiðinni.
- Hraunborg, setja nýjar innréttingar og skipta út uppbvottavél og helluborði.
- Hlíð, Eskihlíð, setja nýjar innréttingar og skipta út uppbvottavél og helluborði.
- Stakkaborg, setja nýjar innréttingar og skipta út helluborði.
- Laugasól, setja nýjar innréttingar og skipta út ofni, uppbvottavél og helluborði.
- Kvistaborg, endurnýjun á ofni.

Ungbarnadeildir, lóð og innanhúsbreytingar (7 deildir)

- Bakkaborg
- Drafnarsteinn
- Furuskógur
- Hlíð
- Hulduheimar
- Maríuborg
- Jöklaborg, færanlegar stofur

Lagfæra starfsmannaaðstöðu á leikskólum

- Lyngheimar, bætt við starfsmannasalerni.
- Holt, kaffistofa stækkuð og bætt við salerni starfsmanna.
- Bakkaborg, innrétting á kaffistofu.

Endurnýjun á lóðum

- Seljaborg áfangi 2 af 2.
- Seljakot áfangi 1 af 1.
- Kvistaborg áfangi 2 af 2.
- Hlíð, Sóhlíð áfangi 2 af 2.
- Ægisborg áfangi 1 af 2.
- Bjartahlíð átak nr. 1.
- Drafnarsteinn átak nr. 1.
- Múlaborg – átak nr. 1
- Engjaborg átak nr. 1
- Litla holt - átak nr. 1
- Hulduheimar - átak nr. 1.

Færanlegar stofur á lóð

- Jöklaborg, tvær færanlegar stofur á lóð. Nýjar leikskóladeildir.
- Seljakot, tvær færanlegar stofur á lóð. Nýjar leikskóladeildir.
- Hof, færanleg stofa á lóð. Ný leikskóladeild.

Endurbætur á húsnæði

Drafnarsteinn, Drafnarborg, endurbætur á listakrók.

Gullborg, endurbætur á listakrók.

Gullborg, gólfhitakerfi sett í Grænudeild.

Hagaborg, endurbætur á leikfangageymslu, smábreytingar gerðar á vegg, hurðum og hillum.

Sóhlíð, starfsmannasalerni bætt við.

Mánagarður, stækkun á leikskóla og uppfærsla á eldhúsi gerð í leiðinni.

Nóaborg, deild færð frá færanlegri stofu og inn í hús. Bætt starfsmannaaðstaða.

Leikskólar 2020

Seljakot, viðbygging vegna nýrra deilda, bætt starfsmannaaðstaða og mötuneyti.

Endurnýjun leikskólamötuneyta

- Engjaborg, endurnýjun á upppvottavél og borð
- Seljaborg, endurnýjun á upppvottavél
- Steinhlið, kæliklefi tekinn niður og kælikápur kom í staðinn.
- Vesturborg, endurnýjun á ofni.
- Hólaborg, endurnýjun á ofni.
- Hönnun á mötuneytum í leikskólunum:
 - Lyngheimum
 - Rauðhól (við Norðlingaskóla)
 - Sólborg

Ungbarnadeildir, breytingar á lóðum og innanhús

- Heiðarborg
- Suðurborg
- Lyngheimar
- Klambrar
- Jörfi
- Langholt
- Rofaborg
- Dalskóli²
- Stakkaborg
- Berg

Endurnýjun á lóðum

- Ægisborg áfangi 2 af 2.
- Klambrar áfangi 1 af 2.
- Langholt, Sunnuborg átak nr. 2
- Furuskógur, Furuborg áfangi 1 af 1.
- Garðaborg áfangi 2 af 2.
- Holt, litla holt átak nr. 2.
- Fífuborg átak nr. 1.
- Klettaborg átak nr. 1.
- Engjaborg átak nr. 1.
- Lyngheimar átak nr. 1.
- Nes átak nr. 1.
- Geislabaugur átak nr. 2.

Lagfæra starfsmannaaðstöðu á leikskólum

- Jöklaborg, kaffistofa stækkuð, undirbúningsrými og fundarrými komið fyrir.
- Stakkaborg, kaffistofa og undirbúningsrými stækkað.
- Langholt
- Klambrar, bætt við starfsmanna salerni og innrétting á kaffistofu.
- Rofaborg, kaffistofa stækkuð og innréttingu komið fyrir.
- Kvistaborg, færanleg stofa með kaffistofu og undirbúning.

Endurbætur á húsnæði

Fífuborg, milliveggur með hurð í anddyri til að stöðva kulda frá útihurðum inn á skrifstofur. - ný þvottahúsinnrétting.

Klettaborg, endurnýjun á starfsmannasalerni, upphengd vaskinnrétting með borðplötu og tveimur stórum skúffum, veggspjall með ljósi, upphengt salerni og hár skápur fyrir hreingerningadót.

Lyngheimar, ný þvottahúsinnrétting – bætt við starfsmannasalerni.

Laufskálar, ný þvottahúsinnrétting.

Ösp, endurnýjun á salerni barna.

Hlíð, Hlíðaborg, gólfhitakerfi sett í Baulu og matsal.

Stakkaborg, endurbætur innanhúss á minna húsi.

Hönnun og undirbúningur fyrir 2021

- Miðborg
- Kvistaborg
- Funaborg
- Hof
- Kleppsvegur
- Safamýri
- Markaðskönnun
- Vogabyggð
- Skerjafjörður
- Gullborg
- Rauðhóll
- Fífuborg
- Lyngheimar
- Hraunborg, prufuverkefni með innanhússhönnun.

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)

Fylgiskjal 17

17. Fjölgun í grunnnám á Menntavísindasviði

Fjölgun í grunnnám á MVS Fyrir skólaárið 2020-21 fjölgaði umsóknum í grunnnám á MVS um 32% m.v. árið á undan. Alls bárust 980 umsóknir í grunnnám. Fjölgun varð í öllum deildum, sjá nánar fksj. 94% fjölgun umsókna varð í Deild kennslu - og menntunarfræði (úr 148-287), þar af 72% fjölgun í leikskólakennaranám og 76% fjölgun í hópi þeirra sem velja kennslufræði yngri barna. Í Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda er 30% heildarfjölgun (úr 181-286), um 49% fjölgun í tómstunda- og félagsmálafræði, 19% í íþróttar- og heilsufræði og 140% fjölgun í heilsueflingu og heimilisfræði (úr 5-12). Í Deild faggreinakennslu er 13% fjölgun umsókna milli ára (úr 218-246), en þar varð mikil fjölgun umsókna einnig árið 2019. Ánægjulegt er að sjá að mesta fjölgunin er á kjörsviðum list- og verkgreina (68% úr 22-37), í samfélagsgreinakennslu og í upplýsingatækni (100%, úr 4-8). Í Deild menntunar og margbreytileika er 9% fjölgun umsókna í heildina, þar af 36% fjölgun í grunnnám í uppeldis- og menntunarfræði. Nánar er hægt að skoða umfjöllun um samstarf SFS og MVS, aðsókn í opin námskeið og einingabær í [skýrslu um samstarf sviðanna tveggja](#).

[Fara aftur upp í skýrsluna](#)